



# Að störfum í Alþjóðabankanum

Jónas H. Haralz

*JEL flokkun: G21, G28, N16, N26, N46*

*Lykil hugtök: Alþjóðabankinn, Suður-Ameríka, efnahagsmál, hagsaga, gengisstýring.*

## 1. Vestur um haf

Í byrjun júlímánaðar 1950 hélt ég til Bandaríkjanna til þess að taka við störfum hjá Alþjóðabankanum í Washington. Ég hafði þá um fimm ára skeið, eða allt frá því að ég kom frá námi í Svíþjóð sumarið 1945, starfað hjá þeim stofnunum hér á landi er fjalla skyldu um skipulag og stjórn efnahagsmála, fyrst Nýbyggingarráði 1945 til 1947, og þar á eftir Fjárhagsráði. Ég hafði ekki verið ánægður í þessum störfum. Ég var í vaxandi mæli ósammála þeirri stefnu sem fylgt var í efnahagsmálum landsins og þessi ráð áttu að sjá um að framkvæma. Enn fremur voru störf mín og annarra hagfræðinga og viðskiptafræðinga sem við þessar stofnanir unnu ekki fólgin í hagfræðilegum athugunum og stefnumótun nema að litlu leyti, heldur voru þau skrifstofustörf í umfangsmiklu skömmtunarkerfi. Ég hafði upphaflega hugsað mér að starfa aðeins skamma hríð hér á landi til þess að afla mér starfsreynslu og þekkingar á íslenskum aðstæðum, en leita þar á eftir framhaldsmenntunar erlendis. Af þessu hafði þó ekki orðið af ýmsum ástæðum. Nú hafði ég fengið ærna starfsreynslu hér á landi, var vel kunnugur heimildum um íslensk efnahagsmál, hafði tekið þátt í athugunum og tillögugerð um þau mál, og sömuleiðis, sem mest var um vert, þróað með mér skoðanir sem voru að verulegu leyti frábrugðnar þeim sem ég hafði áður. Ég hafði einnig dvalist um hálfis árs skeið í Stokkhólmi árið 1949, þar sem ég hafði áður stundað nám, og kynnst þar þeim breytingum á skoðunum og afstöðu sem orðið höfðu frá styrjaldarlokum, en það varð til að styrkja þau nýju viðhorf sem ég hafði verið að nálgast árin á undan.

Það var sem sé kominn tími til þess að skipta um starf og umhverfi, leita fanga á nýjum miðum og taka út meiri þroska. Það lá hins vegar ekki ljóst fyrir hvaða leið skyldi fara í því efni, og hugmyndin um að leita á vit alþjóðastofnana kom ekki til sögunnar fyrr en ég kynntist Benjamín Eiríkssyni þegar hann dvaldist hér á landi sumarið 1949 við skýrslugerð á vegum ríkisstjórnarinnar. Ég hafði þá árið á undan unnið að því í hjáverkum að leita uppi og búa í haginn ýmsar efnahagslegar upplýsingar vegna þátttöku Íslands í Marshall-aðstoðinni. Var þetta gert fyrir tilstilli vinar míns Þórhalls Ásgeirssonar en hann annaðist samskipti vegna Marshall-aðstoðarinnar sem ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins. Ekki voru allar þessar upplýsingar byggðar á traustum grunni, og ég hafði meira að segja gerst svo djarfur vorið 1949 að setja saman yfirlit í formi þjóðhagsreikninga. Benjamín leitaði nú til mín um ýmsar upplýsingar vegna skýrslugerðar sinnar. Voru það fyrstu kynni okkar, en við höfðum farist á mis í Svíþjóð árið 1938 þegar ég kom þangað til náms um haustið en hann hafði snúið heim til Íslands um vorið. Um þessar mundir var Benjamín eini íslenski hagfræðingurinn sem starfaði hjá alþjóðastofnun, en hann hafði að loknu doktorsnámi við

Harvard háskóla gerst starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar sjóðurinn tók til starfa árið 1945. Orðaði Benjamín það fljótlega við mig að ég leitaði eftir starfi hjá systurstofnun sjóðsins, Alþjóðabankanum, sem þá var vaxandi stofnun. Um sama leyti kom hingað í stutta heimsókn á vegum bandarísku Marshall-stofnunarinnar hagfræðingur að nafni E. Harrison Clark, sem í raun var einn af helstu starfsmönnum hagfræðideildar Alþjóðabankans. Kom það í minn hlut að eiga við hann viðræður ásamt Þórhalli Ásgeirssyni um þær efnahagslegu upplýsingar sem látnar höfðu verið í té vegna Marshall-aðstoðarinnar. Mun Benjamín hafa fært hugsanlegan áhuga minn fyrir starfi við Alþjóðabankann í tal við Harrison Clark, en kynni hans af mér, þótt lítil væru, komu í góðar þarfir þegar ég sótti um slíkt starf í ársbyrjun 1950.

Alþjóðabankinn valdi starfsmenn sína eftir hæfnismati, jafnframt því sem leitast var við að starfslíð kæmi frá sem flestum aðildarlöndum. Einnig þurfti samþykki stjórnvalda heimalandsins fyrir ráðningum. Mér var því nauðsynlegt að leita stuðnings íslenskra yfirvalda um leið og ég sótti um starf beint til bankans. Færði ég þetta fyrst í tal við fulltrúa Íslands í yfirstjórn Alþjóðabankans, sem þá var Jón Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands. Jón þekkti ég frá setu minni í bankaráði Landsbankans frá 1946. Hitti ég hann ásamt Sigríði eiginkonu hans er þau voru stödd í Stokkhólmi síðsumars 1949, og tók Jón málaleitan minni vel. Þegar ég var kominn aftur heim til Íslands í desember og Ólafur Thors var orðinn forsætisráðherra í minnihlutastjórn sinni bar ég erindið upp við hann í símaviðtali. Tók hann því vel, en vísaði mér á að ræða málið við Bjarna Benediktsson sem var utanríkisráðherra í stjórninni. Bjarna hafði ég aldrei hitt þegar þetta var, en á hann var litið um þessar mundir sem harðasta andstæðing sósíalista, en fyrir þann flokk hafði ég verið í framboði við bæði borgarstjórnar- og Alþingiskosningar árið 1946. Var ég enn í flokknum um þessar mundir og fulltrúi hans í bankaráði Landsbankans, enda þótt samskipti mín við forustumenn flokksins hefðu verið stíð undanfarin ár og ég hefði færst undan því að vera í framboði fyrir flokkinn við Alþingiskosningar haustið áður. Leitaði ég nú fundar við Bjarna og átti við hann langt, ítarlegt og hreinskilið samtal á skrifstofu hans í stjórnarráðinu. Í lok þess samtals hét Bjarni mér fulltingi ríkisstjórnarinnar ef til ráðningar minnar við bankann skyldi koma. Skömmu eftir áramótin gekk ég svo formlega úr Sósíalistaflokknum og sagði mig jafnframt úr bankaráði Landsbankans, en varamaður minn, Einar Olgeirsson, tók við sætinu í minn stað. Var mér nú ekkert að vanbúnaði til þess að taka við því starfi í hagfræðideild Alþjóðabankans sem mér var boðið skömmu síðar.

Það var í byrjun júlímánaðar sumarið 1950 sem við Guðrún kona mín héldum vestur um haf. Við flugum með American Overseas Airlines, dótturfélagi American Airlines, frá Keflavík til New York án millilendingar. Flugið tók fjórtán klukkustundir. Er mér enn minnisstætt hversu mikill órói var í lofti þegar við flugum inn yfir meginland Norður-Ameríku einhvers staðar í Labrador, en á þessum tíma var ekki flogið nema í 10 til 15 þúsund feta hæð. Svo vildi til að þetta var síðasta flug félagsins yfir Atlantshafið, en því hafði verið synjað um leyfi til frekari ferða á þeirri leið. Var því lítil áhugi fyrir að sinna farþegum á leiðinni. Fengum við ekki matarbita alla ferðina, og var því borið við að útbúnaður til framreiðslu væri bilaður. Þetta skyldum við þó fá bætt upp með málsverði þegar til New York kæmi, en við það loforð var ekki staðið. Svo vildi til að þennan komudag okkar til Bandaríkjanna bar upp á þjóðhátíðardaginn 4. júlí. Var af þeim sökum mikill fjöldi fólks að skoða sig um á Idlewild-flugvælinum, eins og hann þá hét, þegar við lentum þar í fögru sólskinsveðri síðari hluta dags. Var fólk í hátíðarskapi, glaðvært og vel búíð. Fyrstu kynnin af Bandaríkjunum og Bandaríkjamönnum voru því hin ánægjulegustu þrátt fyrir það

hungur sem við höfðum mátt þola. Við höfðum skamma viðdvöl á flugstöðinni og komumst brátt með áætlanarbíl til La Guardia flugvallarins og þaðan með flugvél til Washington. Þar lentum við um tíuleytið um kvöldið, rétt í þann mund að síðustu flugeldunum var skotið á loft við Washington-minnismerkið.

## 2. Alþjóðabankinn – Fyrstu kynni

Við höfðum fengið inni á Roger Smith hótelinu sem stóð skáhallt andspænis þeirri skrifstofubyggingu sem Bandaríkjastjórn hafði látið Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum í té á mótum Pennsylvania-breiðstrætis, 18. götu og H strætis. Þar sú bygging götunúmerið 1818 H, en inngangurinn var frá litlu torgi við gatnamótin. Þetta er skammt frá Hvíta húsinu, sem stendur við 16. götu og Pennsylvania-breiðstræti, og frá gömlu stjórnarráðsbyggingunni (Executive Building), sem stendur við þá 17. Allt í kringum skruðgarðinn fyrir framan Hvíta húsið, þar sem stytur af hetjum úr frelsisstríðinu standa í fjórum hornum en Andrew gamli Jackson situr hest sinn í miðju, stóðu stílhrein og virðuleg gömul hús. Öðru máli gegndi hins vegar um það svæði sem næst var bankanum. Þar voru gamlar byggingar af ýmsu tagi, óskipulegar og margar illa farnar. Í þeim var að finna fjölda verslana, sumar með markaðssölu úti á götunni, og urmul veitingastaða. Allt þetta hverfi var að fullu endurbýgt næstu áratugi, og þar gnæfa nú nýttisku skrifstofuhallir, en einn og einn gamall húsveggur stendur eftir, endurhæfður til minnis um fyrri daga.

Veður var fagurt um morguninn þegar við Guðrún vöknudum í þessum nýja heimi, en hitinn mikill þegar kom út frá loftkældu hótelinu. Fyrsta verk mitt var að leita uppi Benjamín Eiríksson á skrifstofu hans í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem þá var til húsa í sömu byggingu og Alþjóðabankinn, eins og fyrr segir. Á þessum stað stendur nú hin veglega nýja bygging bankans og teygir sig yfir allan ferhyrninginn á milli strætanna H og G og 18. og 19. götu, en álíka veglega byggingu sjóðsins er að finna hinum megin við 19. götu. Þegar ég kom inn á skrifstofu Benjamíns hvessti hann á mig augun og vísaði mér rakleiðis aftur heim á hótelið til þess að íklæðast virðulegum jakkafötum, en vegna hitans hafði ég látið léttari búning nægja um morguninn. Að þeim fataskiptum loknum leiddi hann mig á vit Alþjóðabankans.

Ég hóf störf mín í undirdeild hagfræðideildar bankans sem nefndist *General Economic Studies*. Gegndi hún meðal annars því hlutverki að vera eins konar uppeldisreitur fyrir nýráðna hagfræðinga sem síðar fluttust til annarra deilda. Var verkefni mitt um sumarið og fram á haust að taka þátt í athugun á starfsemi framkvæmdabanka (Development Banks) í þeim löndum heims sem þá voru nefnd *vanþróuð lönd*, en síðar tíðkaðist að nefna *þróunarlönd*. Kom í minn hlut að gera grein fyrir bönkum í nokkrum Evrópulöndum, en þó einkum í Asíulöndum. Félagi minn belgískur, Edmund Jantzen að nafni, sinnti löndunum í Rómönsku Ameríku, enda vel fær í spænskri tungu. Hann var um þetta leyti við framhaldsnám við Columbia-háskólann í New York, en í sumarvinnu hjá bankanum. Síðar varð hann háttsettur starfsmaður í þróunarmálum hjá OECD í París (DAC). Varð okkur vel til vana, en unnusta hans, sem var norsk, tók að sér að veita Guðrúnu leiðsögn í ensku. Um Afríku sunnan Sahara var ekki sinnt, enda lönd þar enn nýlendur að undantekinni Suður-Afríku, og því ekki aðilar að Alþjóðabankanum. Sá sem fyrir athuguninni stóð var bandarískur prófessor frá Northwestern-háskóla í Illinois að nafni Frank W. Fetter, en hann var ekki fastur starfsmaður bankans og hvarf aftur til háskólans að loknu verki.

Uppskeran af þessu sumarstarfi var rýr. Heimildir um framkvæmdabankana höfðum við ekki undir höndum að öðru leyti en finna mátti í bókasafni Alþjóðabankans og í skjölum hjá

einstökum deildum hans. Engin tók voru á að heimsækja bankana eða ræða við menn sem kunnugir voru störfum þeirra. Við almennar ályktanir varðandi starfsemi þeirra og mikilvægi var því erfitt að fást, en það kom í hlut prófessorsins. Hann var vel kunnur meðal bandarískra hagfræðinga um þessar mundir, ekki síst vegna þess að hann var sonur þekktis hagfræðiprófessors með sama nafni, Frank Feters eldri, og hafði auk þess verið yngsti þátttakandi í nafnkunnri heimsókn þings bandarískra hagfræðinga í Hvíta húsið til forsetans Calvin Coolidge í desember 1923, sem viðfræg mynd er til af.<sup>1</sup> Hann mun um þetta leyti hafa verið nokkuð á sextugs aldri, hinn alúðlegasti maður, sem mér líkaði vel við. Alþjóðabankinn var um þetta leyti ennþá lítt kunnugur aðstæðum í þróunarlöndunum, en var að þreifa fyrir sér í þeim efnum, eins og þessi athugun bar vott um. Það var hins vegar ekki fyrr en einum sex árum síðar að ítarleg og vönduð athugun á framkvæmdabönkum fór fram á vegum bankans. Höfundur þeirrar greinargerðar var William Diamond, sem hafði verið einn af fyrstu starfsmönnum bankans og ég kynntist náð allöngu síðar.

Alþjóðabankinn var á þessum tíma á skeiði mikillar umbreytingar. Upphaflega hafði honum verið ætlað að vera hliðarstofnun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem sinnti þeirri endurreisn Evrópu sem fram undan var að styrjöldinni lokinni. Í nafni bankans, *International Bank for Reconstruction and Development*, hafði endurreisnin komið fyrst en *þróuninni* verið bætt við. Starf bankans hafði einnig í fyrstu fallið í þennan tilætlaða farveg, og lán til endurreisnar verið veitt Danmörku, Frakklandi, Hollandi og Lúxemborg. Brátt varð það hins vegar ljóst, að verkefnið var miklum mun stórfelldara og meira aðkallandi en svo að ný og óreynd alþjóðastofnun gæti við það ráðið. Marshall-aðstoðin og þau samtök er umhverfis hana voru mynduð tóku við verkefninu, líkt og þau tóku einnig að mestu við þeirri viðreisn gjaldeyrismála Vestur-Evrópu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafði verið ætlað. Alþjóðabankinn varð því skjótlega að breyta um stefnu og einbeita sér að þróunarmálum, sem hvorki hann sjálfur né aðrar stofnanir vissu mikil deili á. Þetta var einmitt að gerast um það leyti sem ég kom til bankans árið 1950.

Á þessum upphafsárum sínum starfaði Alþjóðabankinn í tveimur aðaldeildum. Önnur þeirra var *framkvæmdadeildin* (Department of Operations) en hin var *hagfræðideildin* (Economic Department), en hvorri deildinni um sig var aftur skipt eftir heimsálfum. Í framkvæmdadeildinni var að finna menn af ýmsu sauðahúsi. Að menntun gátu þeir verið lögfræðingar, verkfræðingar, hagfræðingar eða eitthvað enn annað, en þeir störfuðu sem stjórnendur samskipta og verkefna. Komu þeir yfirleitt úr stjórnarstofnunum helstu aðildarríkjanna eða nýlendustjórnnum nýlenduveldanna. Menn úr fjármálastarfsemi, eða einkageiranum yfirleitt, voru fáir, en þaðan komu aftur á móti tveir æðstu yfirmenn bankans, forsetinn Eugene Black og staðgengill hans, varaforsetinn Robert Garner.

Þegar bankinn tók til starfa árið 1946 sveif andi *New Deal* stefnunnar enn yfir vötnum í Washington. Hugmynd bandarískra stjórnvalda var að bankinn yrði eins konar *New Deal* stofnun á alþjóðavettvangi. Á hinn bóginn bar brýna nauðsyn til þess að hin nýja stofnun gæti áunnið sér fullt traust á fjármagnsmarkaðinum í New York, eða á Wall Street eins og vanalega var sagt. Aðildarlöndin, með Bandaríkin í broddi fylkingar, en þau áttu í upphafi yfir 40 hundradshluta í bankanum, lögðu fram fulla ábyrgð sína, en ekki starfsfé nema að litlu leyti. Þess fjár átti að afla með sölu skuldabréfa á fjármagnsmörkuðum, það er í New York eins og þá hagaði til. Um það var samkomulag frá upphafi að forseti bankans skyldi

<sup>1</sup> Eintak af þessari mynd má finna í húsakynnum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

vera Bandaríkjamaður, eins og eðlilegt var, og tilnefndur af Bandaríkjaforseta, enda þótt hann væri formlega kjörinn af stjórn bankans. Sá maður sem fyrir valinu varð hafði nán tengsl við fjármálaheiminn. Hann var Eugene Meyer, auðugur fésýslumaður sem starfað hafði í New York en var nú aðaleigandi og stjórnarformaður hins nafnkunna dagblaðs *Washington Post*.<sup>2</sup> Á hinn bóginn kom aðalfulltrúi Bandaríkjanna í fyrstu stjórn bankans frá utanríkisráðuneytinu, dugmikill fylgjandi New Deal stefnunnar að nafni Emilio Collado. Það var eindregin skoðun hans að stjórn bankans ætti að hafa forustu um stefnu hans og um val á verkefnum. Eugene Meyer taldi hins vegar að traustið á bankanum væri háð því að forustan væri í höndum forsetans og þess starfslíðs sem á hans vegum starfaði, *management*, eins og það var nefnt einu orði. Það skarst þegar í stað í odda með þessum tveimur sjónarmiðum og þau átök leiddu til þess að Meyer sagði starfi sínu lausu eftir aðeins sex mánuði.

Nú voru góð ráð dýr. Ætti hin nýja stofnun að verða að einhverju liði þurfti fullt traust fjármagnsmarkaðarins að koma til. Forseti Bandaríkjanna, Harry S. Truman, sá sér ekki annað fært en að taka nýjan forseta bankans beint frá Wall Street. Sá sem fyrir valinu varð var enginn annar en John J. McCloy, þekktasti lögfræðingur sem þá starfaði á fjármálamarkaði New York og kunnur varð um allan heim rúmum tveimur árum síðar þegar hann hafði yfirumsjón með loftbrúnni til Berlínar. En McCloy tók ekki við starfinu án þess skilyrðis að forustan í bankanum væri í höndum forsetans en ekki stjórnarinnar. Skyldi þetta koma fram með þeim hætti að forsetinn einn mætti leggja fram tillögur um lánveitingar, en ekki meðlimir stjórnarinnar. Enn fremur skyldi forsetinn leggja fram tillögur um fjárhagsáætlun bankans, sem stjórnin yrði annað hvort að samþykkja eða hafna, en gæti ekki breytt í einstökum atriðum. Þá áskildi McCloy að aðalfulltrúi Bandaríkjanna í stjórn bankans skyldi vera Eugene Black, sem kom frá *Chase* bankanum í New York. Að öllu þessu var gengið, en að auki valdi McCloy sem staðgengil sinn og varaforseta þekktan bankamann, að nafni Robert Garner, sem nú var einn af forstjórum stórfyrirtækisins *General Foods*. Tveimur árum síðar, þegar McCloy hvarf frá bankanum, tók Eugene Black við starfi hans, en Garner var varaforseti sem fyrr. Var Black forseti bankans í 13 ár, eða allt fram til ársins 1961, og setti mjög svip sinn á stofnunina allan þann tíma. Sá Alþjóðabanki sem ég kynntist og starfaði fyrir í sjö ár, frá 1950 til 1957, var í raun og sannleika banki þeirra Eugene Black og Robert Garner.

Það lætur að líkum að undir stjórn þessara tveggja manna hafi það verið fjárhagsleg aðgát sem setti mark sitt á starfsemi bankans. Fyrsta og veigamesta atriði varðandi lánveitingar var í hvaða mæli landið sem um var að ræða væri fært um að taka á sig endurgreiðslu lána. Þetta var nefnt lánshæfi landsins, *creditworthiness*, og það var aðalverkefni hagfræðideildar bankans að fjalla um þetta mat og fylgjast að svo búnu með framvindu efnahagsmála í landinu. Þetta verkefni var í raun náskyld verkefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hefði því virst eðlilegt að nán samvinna væri á milli stofnananna tveggja í þessum efnunum. Í reynd var þó mikil áhersla lögð á sjálfstæði þeirrar hvorrar um sig og fyrir það tekið að teljandi samvinna væri á milli starfsmanna þeirra. Eigi að síður gátu stofnanirnar í sameiningu unnið að málefnum einstakra landa, eins og ég fékk reynslu af nokkrum árum síðar. Auk þess að fylgjast með efnahag landanna fjallaði hagfræðideildin um almenn viðhorf til þróunarmála frá hagfræðilegu sjónarmiði, en um slík mál hafði þá enn lítt verið fengist,

---

<sup>2</sup> Dóttir hans var Katherine Graham, sem síðar varð eigandi blaðsins og setti á það svip sinn ásamt eiginmanni sínum og aðalritstjóra blaðsins, Philip Graham.

hvort sem var meðal háskólamanna eða á vettvangi stjórn mála og stjórnsýslu. Það voru einmitt verkefni af því tagi sem ég tengdist á fyrsta skeiði mínu í bankanum. Mat á hagkvæmni einstakra verkefna var hins vegar ekki hlutverk hagfræðideildar. Það var í höndum verkfræðinga og hagfræðinga sem sérhæfðir voru í málefnum einstakra atvinnugreina, svo sem landbúnaði, iðnaði, orkumálum eða samgöngumálum. Það starf fékk fljótlega samastað í sérstakri tæknideild, *Technical Operations Department*.

Yfirmaður hagfræðideildarinnar var Frakki að nafni Leonard Rist. Var hann lögfræðingur að mennt, en skólaður í alþjóðaviðskiptum og auk þess sonur eins kunnasta hagfræðings Frakklands á fyrri hluta tuttugustu aldar, Charles Rist. Hann hafði við hlið sér þekktan og virtan hagfræðing að nafni Paul Rosenstein-Rodan, en hann var einn þeirra ágætu hagfræðinga sem höfðu orðið landflótta úr gamla Austurísk-ungverska keisaradæminu á árunum milli heimsstyrjaldanna. Hafði hann ritað nokkuð um þróunarmál áður en hann kom til bankans, þar á meðal tímaritsgrein um þróun efnahags í Júgóslavíu sem öllum er hófu störf í hagfræðideild bankans var ráðlagt að kynna sér vandlega. Var í greininni lögð áhersla á þróun innviða samfélagsins, svo sem samgangna, rafvæðingar og vatnsveitna, einu nafni nefnt *overhead capital*, og hún talin grundvöllur þess að framleiðslufyrirtæki í hinum ýmsu atvinnugreinum gætu risið og eflst. Raunar má líta svo á að einmitt þetta hafi verið meginatriðið í stefnu Alþjóðabankans á þessum tíma. Bankinn gat ekki með beinum hætti léð einkaframtaki lið í landbúnaði, iðnaði og þjónustu þar sem ábyrgð hlutaðeigandi ríkis var skilyrði fyrir lánveitingum. Á hinn bóginn hafði einkaframtakið í þróunarlöndum hvorki bolmagn né aðstöðu til þess að reisa þá innviði samfélagsins sem þróun atvinnuveganna þurfti á að halda. Þetta varð, að minnsta kosti fyrst um sinn, að vera hlutverk ríkis og opinberra fyrirtækja sem bankinn gat stutt með lánveitingum.

Á þessu fyrsta skeiði Alþjóðabankans var eins og fyrir segir lögð á það megináhersla að bankinn væri fjárhagslega traust stofnun og ráðstafaði fé sínu til framkvæmda er skiluðu góðum afrakstri í löndum sem væru fær um að standa við skuldbindingar sínar. Hann væri banki í fullum skilningi þess orðs, jafnframt því sem hann nyti ábyrgðar eigenda sinna, og þá umfram allt Bandaríkjastjórnar. Til þess að lífeyrissjóðir og aðrir slíkir aðilar mættu kaupa skuldabréf bankans þurfti að gera breytingar á löggjöf í hverju einasta af sambandsríkjum Bandaríkjanna. Því verki var ekki að fullu lokið fyrr en seint á sjötta áratug aldarinnar. Innan bankans leiddu þessar aðstæður til þess að ákvörðunarvald var í fastri hendi yfirstjórnar bankans, það er þeirra Blacks og Garners, sem fyrir segir, og þeirra stjórnenda framkvæmdadeildar og tæknideildar bankans sem næst þeim stóðu. Hagfræðideildin var hliðardeild sem ekki gat leyft sér að fylgja fram skoðunum sem brutu í bága við meginstefnuna. Sjónarmið Rosenstein-Rodans féllu að vísu að verulegu leyti að þessari meginstefnu, enda þótt þau væru víðsýnni og frjálslýndari en hún var, og um skeið taldi hann sig hafa umtalsverð áhrif á skoðanir Eugene Blacks. Hins vegar lét hann þau orð falla um það leyti sem hann hvarf frá bankanum árið 1952 að enda þótt Black hefði gengið í góðan skóla að undanfögnu myndi það ekki lengi forða honum frá að glatast í frumskógunum Wall Street.

### 3. Suður til Mexíkó

Að loknum störfum við skýrsluna um framkvæmdabankana hafði ég veturinn 1950 til 1951 unnið að verkefnum á vegum Rosenstein-Rodans sem fjölluðu um efnahagsleg áhrif erlendarar fjárfestingar í tinnámum og sykurlantekrum í Indónesíu, Malasíu og Filippseyjum. Jafnframt hafði ég á eigin vegum tekið til við nám í spænsku, sem var það

tungumál sem mestu skipti í starfi bankans, að ensku frátalinni. Þá sótti ég ötullega hádegisfundum sem hópur hagfræðinga innan bankans hélt vikulega til þess að ræða viðhorf í þróunarmálum. Voru þessir fundir haldnir í húsakynnum hinnar kunnu Brookings stofnunar sem þá var til húsa við Jackson Place, rétt hjá Hvíta húsinu. Þar kynntist ég Gerald Alter, sem áður hafði starfað hjá Seðlabanka Bandaríkjanna (Federal Reserve) og síðar varð áhrifamikill innan Alþjóðabankans. Einnig er mér minnisstæður frá þessum fundum kúbanski hagfræðingurinn Felipe Pazos, en Kúbverjar voru á þessum árum í fremstu röð meðal menntamanna Rómönsku Ameríku. Hann hafði um skamma hríð verið seðlabankastjóri í heimalandi sínu eftir að lýðræði komst þar sem snöggvast á að heimsstyrjöldinni lokinni, en var nú landflótta. Hann gekk síðar til liðs við Fidel Castro og varð um skeið seðlabankastjóri að nýju, en sú saga endaði í nýjum landflótta. Besti kunningi minn innan bankans var þó þennan vetur Bandaríkjamaður að nafni Kenneth Bohr, sem lokið hafði hagfræðinámi í MIT og hóf störf í bankanum um sama leyti og ég. Varð eiginkonum okkar einnig vel til vana. Starfaði Kenneth alla starfsævi sína í Alþjóðabankanum, þar á meðal sem fulltrúi bankans í Indlandi. Síðar settist hann að í Maine og þaðan fæ ég enn árlega jólakveðju frá þeim hjónum.

Við Guðrún höfðum lítið um okkur þennan fyrsta vetur. Við bjuggum í lítilli nýtskulegri íbúð rétt hjá Columbia Road, næstum ofan í Rock Creek garðinum sem liggur þvert í gegnum borgina. Við höfðum enn ekki eignast bíl, en gengum heilmikið um borgina til þess að skoða okkur um og fórum mikið í kvikmyndahús til þess að sjá úrvalsmyndir, og hlustuðum á góða hljómlist í útvarpi. Sjónvarp var enn ekki komið til sögunnar, að heita mátti. Ég gekk til vinnu hvern morgun eftir 18. götu endilangri, að mestu gegnum hverfi þeldökkra, um klukkustundar gang. Að kvöldi tók ég sporvagninn heim. Um hádegisdag fékk ég mér matarbita á einhverjum þeirra mörgu veitingastaða sem voru í nágrenni bankans, en í bankanum sjálfum var engin matsala á þessum tíma og ég lítt kominn upp á lag með að nota matartímamann til þess að hitta kunningja og starfsbræður. Að málsverði loknum gekk ég oft um nágrennið þegar veður var gott. Í byrjun nóvember kom þetta ár sú blíðskapartíð sem nefnist *Indian Summer* og ég kynntist nú í fyrsta sinn. Einn daginn var mér gengið um Lafayette garðinn fyrir framan Hvíta húsið og í bakaleiðinni fram hjá Blair House við Pennsylvania-breiðstræti, gistihúsi Bandaríkjaforseta. Í því húsi bjó um þetta leyti forsetinn sjálfur, Harry S. Truman, vegna viðgerða sem fram fóru á Hvíta húsinu. Tíu mínútum eftir að ég gekk þar fram hjá réðust tveir uppreisnarmenn frá Púertó Ríkó á húsið í því skyni að myrða forsetann, en í þeirri viðureign féll einn lífvarða forsetans og annar tilræðismanna.

Ég var ekki ánægður með starf mitt og stöðu í Alþjóðabankanum þennan vetur. Mér fundust þær athuganir sem ég vann að vera í lítilli snertingu við starfsemi bankans og lítt geta komið að raunhæfum notum. Að vísu leiddu þær í ljós hversu aðskilin erlend fjárfesting í frumvinnslugreinum var frá sjálfu atvinnu- og efnahagslífi landanna og hversu takmörkuð áhrif á þróun þeirra hún hafði. En um eiginlegt gildi fyrir störf bankans var ekki að ræða. Það varð mér því til mikils hugarléttis þegar ég síðla vetrar var valinn til þátttöku í umfangsmikilli athugun á efnahagsmálum Mexíkó. Verkefnið var þannig til komið að stjórnvöld landsins og stjórnendur bankans hafði greint á um það að hverju ætti að stefna í lánveitingum. Lítið var um þessar mundir vitað um efnahagsmál landsins, en almennt var talið að hagvöxtur hefði verið rýr um langt skeið. Auk þess hafði þjóðnýting olíulinda fyrir heimsstyrjöldina síðari, háir skattar á námurekstur og vanskil á erlendum lánnum á kreppeárunum spillt álit landsins á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Af þessu höfðu yfirmenn Alþjóðabankans dregið þá ályktun að svigrúmið til lánveitinga af hálfu bankans

væri lítið, og miklum mun þrengra en ríkisstjórn Mexíkó gat sætt sig við. Hafði þá orðið samkomulag um að fram færi athugun á efnahagsmálum landsins á vegum starfshóps sem skipaður væri tveimur hagfræðingum frá Mexíkó og tveimur frá bankanum. Hafði slíkt fyrirkomulag ekki verið reynt áður, né heldur var svo síðar, að því er ég best veit.

Ég tók til starfa við þetta verkefni í aprílmánuði 1951, og fór fyrst til New York til þess að kynna mér skýrslur sem var að finna hjá Sameinuðu þjóðunum og í háskólum þar í borg. Til Mexíkó var ég kominn þann 5. maí, sem er einn af þjóðhátíðardögum landsins, *Cinco de Mayo*, vegna frægrar orrustu er háð var þann dag við innrásarher Napóleons III nálægt borginni Puebla. Samverkamaður minn í þessu verkefni var bandarískur hagfræðingur að nafni Albert Waterston, sem starfaði í þeim hluta hagfræðideildar bankans sem fjallaði um Rómönsku Ameríku, og sinnti þar málefnum Mexíkó og Mið-Ameríku. Var hann tólf árum eldri en ég, og var að sjálfsögðu sá sem leiða átti starfið. Tókst brátt með okkur góð samvinna og nán vinátta, er einnig tók til fjölskyldna okkar og entist þar til hann lést á tíræðisaldri fyrir fáum árum. Albert kom til Mexíkó um mánuði síðar en ég og dvöldumst við, ásamt fjölskyldum okkar, þar í landi fram á árið 1952, en verkinu lauk endanlega í Washington í júlímánuði það ár. Var það miklu síðar en ráð hafði verið fyrir gert, og hafði Albert orðið að fara til Washington oftár en einu sinni til þess að fá starfstímann framlengdan. Staðreyndin var sú að við höfðum komist yfir umfangsmikil gögn sem hinir mexíkósku samstarfsmenn okkar höfðu aðgang að, en ekki hafði verið unnið úr nema að litlu leyti. Þessi gögn vildum við nýta til hlítar, en það varð ekki gert á skömmum tíma.

Nefndarmennirnir frá Mexíkó sem við störfuðum með voru vel kunnir hagfræðingar þar í landi. Annar þeirra var Raul Ortiz Mena, aðalhagfræðingur áhrifamikils opinbers framkvæmdabanka, *Nacional Financiera*. Hinn var Victor Urquidi, sem áður hafði starfað hjá Alþjóðabankanum, en nú var tengdur seðlabankanum, *Banco de México*. Var aðild þeirra að skýrslugerðinni ómetanleg þar sem þeir höfðu hvarvetna aðgang að stofnunum og upplýsingum. Á hinn bóginn hvíldi úrvinnsla gagnanna, og þó umfram allt sjálf ritun skýrslunnar, að miklu leyti á okkur Albert. Sjálfur hefði ég varla getað hugsað mér áhugaverðara eða skemmtilegra viðfangsefni. Reynsla mín við að grafa upp gögn hér á landi og reyna að vinna úr þeim vitrænar niðurstöður, hversu ábótavant sem þeim væri, kom nú í góðar þarfir. Ég komst í kynni við helstu stofnanir landsins og öðlaðist víðtæka þekkingu á efnahagsmálum þess og atvinnulífi. Ég fékk verðmæta þjálfun í því að setja mál mitt fram í skýrri og einfaldri mynd, og naut við það leiðsagnar Alberts Waterston. Á hinn bóginn fór mér minna fram í spænsku en ég hefði óskað, þar sem starfsmálið var enska og allir þeir sem við höfðum tengsl við töluðu það mál reiprennandi. Það þyrfti að fara út á markaðstorgin og upp í sveitirnar til þess að spreyta sig á spænskunni og enginn tími var til eiginlegs spænskunáms. Mér féllst hálfpartinn hugur við spænskuna um þetta leyti, en náði mér á strík síðar meir í Perú og Mið-Ameríku þar sem enska var mönnum ekki eins tungutöm og í Mexíkó.

Skýrsla okkar fjórmeninganna var gefin út á bók sem nefndist *The Economic Development of Mexico* og var niðurstaða hennar hin athyglisverðasta (Combined Mexican Working Party, 1953). Hún var í stuttu máli sú að andstætt því sem talið hefði verið væri hagvöxtur í Mexíkó mikill og hefði hagvaxtarskeið staðið allan fimmta áratuginn. Það sem meira var, þá hefði þessi vöxtur byggst á tiltölulega lítilli fjárfestingu. Hlutfallið á milli fjárfestingar og aukningar framleiðslu hefði verið mjög hagstætt. Þetta var allt annað en menn höfðu talið um þróunarlöndin almennt fram að þessu, sem var að mikla fjárfestingu þyrfti til þess að



hagvöxtur gæti tekið við sér í þessum löndum. Þarna kom hins vegar dæmi um hið gagnstæða, að mikill hagvöxtur gæti orðið á grundvelli tiltölulega lítillar fjárfestingar. Að vísu höfðum við þann fyrirvara að þetta hlutfall mundi ekki verða eins hagstætt þegar fram í sækti. Mikillar fjárfestingar mundi verða þörf í styrkingu margvíslegra innviða samfélagsins á næsta áratug. Yfirvöld í Mexíkó voru því hvött til þess að huga vel að opinberum framkvæmdum, samræma þær og skipuleggja. Þetta var meginniðurstaða skýrslunnar, en í henni fólst einnig að væri þessum ráðum fylgt gæti Mexíkó staðið undir erlendum lántökum sem væru langt umfram þær eitt hundrað milljónir dollara sem um hafði verið rætt á milli Mexíkó-stjórnar og bankans í upphafi. Lánshæfið stæði á traustum grunni.

Skýrslan var þegar í stað gefin út á spænsku og vakti mikla athygli í Mexíkó þar sem hún fékk hin jákvæðustu viðbrögð. Rúmunum fjórutíu árum síðar taldi mexíkóskur hagfræðingur, er ritaði um samskipti Alþjóðabankans og Mexíkó, að skýrslan væri sú besta er samin hefði verið um nokkurt land í Rómönsku Ameríku fram að þeim tíma er hún var rituð (Kapur, Lewis & Webb, 1997). Innan Alþjóðabankans voru viðtökur skýrslunnar ekki eins góðar. Hún var talin hafa verið of lengi í smíðum og henni fundið til foráttu að hún væri ekki í anda þeirra framkvæmdaáætlana, *Development Programs*, sem bankinn stóð að í mörgum löndum um þessar mundir.<sup>3</sup> Á fundi innan bankans þar sem skýrslan var rædd tók einn af hagfræðingunum, Harold Larsen, Nýsjálendingur af norrænum uppruna, svo til orða af lítilli virðingu að skýrslan væri ekki framkvæmdaáætlun heldur „brot úr hagsögu“. Albert Waterston tók þessi ummæli nærri sér, en ég taldi réttara að líta á þau sem hrós þar sem sönn hagsaga, þótt ekki væri nema í brotum, væri meira virði en staðlausar áætlanir. Rosenstein-Rodan, sem um þetta leyti var á förum úr bankanum, var hins vegar ánægður með skýrsluna sem hann taldi skrifaða í sínum anda. Beinn árangur af verkinu var lítt áþreifanlegur fyrst í stað. Að vísu var komið á fót stofnun innan fjármálaráðuneytis Mexíkó til samræmingar og skipulags opinberra framkvæmda, *Comisión de Inversiones*. Hún reyndist þó áhrifalítill þar til hún nokkrum árum síðar var flutt til skrifstofu forseta landsins. Ekki varð heldur af nýjum lánveitingum fyrr en tveimur árum eftir að skýrslan birtist.

Um það leyti sem verkinu lauk, eða síðsumars 1952, kom til framkvæmda mikilvæg endurskipulagning innan Alþjóðabankans. Var hún fólgin í því að meginhluti hagfræðideildar, eða sá hluti sem þjónaði einstökum álfum og löndum, var sameinaður framkvæmdadeildinni, en þeirri deild um leið skipt í sjálfstæðar einingar eftir heimsálfum, einar fimm talsins. Með þessu móti voru hagfræðingar sem störfuðu að málefnum einstakra landa settir við hlið annarra starfsmanna án þess að lúta sérstakri sameiginlegri stjórn. Þó starfaði hagfræðilegur ráðunautur við hlið yfirmanns hverrar hinna fimm aðaldeilda og átti hann að fylgjast með hagfræðilegri skýrslugerð innan deildarinnar. Það sem eftir stóð af gömlu hagfræðideildinni var sú undirdeild sem ég hafði starfað í, *General Economic Studies*, en hún átti nú, undir stjórn Leonard Rist, að samræma hagfræðileg störf innan bankans, auk þess að stunda rannsóknir á þróunarmálefnum.

Að þeirri reynslu fenginni sem skýrslugerðin í Mexíkó hafði veitt mér, fluttist ég nú til þeirrar nýju deildar sem um Rómönsku Ameríku fjallaði og nefndist Vesturálfudeild, *Western Hemisphere Department*. Var mér þar skipað í undirdeild sem náði til Mexíkó og Mið-Ameríkuríkjanna fimm, Gvatemala, El Salvador, Hondúras, Níkaragva og Kostaríka, auk

<sup>3</sup> Eina þessara áætlana er að finna í skýrslu E. Harrison Clark (Clark, 1951), sbr. *Frá kreppu til viðreisnar*, bls. 281 (Jónas H. Haralz, 2002).

Panama sem telst til Suður-Ameríku. Þetta var sama starfssvið og Albert Waterston hafði haft í gömlu hagfræðideildinni, en hann fluttist nú um set og starfaði um langt skeið að málefnum Kólumbíu, þar sem bankinn lét mjög til sín taka. Yfirmaður minn var Ítali að nafni Federico Consolo, áður bankamaður en verkfræðingur að mennt, lipur stjórnandi og laginn diplómat sem mér féll vel við. Höfuð allrar deildarinnar var hins vegar ungur Bandaríkjamaður, J. Burke Knapp, sem hafði verið í forustusveit gömlu hagfræðideildarinnar og aðallega starfað í Brasilíu, en næstur honum var annar Bandaríkjamaður, Orvis Schmidt. Nokkrum árum síðar, þegar Robert Garner tók við stjórn hinnar nýju Alþjóðalánastofnunar, *IFC*, varð Knapp varaforseti alls bankans, en Schmidt tók við starfi hans í Vesturálfudeildinni.

Það var almennt litið svo á innan bankans að endurskipulagningin hefði ekki hvað síst verið sett til höfuðs hagfræðingum bankans, og mun það hafa verið skilningur Rosenstein-Rodans sem yfirgaf bankann um leið og hún gekk í gildi. Ætlunin hefði verið að leggja áherslu á forustu þeirra starfsmanna sem beinlínis önnuðust lánveitingar, *Loan Officers*. Mér hefur hins vegar virst að þegar frá leið hafi niðurstaðan orðið allt önnur, sem sé sú að auka áhrif hagfræðinganna sem nú voru ekki lengur einangraðir í sérstakri deild heldur störfuðu við hlið þeirra sem að lánveitingunum unnu og í vaxandi mæli tóku sæti þeirra. Jafnvel megi telja að þessi umskipti hafi verið upphaf þess hagfræðingaveldis innan bankans sem varð tilefni heilmikillar gagnrýni einum þremur áratugum síðar.

#### 4. Skyggnst um í Perú

Í fyrstu átti ég rólega daga í nýja starfinu sem kom sér vel eftir það kapphlaup sem gerð Mexíkó-skýrslunnar hafði verið. Það var í bili ekki mikið um að vera í samskiptum bankans við Mexíkó, og heldur ekki við ríki Mið-Ameríku. Þá kom það skyndilega til sögunnar að ég færi með sendinefnd frá bankanum til Perú, en þar voru mörg lán á döfinni, og eitt þeirra allstórt. Svo stóð á að franskur hagfræðingur sem sinnti Perú hafði verið sendur til aðstoðar nýskipuðum fulltrúa bankans í Tyrklandi, en eftirmaður hans, sem einnig var franskur, var nýráðinn til bankans og ekki talinn undir það verk búinn sem fyrir höndum var. Ég tók því að mér að halda með sendinefndinni til Perú í lok janúar 1953, þar sem við dvöldum um fimm vikna skeið. Að svo búnu starfaði ég með nefndinni í Washington fram í júní þegar tillögur um lánveitingar voru endanlega afgreiddar í stjórn bankans.

Nokkrum árum áður en þetta var hafði nýr forseti Perú hrundið í framkvæmd veigamiklum umbótum á efnahagsstjórn landsins. Komið hafði verið á styrkri stjórn peningamála og fjármála, gengi gjaldmiðilsins, *sol*, hafði verið gefið frjálst og landið opnað fyrir erlendum viðskiptum og erlendri fjárfestingu. Þetta hafði verið gert í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og með aðstoð bandaríks ráðgjafafyrirtækis sem enn starfaði í landinu. Nú var talinn vera kominn tími til þess að Alþjóðabankinn kæmi til skjalanna með lánveitingar til ýmiskonar opinberra framkvæmda sem hafnar höfðu verið eða tillögur lágu fyrir um. Svo hagar til í Perú að strandlengjan er að heita má eyðimörk og jarðrækt þar byggist á áveitum frá ám sem falla frá Andesfjöllum. Helsta framkvæmdin sem boðin var bankanum til athugunar var einmitt slík áveita á norðurströnd landsins, sem þá gekk undir nafninu *Quiroz-Piura*, og átti hún fyrst og fremst að gagnast smábændum en ekki stórjarðeigendum. Hlutverk mitt var að semja yfirlit um stöðu efnahagsmála landsins, jafnframt því sem ég tæki þátt í almennum störfum sendinefndarinnar. Fyrir okkur fór skoskur starfsmaður bankans, að nafni Stuart Mason, en aðrir þátttakendur voru

sérfræðingar í þeim greinum sem framkvæmdirnar heyrðu til, sumir starfsmenn Alþjóðabankans en aðrir utanaðkomandi ráðunautar.

Samanburður við Mexíkó var mér ofarlega í huga fyrstu vikurnar sem ég dvaldi í Perú. Margt var líkt með löndunum en þó grundvallarmunur í mikilsverðum atriðum. Það sem mestu skipti var að í Mexíkó hafði orðið þjóðfélagsbylting, þar sem fátækir smábændur höfðu fengið í hendur jarðnaði en stóreignir, sem margar höfðu verið í höndum útlendinga, horfið úr sögunni. Ólíulindir höfðu verið þjóðnýttar og gengið hart að erlendum námueigendum með skattheimtu. Aftur á móti hafði einkaframtak, innlent sem erlent, fengið að njóta sín í iðnaði og nýttisku landbúnaði á áveitusvæðum í norðurhémuðum landsins. Í kjölfar langvinnrar borgarastyrjaldar hafði náðst jafnvægi þar sem einn stjórnmalaflokkur fór að staðaldrí með völdin, studdur samtökum verkamanna og bænda, en starfsemi annarra flokka var leyfð og ríttfrelsi og málfrelsi haldið í heiðri. Þetta var svo sem ekki neitt fyrirmyndarlýðræði, en samt fjarri því að vera harkalegt og spillt einræði. Reynslan bar því einnig vitni að hið blandaða hagkerfi landsins, sem raunar var ekki ósvipað því sem gerðist í mörgum löndum Evrópu, gæti skilað álitlegum hagvexti. Í Perú hafði engin bylting orðið. Stöðu rötgróinnar yfirstéttar landeigenda hafði ekki verið hrundið og erlend fyrirtæki áttu námur og víðáttumiklar landeignir. Meginhluti þjóðarinnar, bláfátækir bændur og leiguliðar, dró fram lífið á hálendi Andesfjalla, en í dölum strandhéraðanna, þar sem sjaldan rigndi, stóð áveitubúskapur gósseigenda í blóma. Í landinu var um þessar mundir einræðisstjórn, sem þó var ekki af harkalegra taginu. Forsetanum, fyrrum hershöfðingja að nafni Odría, var umhugað um að innleiða nýttisku kapítalisma, án þess að skipta um stjórnarhætti. Fyrstu sporin í þessa átt virtust hafa tekist vel.

Mat mitt á efnahagsaðstæðum í Perú var að miklu leyti jákvætt. Ég komst þó fljótlega að því að stöðugleikinn stóð ekki eins traustum fótum og talið hafði verið. Stjórn opinberra fjármála var veik, og yfirsýn yfir þau mál ábótavant. Ég fór að líkt og við félagarnir höfðum gert í Mexíkó og tók upp beint samband við helstu opinberar stofnanir sem að framkvæmdum stóðu. Kom þá í ljós að þessar framkvæmdir voru umfangsmeiri en fjármálaráðuneytið hafði gert sér grein fyrir, og að þær voru að verulegu leyti fjármagnaðar með erlendum lánum frá birgjum og verktökum sem ekki voru nema til fárra ára. Tók ég saman yfirlit um þessi mál sem sendinefndin lagði fram í viðtölum við fjármálaráðherra og forseta. Komu þessi tíðindi stjórnvöldum á óvart, en lítt var við þeim brugðist að svo stöddu.

Í viðtölum við ráðamenn í Perú reyndi í fyrsta sinn af fullri alvöru á kunnáttu mína í spænsku. Hvorki fjármálaráðherrann né forsetinn voru enskumælandi, og formaður sendinefndar okkar, Stuart Mason, gat ekki flutt mál sitt á spænsku, enda þótt hann kynni nokkuð fyrir sér í því tungumáli. Áttu viðræður því að fara fram með aðstoð túlks, sem var ungur starfsmaður fjármálaráðuneytisins, menntaður í Bandaríkjunum. Viðtalið við fjármálaráðherrann gekk ekki eins vel og skyldi vegna þess að túlkurinn bar ekki nægilega gott skyn á þau málefni sem um var rætt. Varð ég því hvað eftir annað að grípa inn í viðræðurnar til þess að koma réttum skilningi á framfæri. Að viðtalinu loknu ákvað Stuart Mason að við skyldum ekki treysta á túlkinn í viðtali við forsetann daginn eftir, heldur skyldi ég túlka mál hans. Þótti mér nokkuð til þessarar ábyrgðar koma og lagði mig allan fram þegar á fundinn kom. En þegar við gengum út að fundinum loknum horfði Mason á mig hvössum augum og spurði hvers vegna ég hefði ekki getað þýtt rétt það sem hann var

að segja. Þessi gagnrýni beindist að því, að ég hafði leitast við að færa orðalag í þann háttvísa buning sem ætti við í spænskumælandi landi í stað þess beinskeytta enska talsmáta sem fulltrúar bankans tömdu sér að bandarískri fyrirmynd.

Nokkrum hluta af starfi mínu með sendinefndinni var varið til athugunar á helstu framkvæmdinni sem var á dagskrá, *Quiroz-Piura* áveitunni. Á þessum tíma hafði Alþjóðabankinn ekki enn þróað aðferðir til efnahagslegs mats á opinberum framkvæmdum. Venjan var að tilgreina ýmislegar hagstæðar afleiðingar framkvæmdanna, svo sem meiri atvinnu eða auknar útflutningstekjur, og láta þar við sitja. Sá sem í sendinefndinni fjallaði um mat þessa verkefnis var hollenskur landbúnaðarhagfræðingur frá tæknideild bankans að nafni Douwe Groenfelt. Hann var ekki ánægður með þessi vinnubrögð og bar sig saman við mig. Varð það úr að við unnum eins konar kostnaðar- og ábatagreiningu sem gaf til kynna að afrakstur þess fjármagns sem leggja átti í verkefnið væri að minnsta kosti 13%. En þá var eftir þrautin þyngri að sannfæra tæknideild bankans í Washington um ágæti þessarar aðferðar. Áttum við um þetta allanga og stranga fundi, þar á meðal með yfirmanni deildarinnar sem hafði verið forstjóri í fjárfestingarbanka í New York. Hafði ég trú á að hann myndi hafa skilning á sjónarmiðum okkar, en svo reyndist ekki vera. Voru útreikningar okkar og niðurstöður felldar úr skýrslunni og í stað þeirra tíunduð ýmiskonar almenn atriði eins og venja hafði verið.

Lánveitingarnar til Perú voru samþykktar í stjórn Alþjóðabankans snemma sumars þrátt fyrir þá veikleika sem var að finna í fjármálastjórn landsins. Gerði ég stuttlega grein fyrir stöðu efnahagsmála á fundi stjórnar bankans, en það var í fyrsta skipti sem ég kom fram á þeim vettvangi. Ég hélt að svo búnu til Íslands í þriggja mánaða heimferðarleyfi ásamt fjölskyldu minni. Um haustið tók ég þátt í allangri sendiför til El Salvador í Mið-Ameríku, þar sem lán til rafvirkjunar og vegamála voru á döfinni. Fórum við meðal annars á hestum og múlönnum um lítt byggðan landshluta á norðurströndinni sem ríkisstjórnin vildi koma í betra vegasamband við önnur héruð. Tók ferðalagið heilan dag og mikinn hluta nætur í skini eldstólpa frá því sígiósandi fjalli *Izalco* sem nefnt hefur verið viti Kyrrahafsins. Félagi minn frá bankanum sem var í forsvari í þessari sendiför og samstarfsmaður minn um málefni Mið-Ameríku þessi ár var ættaður frá Kólumbíu. Vorum við miklir mátar. Hann hét Ernesto Franco Holguin og bar samkvæmt spænskri siðvenju nöfn beggja afa sinna sem báðir höfðu verið forsetar landsins. Sjálfur hafði hann hins vegar megna óbeit á flóknum og illvígum stjórnámálum heimalandsins og hafði í raun sest að í Bandaríkjunum. Hann varð þó síðar meir líkt og ég fulltrúi lands síns og nokkurra annarra landa Suður-Ameríku í stjórn Alþjóðabankans, en það var því miður nokkru fyrr en ég átti þar sæti.

Ég bjóst ekki við því að koma aftur að málefnum Perú, enda landið utan þess svæðis sem mér var ætlað að sinna. Þetta fór þó á annan veg. Rétt fyrir jól þetta ár, 1953, sneri sendiherra Perú í Washington sér til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fór fram á aðstoð hans vegna lækkunar á markaðsgengi gjaldmiðilsins, *sol*. Bar gjaldeyrissjóðurinn sig saman við Alþjóðabankann og varð niðurstaða þess samráðs sú að senda mig til Perú þegar í stað til þess að afla upplýsinga um stöðu mála. Mér tókst að fá förinni frestað fram yfir jól, en var kominn til Líma á fyrsta virka degi nýja ársins. Fékk ég starfsaðstöðu í nýrri byggingu fjármálaráðuneytisins, í skrifstofu sem var við hliðina á miklum biðsal fyrir þá sem áttu erindi við ráðherrann. Klukkan átta á hverjum morgni þegar ég kom til vinnu var salurinn fullur af fólki, hvaðanæva af landinu, sem var að leita eftir ýmiskonar fyrirgreiðslu af hálfu ráðherrans. Um það bil sem ég tók mér hlé til hádegisverðar klukkan eitt var ráðherrann að

ljúka viðtölunum. Svona gekk þetta dag eftir dag, samtímis því sem gengið hélt áfram að falla.

Það tók mig hálfan mánuð um það bil að ná yfirliti um stöðu mála, en um það leyti kom sameiginleg sendinefnd sjóðsins og bankans til landsins til þess að semja um nauðsynlegar aðgerðir og þá aðstoð sem sjóðurinn gæti látið í té. Fór framkvæmdastjóri gjaldeyrissjóðsins, Svíinn Ivar Rooth, fyrir nefndinni. Brást forseti landsins, Odria, nú hart við, vék fjármálaráðherranum úr embætti og skipaði náinn vin sinn og ráðgjafa í hans stað. Þessi maður var dugmikill iðjuhöldur og einn af auðugustu mönnum landsins, en var af lágum stígmum, að nokkru kínverskur að ætterni, og hafði hafist af sjálfum sér. Nokkru áður en þetta var hafði honum verið meinuð innganga í *Club Nacional*, sem var félagsskapur heldri manna. Nú þegar hann var orðinn ráðherra var honum boðin þátttaka en það boð var ekki þegið.

Hinn nýi fjármálaráðherra tók málin þegar í stað föstum tókum og naut í því efni fulls stuðnings forsetans. Samningar tókust fljótt við Alþjóðdagjaldeyrissjóðinn og gengisfallið stöðvaðist. Áður en við héldum aftur til Washington færði ráðherra þessi í tal að Alþjóðabankinn setti á fót fulltrúaskrifstofu í Perú, ríkisstjórninni til halds og trausts. Var þessu vinsamlega tekið af hálfu bankans, og höfðu yfirmenn Vesturálfudeildarinnar augastað á mér til þessa starfs. Ég bjóst því allt eins við því að koma fljótlega aftur til Perú. Gerði ég mér því ekki far um að komast til gömlu höfuðborgarinnar *Cuzco* og sjá fornleifarnar í *Machu Picchu*. Af þessu varð þó ekki vegna þess að bandaríska ráðgjafafyrirtækið, sem sofnað hafði á verðinum eftir gott starf í upphafi, lofaði nú bót og betrun og forsetinn vildi ekki slíta við það tengslin þegar til átti að taka.

## 5. Mexíkó að nýju

Nú leið að því á fyrri hluta árs 1954 að hreyfing kæmist á samskipti Alþjóðabankans við Mexíkó. Höfðu stjórnvöld þar í landi farið fram á aðstoð bankans við endurbyggingu járnbrautar sem lá frá Kaliforníu, suður með vesturströnd landsins allt til Mexíkóborgar. Hafði brautin verið byggð fyrir eða um aldamótin 1900, en síðar meir á tímum byltingar og borgarastyrjaldar lent í niðurníðslu. Nú hafði Mexíkó-stjórn eignast brautina, en skorti fé til endurbyggingar hennar. Það var ekki í anda yfirstjórnar Alþjóðabankans að stuðla að flutningi úr einkarekstri í opinberan rekstur. Á þetta hafði þó verið fallist að þessu sinni þar sem aðrar leiðir virtust ekki standa til boða. Um var að ræða mikla framkvæmd og var lánsupphæðin áætluð 84 milljónir dollara, er verða myndi hæsta lán sem bankinn fram að þeim tíma hefði veitt til nokkurrar einstakrar framkvæmdar. Tæknilegur undirbúningur var kominn vel áleiðis og til stóð að sendinefnd færi til athugunar og viðræðna á vormánuðum 1954. En áður en til þeirrar farar kom dró skyndilega til óvæntra tíðinda, og það um sjálfa páskana.

Í Bandaríkjunum fer ekki mikið fyrir páskahátíðinni. Páskadagurinn 1954 varð mér þó minnisstæður. Við Guðrún og Halldór sonur okkar, sem þá var á öðru ári, höfðum notað einstakt vorveðrið til þess að fara vítt og breitt um borgina Washington og næsta nágrenni hennar þar sem tré og runnar stóðu hvarvetna í fegursta blóma. Við höfðum lokið ferðinni í Arlington kirkjugarðinum þaðan sem við horfðum af svölum Lee Mansion, fyrrum bústaðar Roberts E. Lee, yfir Memorial brúna til minnisvarðans um Abraham Lincoln. Morguninn eftir hafði ég komið upplífgaður og endurnærður til starfa minna í bankanum. Ég var þá samstundis kallaður inn á skrifstofu yfirmanns deildarinnar, Burke Knapp, þar sem allt forustuliðið sat með þungu yfirbragði. Var mér tjáð að sendinefnd frá Mexíkó hefði með

stuttum fyrirvara komið til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á föstudaginn langa og farið fram á samþykki sjóðsins til mikillar gengislækkunar mexíkóska gjaldmiðilsins er taka skyldi gildi þegar að páskahátíðinni lokinni. Var ég spurður, með nokkrum þjósti, hvort ég hefði ekki séð teikn á lofti um þessa atburði. Ég varð að svara því sem satt var að svo hefði ekki verið. Þá kom það fram í frekari samræðum að gjaldeyrissjóðurinn hefði verið jafngrunlaus og við í bankanum um hvað í vændum var, og hið sama hefði átt við um fjármagnsmarkaðinn í New York. Var þetta mér nokkur sárabót. Hér hafði sem sé komið þruma úr heiðskíru lofti.

Fyrsta verk mitt eftir að ég var aftur snúinn til skrifstofu minnar, hreldur í bragði, var að hringja í kollega minn í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hét hann Walter Rubichek og var tékkneskur að uppruna en orðinn útlagi um þetta leyti. Við hann hafði ég lítið sem ekkert samband haft í samræmi við þá stefnu sem stofnanirnar tvær fylgdu á þessum tíma. Raunar hafði mér beinlínis verið vísað á bug þegar ég nokkrum mánuðum fyrr hafði leitað til þeirra sjóðsmanna. Nú var hinsvegar allt annað hljóð í strokknum. Við Rubichek mæltum okkur mót um hádegis á veitingahúsi sem var eins langt frá höfuðstöðvum bankans og sjóðsins, 1818 H, eins og göngufæri frekast leyfði. Þar fékk ég að heyra sólar söguna eins og hún leit út sjóðsmegin frá. Viku fyrir páska hefði Mexíkó-banki beðið um að sjóðurinn tæki á móti sendinefnd þeirra á föstudaginn langa, sem var helgidagur í Mexíkó en ekki í Bandaríkjunum. Sjóðsmönnum hafði ekki komið til hugar að gengislækkun væri á döfinni, en þeir búist við að farið yrði fram á svokallað *stand-by* lán, sem sjóðurinn hafði þá nýlega tekið að veita og nota mátti sem varaskeifu til tryggingar gengisfestu. Höfðu starfsmenn sjóðsins því í skyndingu tekið saman greinargerð til réttlætningar slíkri lánveitingu. Þegar nefndin kom á föstudaginn langa reyndist erindið hins vegar vera að fá samþykki fyrir gengislækkun úr 8,65 peso á móti Bandaríkjadollar í 12,50. Sáu yfirmenn sjóðsins sér ekki annað fært en að verða við þessum tilmælum, og var skýrsla til stjórnar sjóðsins sett saman í flýti yfir helgina. Var í upphafi skýrslunnar og niðurlagi mælt með því að fallist yrði á beiðnina. Meginhluti skýrslunnar var hins vegar tekin úr fyrri skýrslunni, þar sem tími hafði ekki unnist til annars, en þar var rökstutt að veita ætti *stand-by* lán til styrkingar gengisins.

Áður en við skildum sörumst við Rubichek, sem sameiginlegt skipbrot hafði nú gert að bandamönnum, í eins konar fóstbræðralag. Hann hét því að fylgjast með því sem gerðist í Mexíkó frá degi til dags og gera mér viðvart ef eitthvað væri á seyði. Ég skyldi aftur á móti láta honum í té öll þau margvíslegu gögn sem ég aflaði í löngum heimsóknum mínum til Mexíkó einu sinni eða tvisvar á ári. Um þetta skyldu yfirmenn okkar ekki fá neitt að vita. Gekk þetta eftir næstu árin og hljóp aldrei snurða á þráðinn.

Mér varð smátt og smátt ljóst hvert var baksvið þessara sögulegu atburða. Nýr forseti hafði tekið við völdum í Mexíkó seint á árinu 1952. Hét hann Adolfo Ruiz Cortines og hafði áður verið ráðherra í stjórn Miguel Aleman sem var forseti þegar við Albert Waterston vorum í landinu. Báðir heyrðu þeir til þeim stjórnmalaflokki, PRI, sem náð hafði völdum í lok þriðja áratugarins og stjórnaði Mexíkó samfleytt fram undir lok tuttugustu aldar. Þótt flokkurinn væri hinn sami, voru forsetarnir ólíkir. Svo virtist sem tímar framsóknar og aðhalds, hirðuleysis og aðgátar skiptust á. Heiðarleiki var ýmist látinn í léttu rúmi liggja eða áhersla á hann lögð. Aleman hafði verið í hópi framsækinnar forseta og hann og fylgismenn hans frá fylkinu Vera Cruz höfðu verið orðaðir við fjárglæfra og auðgunarbrot. Mikið hafði verið um að vera í stjórnartíð hans og nokkurrar spennu gætt í efnahagslífinu. Eftirmaðurinn, Ruiz Cortines, var hins vegar varkár maður og heiðarlegur. Hið sama átti við um helstu ráðgjafa hans í efnahagsmálum, fjármálaráðherrann Antonio Carillo Flores, og forseta Mexíkó-banka,

Rodrigo Gomez. Þeir voru reyndir fjármálamenn sem töldu traust landsins meðal alþjóðastofnana og á fjármagnsmarkaði í New York veða þyngra á metunum en vígsla glæstra opinberra mannvirkja. Eitt fyrsta verk stjórnarinnar hafði verið einbeitt herferð gegn mútum og spillingu í stjórnkerfinu sem innlendir atvinnurekendur jafnt sem erlendir fjárfestar fögnuðu innilega. Við athugun á efnahagsmálum landsins þegar kom fram á árið 1953 sannfærðust þessir ráðgjafar forsetans um að jafnvægi væri að fara úr skorðum. Verðlag virtist hækka hraðar en í Bandaríkjunum, sem hlyti von bráðar að leiða til efasemda um styrk gjaldmiðilsins. Afleiðingin myndi verða vaxandi vantraust á fjármagnsmörkuðum og fjárflótti frá landinu. Rétt væri því að reyna að stemma á að ósi og grípa til gengislækkunar að eigin frumkvæði þegar í stað frekar en að neyðast til þess síðar. Þetta reyndist þó ekki réttilega metið. Traustið sem verið var að sækjast eftir hvarf í einu vettangi þegar gengislækkun sem enginn hafði átt von á kom allt í einu til sögunnar. Mikill fjárflótti brast á eftir gengislækkunina, en ekki á undan henni eins og búist hafði verið við. Næstu ár reyndust Mexíkó erfið, allt þar til tiltrú á stjórn efnahagsmála hafði áunnist að nýju.

Alþjóðabankanum var nokkur vandi á höndum. Há lánveiting af hans hálfu hlaut við þessar aðstæður að vekja mikla athygli og vera Mexíkó styrkur, umfram stuðning við framkvæmdina sem slíka. Á hinn bóginn gat lánveiting rýrt traustið til bankans sjálfs ef þróunin snerist ekki von bráðar til betri vegar. Hér þurfti því að ganga tryggilega frá öllum hnútum. Bráðlega lögðum við af stað til Mexíkó, allstór hópur tæknimanna og viðsemjenda, undir forustu Federico Consolo, og dvöldum þar nokkrar vikur. Þá kom óþægilegt babb í bátinn. Eins og öðrum lántakendum bankans bar Mexíkó að veita reglubundnar upplýsingar um opinberar erlendar skuldir landsins. Á grundvelli víðtækra kynna minna í stjórnkerfinu komst ég hinsvegar að því að lán til fárra ára frá verktökum og birgjum ríkisstofnana voru vantalin í þeim gögnum sem bankanum höfðu borist. Var þetta hliðstætt því sem komið hafði í ljós í Perú ári áður. Þetta kom réttum yfirvöldum á óvart og ákváðu þau þegar í stað að slíkar lántökur skyldu ekki heimilar nema með formlegu leyfi þar til skipaðrar nefndar fjármálaráðuneytis og seðlabanka.

Að loknu starfi sendinefndarinnar tóku við bollaleggingar um lánveitinguna meðal helstu forustumanna Alþjóðabankans. Var niðurstaðan sú að bankinn gæti ekki veitt svo stórt lán við ríkjandi aðstæður nema til kæmi eindregin yfirlýsing ríkisstjórnar Mexíkó um aðhald og aðgát í stjórn efnahagsmála. Var nú samið bréf sem gerði í stórum dráttum grein fyrir þeirri stefnu er þyrfti að fylgja, og Federico Consolo falið, ásamt mér, að halda til Mexíkó í skyndi og snúa aftur með fullnægjandi svar. Bréfið var stílað til fjármálaráðherrans, Antonio Carillo Flores, og undirritað af varaforseta bankans, Robert Garner. Að bandarískri siðvenju hófst það með ávarpinu *Dear Tony* og lauk með kveðjunni *Yours sincerely Bob*. Við snerum aftur fjórum dögum síðar með bréf sem hófst *Dear Bob* og lauk *Yours sincerely Tony*. Varla þarf að taka fram að slík ávörp og kveðjur voru ekki í samræmi við venjur í spænskumælandi löndum, og olli það fjármálaráðherranum nokkrum áhyggjum þegar hann flutti málið fyrir forseta landsins. Í raun var ekki erfitt fyrir stjórn Mexíkó að fallast á skilmála bankans þar sem henni sjálfri var mikið í mun að endurheimta álit sitt og það traust sem verið hafði á fjármálastjórn landsins. Á hinn bóginn skipti það stjórnina miklu að halda fullri virðingu í erlendum samskiptum, og þá ekki síst gagnvart Bandaríkjunum og alþjóðastofnunum sem störfuðu undir bandarískri forustu líkt og Alþjóðabankinn gerði.

## 6. Hondúras – Frumskógur ofar skýjum

Eftir þessi málalok í Mexíkó gat ég snúið mér að Mið-Ameríku. Ég fór í fyrstu ferð mína til Níkaragva um haustið 1954 og dvaldist þar í allmargar vikur. Hafði bankinn þá á undanförnum árum veitt allmikil lán til landsins, einkum til vegamála og rafveitna, í framhaldi af viðamikilli skýrslu og framkvæmdaáætlun sem tveir starfsmenn bankans höfðu samið.<sup>4</sup> Á árunum þar á eftir hafði hagvöxtur verið góður og jafnvægi haldist í efnahagsmálum. Innan Alþjóðabankans var ekki laust við að þessi árangur væri þakkaður störfum bankans og talinn dæmi þess hverju hann gæti áorkað. Mér virtist hins vegar að árangurinn bæri frekar að þakka Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hefði aðstoðað landið við að koma gengismálum sínum og stjórn peningamála og fjármála í heilbriggt horf. Stuðningur bankans við opinberar framkvæmdir gat aftur á móti ekki borið ávöxt fyrr en að nokkrum árum liðnum, hversu heillavænlegar sem þær framkvæmdir voru. Aðalframkvæmdin sem stóð yfir um þessar mundir var bygging þjóðveggar á milli tveggja aðalborga landsins, Managua og Leon. Svo vildi til að mér var boðið að skoða veginn á afmælisdegi mínum 6. október, en þann dag var hellirigning og flóð í öllum ám, sem enn voru flestar óbrúaðar. Varð á bakaleiðinni að brjótast yfir árnar á jarðýtum, og standa að svo búnu aftur á palli vegavinnubíls í rigningunni alla leið til Managua. Minnisverður afmælisdagur – en sem betur fór var regnið vel folgt.

Þegar ég kom aftur til Washington var nýtt mál komið á dagskrá. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði þá um nokkurt skeið aðstoðað Hondúras, nágrennaríki Níkaragva, við að setja á fót seðlabanka og koma lagi á stjórn peningamála og fjármála. Nú var talinn tími til kominn að Alþjóðabankinn kæmi einnig að verki og veitti aðstoð við undirbúning og skipulagningu framkvæmda sem hann síðar gæti veitt lán til. Stofnað hafði verið sérstakt hagråd, *Consejo Nacional de Economía*, til að vinna að þessum undirbúningi og átti fulltrúi bankans að starfa með því sem ráðunautur. Hafði staðið til að belgískur hagfræðingur að nafni Jacques Torfs, sem unnið hafði að málinu af hálfu bankans, tæki við þessu verkefni. Hann ákvað hins vegar að taka við öðrum störfum, utan bankans. Fóru yfirmenn mínir þess á leit að ég tæki við starfinu með búsetu í landinu, jafnframt því sem ég fylgdist með gangi mála í Mexíkó. Varð það úr að ég fluttist með fjölskyldu minni til höfuðborgar Hondúras, Tegucigalpa, í byrjun árs 1955.

Ég hafði ekki komið til Hondúras fyrr og var lítið sem ekkert um landið kunnugt. Hins vegar hafði ég um þetta leyti komist það vel niður í spænsku, bæði af námi í Washington og dvölinni í Perú, að ég treysti mér til að sinna starfi þar sem samskipti fóru að fullu fram á því tungumáli. Gott mannvál var í hagráðinu sem ég átti að vinna með. Formaður þess var fjármálaráðherra landsins, en þar áttu einnig sæti fleiri ráðherrar ásamt aðalbankastjóra hins nýja seðlabanka. Það varð mér svo til mikils láns að í starf ritara ráðsins, en með honum átti ég fyrst og fremst að vinna, valdist hinn ágætasti og hæfasti maður. Hann var jafnaldri minn að heita mátti, rúmlega þrítugur, menntaður sem viðskiptafræðingur í Bandaríkjunum, ættaður úr norðurhluta landsins, Santa Rosa, og af þekktri athafnafjölskyldu á þeim slóðum. Nafn hans var Jorge Bueso, og átti hann mikinn frama fyrir höndum sem fjármálaráðherra til margra ára og frambjóðandi til forseta. Í þetta eina og hálfu ár sem ég starfaði í landinu var hann mér ómetanleg hjálparhella, öllum mönnum og öllum hnútum kunnugur og kom sér alls staðar vel. Þá hafði ég mikið hald og traust af aðalbankastjóra seðlabankans, Roberto Ramirez, og einnig af ráðunaut hans, Paul Vinelli, sem var ítalskur hagfræðingur sem

<sup>4</sup> Annar þessara manna var E. Harrison Clark, sem áður er getið.



upphaflega hafði komið til aðstoðar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þegar bankinn var stofnaður. Einum tveimur áratugum síðar var ég viðstaddur í kveðjuboði, tengdu ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem fulltrúar frá Rómönsku Ameríku héldu Ramirez til heiðurs þegar hann lét af störfum.

Að því er samstarfsmenn snerti og náin tengsl við ríkisstjórn og seðlabanka var ég vel settur í starfi mínu. Erfiðleikarnir fólust hins vegar í því hversu skammt á veg landið var komið í efnahagslegu og verklegu tilliti. Aðalútflutningurinn voru bananar, og má segja að landið hafi verið hið dæmigerða bananálýðveldi. Á norðurströndinni, sem snýr að Karabíska hafinu, voru víðlendar bananaekrur nálægt útflutningshöfninni Puerto Cortés. Þær voru í eigu og umsjá tveggja bandarískra stórfyrirtækja, *United Fruit*, með höfuðstöðvar í Boston, og *Standard Fruit*, með höfuðstöðvar í New Orleans, en áður en ég kom til Hondúras hafði ég sótt bæði þessi fyrirtæki heim. Þessar bananaekrur voru heimur út af fyrir sig, þar sem innlent verkafólk starfaði en fyrirtækin réðu í raun lögum og lofum gegn greiðslu útflutningsskatta. Svo var talið að helstu stjórnámálamenn landsins hefðu löngum verið á mála hjá félögunum. Nú hafði hins vegar fyrir nokkru orðið eins konar stjórnarbylting í landinu þar sem einræðisstjórn Tiburcio Carias, sem setið hafði frá því upp úr 1930, hafði verið steypt úr stóli. Þing, kjörið í heiðarlegum kosningum, hafði tekið til starfa og varaforsettinn fyrrverandi verið valinn ríkisstjóri til bráðabirgða á meðan undirbúningur nýrrar stjórnarskrár færi fram. Þessi ríkisstjóri var gamall stjórnálmálaráðgjafi að nafni Julio Lozano Dias, ætíð nefndur don Julio og kona hans dona Laura. Nýir samningar höfðu verið gerðir við bananafélögin sem fólu í sér umtalsverða hækkun á sköttum og skýrari skilgreiningu á stöðu þeirra í landinu. Allt horfði þetta til betri vegar og bjó í haginn til að sinna þeim stórfelldu verkefnum sem fyrir lágu í opinberum framkvæmdum, og þá ekki síst í samgöngumálum og orkumálum. Það var verkefni hagráðsins sem ég starfaði fyrir að undirbúa og hrinda af stað þessum framkvæmdum, jafnframt því sem það fylgdist með að jafnvægi væri haldið í efnahagsmálum.

Þegar við Guðrún ásamt syni okkar Halldóri, þá að verða tveggja ára, komum til Tegucigalpa snemma í janúar 1955 var kalt í veðri. Norðanvindurinn stóð inn frá Karabíska hafinu og skýjabakkarnir hlóðust upp yfir fjallinu *Picacho* sem borgin stendur undir, og minntu mig á kólubakkann yfir Esjunni í norðanveðri í Reykjavík. Engin úrkoma er um þetta leyti árs, en kuldinn napur í óupphituðum húsum. Við höldum til á hóteli í einar tvær vikur meðan við leituðum eftir hentugu húsnæði, og varð það helst til ráða í kuldinum að halda okkur sem mest undir sæng. Við gátum þó von bráðar flutt inn í stórt og vel búið hús þar sem var hægt að halda að minnsta kosti einu herbergi heitu. Stóð húsið í útjaðri bæjarins við rætur fjallsins og var í eigu þekktis læknis og lyfsala, sem hafði tekið við sendiherrastörfum í einu nágrannaríkjanna. Það hlýnaði brátt eftir kuldakastið, en veðurfar er ekki notalegt þegar líður á þurrkatímamann og ekki hefur komið dropi úr lofti mánuðum saman. Kornstönglar og sina brenna á ökrinum og eldar breiðist út til skóganna, en loft verður þrungið ryki og reyk. Í maí kemur svo blessað regnið, góður skúr upp úr hádegi og stundum samfelld úrkoma fram á kvöld. Regntíminn er besti tími ársins og stendur yfir allt sumarið. Loftið verður tært og jörðin græn, morgnarnir svalir og ljúfir, kvöldin kyrr og myrk. Hitinn er ekki til angurs nema rétt um miðjan daginn, og þá geta menn tekið sér hvíld. Það er ekki fyrir en í október sem hættir að rigna, og um jólaleytið hefjast kuldaköstin. Þá vona menn að hitinn fari ekki niður fyrir sjö gráður á norðurströndinni, en svo lágt hitastig þola bananarnir illa.

Við lifðum kyrrlátu lífi, fórum á fætur fyrir sólarupprás, um það leyti sem fólkíð úr sveitaþorpunum tók að streyma með afurðir sínar inn á markaði borgarinnar, framhjá húsinu okkar sem stóð við þjóðveg inn til bæjarins. Á kvöldin var svo gengið snemma til náða. Þegar félagar mínir í Washington sendu mér skeyti um það leyti dags sem þeir hættu störfum, voru þau borin heim til mín um tíuleytið um kvöldið. Þurfti ég þá að rífa mig úr svefni og sitja fram yfir miðnætti til að þýða skeytin úr því dulmáli sem menn notuðu miklu oftar en ástæða var til. Mikið var um innbrot í hús og leigðu betri borgarar og útlendingar sér varðmenn sem vöktu við húsin, eða réttara sagt sváfu á tröppunum. Við gerðum þetta ekki en það runnu á okkur tvær grímur þegar brotist var inn í húsið eina nóttina með því að klífra upp í tré og fara inn um glugga á annarri hæð, en það voru yfirleitt drengir sem þjófnaðina frömdu undir stjórn sér eldri bófaforingja, líkt og í sögum Dickens. Við breyttum þó ekki til, þar sem nokkrum nóttum síðar var brotist inn til nággranna okkar, sem hafði vörð um húsið, en vörðurinn reyndist vera í slagtogi við þjófa. Við vildum heldur ekki hafa byssu í húsinu eða í bílnum úti á þjóðvegum, sem talin var sjálfsögð nauðsyn, enda kunnum við ekki með slík tæki að fara. Eitt kvöld þegar ég var í burtu drap næsti nággranni okkar á dyr hjá Guðrúnu og bað um að fá byssuna okkar lánaða yfir nóttina þar sem hann hefði gleymt sinni byssu á vinnustað sínum. Kvaðst hann jafnframt skyldu gæta beggja húsanna þá nóttina. Guðrún færði honum hlæjandi þá einu byssu sem til var í húsinu, leikfangabyssu tveggja ára drengs. Ein helsta dægrastytting okkar um helgar var að aka á jeppa um fjöllin í nágrenninu, í gegnum þá víðlendu barrskóga sem breiðst hafa út þar sem laufskógar hafa brunnið, upp í frumskóginn sem stendur þar fyrir ofan og eldar hafa ekki náð til. Þeim slóðum hefur verið lýst sem „frumskógi ofar skýjum“. Þegar við sögðum vinum okkar innlendum frá þessum ferðum, vörðu þeir okkur ekki aðeins við stigamönnum heldur einnig við eiturslögum, en hvorugt hafði okkur dottið í hug. Við höguðum okkur eins og við værum heima á Íslandi, en barnaskapurinn varð okkur ekki að meini sem betur fór.

Ekki leið á löngu þar til ég áttaði mig á því að forveri minn, sá sem hafði undirbúið og samið um samskipti bankans og ríkisstjórnar Hondúras en nú var farinn frá bankanum og laus allra mála, hafði ekki sýnt nægilega aðgát í viðræðum sínum við fyrirmenn landsins. Þeir höfðu að minnsta kosti skilið mál hans þannig að ekki myndi líða á löngu þar til lánveitingar frá bankanum gætu hafist. Mér fannst jafnvel eins og sumir þeirra, og þá ekki síst ríkisstjórinn sjálfur, byggjust við að ég væri með milljónir dollara í farangrinum. Þessu fór þó víðs fjarri. Engin þau verkefni voru undirbúin sem bankinn gæti veitt fjárhagslegan stuðning, og stofnanir í landinu gátu ekki annast þann undirbúning nema á allöngum tíma og með tæknilegri aðstoð erlendis frá. Til þess að hjálpa til að hrinda þessum málum áleiðis réð bankinn mér til aðstoðar verkfræðing frá Perú, Cesar Elias að nafni, sem brátt kom til landsins ásamt fjölskyldu sinni. Þá komu einnig bandarísk ráðgjafafyrirtæki til sögunnar áður en langt um leið. Annar vandi var sá að stjórnaritari landsins hafði ekki verið komið í löglegt horf. Ný stjórnarskrá hafði ekki verið sett og forseti kjörinn í samræmi við hana. Ríkisstjórinn sat til bráðabirgða án stjórnréttarlegs bakhjarls, og lögfræðingar bankans töldu lánveitingar ekki koma til álita meðan svo stæði á. Þetta var viðkvæmt mál.

Þegar komið var fram á vor vildu yfirmenn mínir í Washington fá að vita hvernig stjórnarfarabreytingum miðaði. Svo vildi til að ég átti viðtal við ríkisstjórnann um þessar mundir og notaði það tækifæri til þess að reyna að fræðast um hvernig málin stæðu. Ég hélt mig fara að þessu með fullri gát, en don Julio var, eins og fyrr segir, gamall refur og áttaði sig á því hvar fiskur lá undir steini. Ég hefði auðvitað aldrei átt að ýja að þessu máli við hann, heldur leita hófanna hjá samstarfsmönnum mínum í hagráðinu. Ríkisstjórinn dró þá

ályktun af samtali okkar að ekki myndi vera von á lánum frá bankanum fyrr en eftir þá kosningabaráttu sem hann átti í vændum. Taldi hann þá hið nána samstarf við bankann ekki þjóna þeim tilgangi sem hann hefði ætlað og ákvað að því skyldi slitið og ég hverfa úr landi. Það varð uppi fótur og fit, eins og nærri má geta, innan hagráðs, ríkisstjórnar og seðlabanka, og meðal yfirmanna minna í Washington. Sömuleiðis blandaði sendiráð Bandaríkjanna og utanríkisráðuneytið í Washington sér í málið, en Bandaríkjastjórn taldi sig að sjálfsögðu eiga mikilla hagsmuna að gæta í landinu. Í nokkra daga var sem himinn og jörð væru að farast, en þá tókst seðlabankastjóranum, Roberto Ramirez, sem hafði til að bera bæði lagni og myndugleika, að telja don Julio hughvarf. Allt skyldi vera við það sama og áður. Þessi málalok voru mér mikill léttir, en um leið var ég reynslunni ríkari. Það hafði ekki gerst áður að fulltrúa Alþjóðabankans væri vísað úr landi, en um líkt leyti og þetta var hafði Peter Lieftink, áður fjármálaráðherra í Hollandi, orðið að láta af störfum á vegum bankans í Tyrklandi vegna þess að stjórnvöld þar í landi töldu hann hafa óumbeðið komið fram sem eins konar fulltrúa landsins á fundi í París. Sá brottrekstur var ekki afturkallaður.

Ég hélt starfi mínu áfram, en hafði nú öllu veikari stöðu en fyrr gagnvart yfirboðurum mínum í Washington. Hins vegar kom forstjóri deildarinnar, Burke Knapp, fljótlega í heimsókn og áttaði sig betur en áður hafði verið á málavöxtum og þeirri erfiðu aðstöðu sem bankinn var í. Síðar á árinu gerðist það svo að hann greindi frá því á opnum fundi í New Orleans hverjar væru væntanlegar lánveitingar bankans til landa Rómönsku Ameríku á næstunni, en meðal þeirra voru engin lán til Hondúras. Upphöfst leikurinn þá að nýju. Vildi don Julio enn á ný slíta samskiptum við bankann, en Roberto Ramirez gat afstýrt því að svo yrði líkt og fyrri daginn.

Starfi hagráðs við undirbúning verkefna miðaði áfram þrátt fyrir þessi ítrekuðu áföll. Í vegamálum var mest áhersla lögð á að koma viðhaldi í þokkalegt horf áður en kæmi til mikilla nýbygginga, sem þó voru einnig í undirbúningi. Fyrsta vatnsaflsvirkjun landsins, sem orð var á gerandi, átti að rísa við ána Rio Lindo, sem rennur úr helsta stöðuvatninu. Svipaði þeirri virkjun mjög til Sogsvirkjunar. Ráðunautur við þær framkvæmdir var einmitt bandaríska verkfræðistofan Harza sem nokkru síðar kom við sögu hér á landi. Jafnframt því sem þessum undirbúningi miðaði áleiðis hélst stjórn efnahagsmála í traustum farvegi. Miklar umbætur höfðu verið gerðar í skattamálum og samningar um frjálsari viðskipti á milli ríkja Mið-Ameríku höfðu hafist.

Ég hafði eins og ætlunin hafði verið fylgst með málefnum í Mexíkó samhliða starfi mínu í Hondúras. Hafði ég tekið nokkurn þátt í athugun á skipulagi orkumála sem Alþjóðabankinn hafði komið til leiðar, en ég hafði satt að segja miklar efasemdir um. Einnig hafði ég um eins mánaðar tíma sumarið 1955 kennt á námskeiði sem seðlabankinn, Banco de Mexico, stóð fyrir í samvinnu við aðra seðlabanka Rómönsku Ameríku. Fór námskeiðið að öllu leyti fram á spænsku og gat ég byggt kennsluna á raunverulegum dæmum frá þeim löndum álfunnar sem ég hafði haft kynni af. Hafði ég af þessu bæði gagn og gleði. Skömmu eftir dvölinu í Mexíkó veiktist ég af gulusótt sem er algengur sjúkdómur á þessum slóðum. Var sóttin væg framan af og hélt ég mér í rólegheitum heima við. En svo dundi yfir enn ein kreppan í samskiptum bankans og Hondúras, í þetta sinn vegna samninga við erlenda verktaka. Ég varð að rjúka til starfa, og var þá óðar kominn fárveikur inn á sjúkrahús. Guðrún var búin að semja við vini okkar í Hondúras um að ég yrði fluttur flugleiðis til Flórída um það leyti sem af mér bráði, en samtímis því bárust fregnir um að Halldór Laxness hefði hlotið Nóbelsverðlaunin.

Þegar kom fram yfir áramótin 1955/56 tók að hilla undir meiri hreyfingar á samskiptum Alþjóðabankans og Mexíkó, og töldu yfirmenn mínir í Washington þá að mín væri meiri þörf við nýja og ítarlegri athugun þar í landi heldur en í Hondúras, þar sem mál voru nú á réttu róli. Var því ákveðið að annar starfsmaður í deildinni tæki við starfinu í minn stað, en ég flytti að nýju til Washington. Arftaki minn var Bandaríkjamaður að nafni Newton Parker, og hafði verið félagi Benjamíns Eiríkssonar í doktorsnámi í Harvard. Við Guðrún yfirgáfum því Hondúras um miðjan apríl 1956 og ætluðum okkur að sigla með bananaskipi frá Puerto Cortés á norðurströndinni til Baltimore, en af því varð því miður ekki vegna breytingar á áætlun skipsins.

Það er við hæfi að ljúka þessari frásögn um dvölinna í Hondúras með fáeinum orðum um það sem gerðist þar í landi eftir brottför okkar. Forsetakosningar voru haldnar um haustið eins og til hafði staðið, en mjög skorti á að þær færu heiðarlega fram. Svo átti að heita að don Julio, sem studdur var af gamla þjóðarflokknum, sem lengst af hafði farið með völd í landinu, bæri sigur úr þýtum. Fáir efuðust þó um að úrslitin hefðu orðið önnur ef rétt hefði verið að verki staðið. Yfirmenn flughersins, ungir menn sem menntaðir voru í Bandaríkjunum, og nú réðu yfir nokkrum orrustuþotum sem keyptar höfðu verið frá Svíþjóð, létu þá til skarar skriða. Einn morguninn voru helstu opinberar byggingar teknar herskildi, án blóðsúthellinga. Jafnframt tóku þoturnar sig á loft og flugu lágflug yfir og umhverfis borgina. Var don Julio, er sat í forsetahöllinni, tilkynnt að honum stæði til boða að flytjast til Flórída, en að öðrum kosti myndi sprengju verða varpað á bústaðinn. Don Julio reyndi að ná samningum, en uppreisnarmenn fengu þá seðlabankastjórnarann Roberto Ramirez, sem áður er að góðu getið, til þess að tala við donu Lauru og sannfæra hana um að full alvara væri á ferðum. Fluttu þau hjón þá úr landi, en flugherinn tók stjórnina í sínar hendur. Hétu foringjarnir því að heiðarlegar kosningar skyldu fara fram innan eins árs, og stóðu að fullu við það fyrirheit. Í þeim kosningum hlaut frambjóðandi frjálslynda flokksins sigur. Í þeirri ríkisstjórn varð vinur minn Jorge Bueso, fjármálaráðherra. Gat þessi stjórn sér hið besta orð fyrir frjálslynt og hófsamt stjórnarfar. Nýjar kosningar áttu að vera að sex árum liðnum. Var Jorge Bueso þá frambjóðandi frjálslyndra og talinn sigurstranglegur. Hinar gömlu og þralátu stjórnmalaværingar urðu hins vegar til þess að herinn skarst í leikinn, tók völdin og kom í veg fyrir kosningar. Ekki reyndi því á að ég þyrfti að standa við gamalt loforð mitt, gefið í gamni, en þó af nokkurri alvöru, að ég skyldi snúa aftur til Hondúras og vera ráðunautur Jorge Bueso í efnahagsmálum þegar hann væri orðinn forseti. Hann hélt heim til sín til Santa Rosa eftir þetta og tók við rekstri þeirra fyrirtækja er voru í eigu fjölskyldu hans. Ég hitti hann síðar á alþjóðafundum og veit ekki annað en að honum hafi auðnast að lifa farsælu lífi án frekari forustu í stjórnmalum landsins.

Ég kom aftur í stutta heimsókn til Hondúras síðsumars 1957. Var ég þá á ferðalagi um Mið-Ameríku til að setja eftirmenn mína inn í störf sín sem hagfræðinga þessa svæðis. Voru þetta tveir ungir menn, tiltölulega nýlega komnir til bankans. Var annar þeirra, Fawsi Habib, kristinn Egypti, og tók hann við El Salvador og Hondúras. Hinn var Engendingur, Robert Frost, stjúpsonur þáverandi leiðtoga Verkamannaflokksins Hugh Gaitskill. Varð hann síðar kunnur sem höfundur bókar um fátækt í þróunarlöndum. Tók hann við umsjá með Níkaragva og Kostaríka. Á síðastnefnda landið hefi ég ekki minnst áður. Það var fyrirmyndarlandið að því er snerti bæði stjórnarfar og þróun efnahagsmála, traust lýðræðisríki á framandi slóðum sem stundum var líkt við Sviss eða Norðurlönd. Það var að vísu enn fátækt land, en miklu lengra á veg komið en nágrannaríkin, friðsamt land og vopnlaust. Samskiptin við Alþjóðabankann voru góð og enginn sérstök mál til úrlausnar. Ég

held ég hafi skrifað eina stutta skýrslu um landið þann tíma sem ég fór með málefni þess, en hefði gjarnan viljað helga því meiru af tíma mínum. Um Hondúras þurfti ég hins vegar að semja enn eina skýrsluna í lok þessarar ferðar, ásamt áætlun um sennilega þróun efnahagsmála á næstu árum. Henni tókst mér þó ekki að ljúka fyrir en ég var fluttur til Íslands seint um haustið 1957.

## 7. Mexíkó enn á ný

Eins og fyrir segir voru það aðkallandi verkefni í Mexíkó sem urðu til þess að ég lét af störfum í Hondúras vorið 1956. Það sem fyrir lá var að semja ítarlega greinargerð um stöðu mála í Mexíkó tveimur árum eftir gengislækkunina. Ætlunin var jafnframt sú að í kjölfarið fylgdi sameiginleg athugun bankans og Mexíkó-stjórnar á framkvæmdaáætlun sem stjórnin hafði í smíðum og gæti orðið grundvöllur að nýjum lánveitingum bankans. Svo stóð á að ég átti rétt til heimferðarleyfis þetta sumar að loknu sex ára starfi í bankanum. Varð það úr að Guðrún og sonur okkar færu til Íslands í júní, en ég héldi til Mexíkó, lyki skýrslunni og færi til Íslands að svo búnu. Sendinefnd frá bankanum, undir minni forustu, átti svo að vera tilbúin til Mexíkó-farar á haustmánuðum. Ég dvaldi um mánaðar tíma í Mexíkó, og tók þá aftur þátt í sama námskeiðinu í Mexíkó-banka og ég hafði gert árið áður, jafnframt því sem ég safnaði gögnum til skýrslugerðar. Sjálfa skýrsluna skrifaði ég hins vegar ekki fyrir en hér heima á Íslandi, raunar í sumarbústað systur minnar austur í Grímsnesi þar sem ég dvaldi í vikutíma við skrifrit ásamt móður minni.

Skýrslan var mjög jákvæð, og hafði raunar að geyma jákvæðasta mat sem ég hefi lagt á efnahagshorfur nokkurs lands. Eftir það áfall sem gengisfellingin 1954 olli hafði verið haldið á málum af mikilli festu. Góð tök höfðu verið á stjórn fjármála og peningamála og í kjölfar gengislækkunarinnar höfðu ekki fylgt verulegar launahækkanir. Hagvöxtur hafði verið góður og eðlilegt jafnvægi í erlendum viðskiptum. Allt benti til að stjórnvöld hefðu ríkan skilning á mikilvægi stöðugleika og myndu gera sitt ítrasta til að atburðarásin frá því fyrir 1954 endurtæki sig ekki. Jafnframt höfðu mikilvægar umbætur orðið á skipulagi og undirbúningi opinberra framkvæmda, að tilstuðlan forsetaembættisins sjálfs, sem áttu að geta leitt til árangursríkrar samvinnu við Alþjóðabankann. Þetta álit á þróun mála í Mexíkó stóðst í öllum aðalatriðum. Hagvöxtur reyndist góður og stjórn efnahagsmála til fyrirmyndar í meira en áratug eftir að skýrslan var skrifuð. Það var ekki fyrir en um og eftir 1970 sem tók að losna um flest bönd í Mexíkó, líkt og annars staðar, og ekki fyrir en 1982 sem landið stóð uppi með skuldabagga sem það réð ekki við.

Áður en vikið er frekar að málefnum Mexíkó er rétt að geta þess sem á daga mína dreif í sumarleyfinu heima á Íslandi. Hér höfðu kosningar orðið í júní og ný ríkisstjórn, vinstri stjórn Hermanns Jónssonar, verið mynduð í júlí, skömmu eftir að ég kom heim. Ljóst var að sú stjórn yrði þegar í stað að grípa til nokkurra bráðabirgðaaðgerða í efnahagsmálum. Umfram allt þurfti hún þó að marka sér grundvallarstefnu í þeim málum, sem hlaut að verða erfitt verkefni, ef ekki óviðráðanlegt, vegna þess mikla skoðanamunar sem var á milli þeirra flokka sem að stjórninni stóðu. Ég þekkti ráðherrana alla, en þó mismunandi vel. Gylfi Þ. Gíslason var náinn vinur minn og hafði heimsótt mig í Bandaríkjunum ekki alls fyrir löngu. Ég var einnig vel kunnugur Lúðvík Jósepssyni frá því ég hafði dvalið á Norðfirði sem unglingur og sömuleiðis frá samveru okkar í Sósíalístaflokknum. Við hann átti ég langt samtal samkvæmt ósk hans rétt eftir að ég kom til landsins. Var ég nú bráðlega kallaður til viðræðna við ríkisstjórnina norðan úr landi þar sem ég dvaldi hjá systur minni á Akureyri

og á æskustöðvum konu minnar í Þingeyjarsýslu. Farið var fram á að ég tæki að mér að starfa með stjórninni sem ráðunautur næstu mánuði til þess hvorutveggja að ráða fram úr brýnasta efnahagsvandannum og móta stefnu til framtíðar. Svar mitt við þessari málaleitan gat ekki verið annað en að gera grein fyrir því að sendiförin til Mexíkó á vegum Alþjóðabankans væri fastmælum bundin og myndi standa fram á næsta ár. Jafnframt ráðlagði ég stjórninni að leita til starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um ráðgjöf við mótun haldbærrar framtíðarstefnu. Hafði ég þá einkum í huga tvo tiltekna menn, Jacques Polak, sem þá var einn af helstu hagfræðingum sjóðsins, Hollendingur að uppruna, og Norðmanninn Rolf Evensen, sem áður hafði starfað með Benjamín Eiríkssyni og var manna kunnugastur málefnum Íslands innan sjóðsins. Fór ríkisstjórnin að þessum ráðum, og fól Jóni Árnasyni bankastjóra, sem þá var fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans, að koma þessu í kring. Lá við að málið strandaði á því hversu önnum kafinn Polak var, en niðurstaðan varð sú að þeir félagar komu hingað til lands í lok ágúst og dvöldust hér um tveggja vikna skeið. Var þetta mun skemmri tími en ég hafði ætlað til verksins. Frá skýrslunni var gengið 15. september, en um niðurstöðu hennar náðist ekkert samkomulag innan ríkisstjórnarinnar. Sat því allt í sama horfi og áður nema hvað uppþóta- og gjaldakerfið sem þróast hafði undanfarin ár varð brátt enn umfangsmeira en fyrr. Sjálfur hélt ég aftur til Bandaríkjanna um það leyti sem skýrslan barst í hendur ríkisstjórnarinnar.

Undirbúningur fararinnar til Mexíkó reyndist erfiðari og seinlegri en búist hafði verið við, og það var ekki fyrr en í byrjun febrúar 1957 sem sendinefndin var komin til starfa í Mexíkó, og þá fálíðari en gert hafði verið ráð fyrir. Staðið hafði á að fá sérfræðinga frá tæknideild bankans. Reyndur hagfræðingur deildarinnar, Bandaríkjamaður að nafni Arthur Wubnig, átti að taka að sér samgöngumálin, sem voru hans sérgrein. Þegar til átti að taka synjaði utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna honum um vegabréf. Stafaði þetta af gömlum ásökunum um fylgispekt við Sovétríkin á þeim tíma sem hann hafði verið starfsmaður hjálparstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNRRA, eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Andi McCarthys sveif sem sagt enn yfir vötnunum. Um sinn var búist við því að málið myndi leysast og Wubnig slást í hóp okkar í Mexíkó. Það rættist þó ekki og varð ég að lokum sjálfur að taka að mér samgöngumálin. Þetta veikti áhrifamátt skýrslunnar gagnvart tæknideildinni þar sem þeirra eigin fulltrúi hafði ekki komið að verki. Því má svo bæta við að Arthur Wubnig var síðar meir hreinsaður af öllum áburði, en bar aldrei sitt barr eftir það sem gerst hafði. Þá tókst mér ekki að fá í hópinn þann fulltrúa hagfræðideildar bankans sem ég helst hefði kosið, en það var Dragosvil Abramowitz frá Júgóslavíu. Í hans stað kom hagfræðingur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nýlega hafði ráðist til bankans, Hollendingur að nafni Barend de Vries, kallaður Bob. Tókst með okkur ágæt samvinna, og tók hann við starfi mínu í Mexíkó þegar ég fluttist til Íslands. Þá voru í hópnum reyndir sérfræðingar í áveitumálum sem og olíu- og orkumálum, en þær greinar skiptu miklu í Mexíkó.

Sendinefndin fékk starfsaðstöðu á skrifstofu forseta landsins í Chapultepec-höllinni, en þar var samastaður mexíkóskra starfsbræðra okkar sem yfirumsjón höfðu með áætlunum um opinberar framkvæmdir. Við þá áttum við ágætt samstarf, en forustu fyrir þeim hafði náinn aðstoðarmaður forsetans, Raul Salinas. Sonur hans, Carlos Salinas, sem um þetta leyti var barn að aldri, varð síðar meir forseti Mexíkó í lok níunda áratugarins. Við Bob de Vries ferðumst heilmikið um landið. Á vegum olíufélagsins Pemex var farið með okkur til nýrra olíusvæða sunnarlega í landinu, þar sem miklar olíulindir fundust allmörgum árum síðar. Í norðurhluta landsins var ekið með okkur í jeppa eftir fyrirhuguðu járnbrautarstæði nálægt heimsfrægu gljúfri *Barranca de Cobre*. Í þeirri ferð hefur mér orðið kaldast á ævinni þegar við

gistum eina nótt í skála vegavinnumanna uppi í fjöllum. Þessi járnbraut mun nú vera komin í notkun fyrir nokkru og vera vinsæl af ferðamönnum, en á þessum tíma gátum við ekki litið á hana sem forgangsverkefni. Í lok dvalarinnar áttum við tveggja daga fund með starfsbræðrum okkar á friðsælu sveitasetri í fjallendi Vera Cruz fyrir suðaustan Mexíkóborg. Stóð það í fögrum dal þar sem járnbrautin fíkraði sig í snörpum hlykkjum upp á hásléttuna. Varð þá ævinlega fundarhlé þegar eimpípan blés og allir þustu út á svalir til þess að fylgjast með ferðum lestarinnar.

Árangurinn af starfi okkar varð um sinn minni en ætlunin hafði verið, og urðu mér það allmikil vonbrigði. Það reyndist eins og fyrri daginn erfitt að brúa það bil sem var á milli viðhorfa mexíkóskra stjórnvalda annars vegar og þeirrar afstöðu sem ríkjandi var í Alþjóðabankanum hins vegar, og þá ekki síst í tæknideild bankans. Eins og fyrr segir hafði olíuvinnsla verið þjóðnýtt, og sömuleiðis járnbrautir og rafveitur að miklu leyti, en námur verið hátt skattlagðar. Iðnaður og fjármálastarfsemi voru hins vegar í fullum einkarekstri nema hvað öflugur opinber fjárfestingasjóður var starfandi. Ég hafði þegar hér var komið kynnt mér sögu Mexíkó rækilega, bæði að fornu og nýju, og þekkti vel til allra staðháttanna. Mér virtust stjórnmal landsins á vel skiljanlegum þroskaferli og hagkerfinu svipa til blandaðra hagkerfa í Evrópu. Telja mætti að stjórnarflokknum, PRI, og tengslum hans við samtök verkamanna og bænda, svipaði til stóru jafnaðarmannaflokkanna í Vestur-Evrópu, enda þótt lýðræðisþróun sæti enn á hakanum. Fjármálum og peningamálum var um þetta leyti vel stjórnað, hagvöxtur var góður og horfur á að hann gæti haldist. Ég gat ekki séð að knýjandi þörf væri fyrir breytingar á hagkerfinu í átt til meiri einkarekstrar, nema hvað nauðsyn bar til að hækka raforkuverð, notfæra sér starfsemi einkafyrirtækja til olíuleitar og hækka olíuverð á innlendum markaði til samræmis við heimsmarkaðsverð. Jafnframt var þörf á traustari tókum og betri samræmingu í hvers konar opinberum framkvæmdum eins og Mexíkó-stjórn hafði verið að vinna að í framhaldi af nefndarálitinu frá 1952. Í Alþjóðabankanum var á hinn bóginn á sjötta áratugnum ríkjandi strangur andi einkaframtaks eins og áður hefur verið lýst. Sá andi stafaði vissulega frá aðalstjórnendum bankans og nauðsyn þess að halda rétttri ímynd hans á bandarískum fjármálamarkaði, en skoðun mín var sú að þeir Black og Garner gætu verið raunsærir og skilningsríkir þegar svo bar við að horfa. Öðru máli gegndi hins vegar um suma nánustu undirmenn þeirra, og þá einkum þá sem stjórnðu tæknideild bankans. Þeim hætti til að vera kaþólskari en páfinn, gera kröfur sem ekki voru tímabærar og standa í vegi þess að raunsær skilningur á aðstæðum réði ferðinni. Mér er minnisstætt að eitt sinn eftir að við höfðum átt viðtal við ráðamenn í Mexíkó varpaði háttsettur starfsmaður tæknideildarinnar öndinni og spurði „Hvenær ætla Mexíkóarnir að gefa byltinguna sína upp á bátinn“? Ég sagði fátt, en vissi sem var að sá tími ætti langt í land. Hans fór ekki að gæta að ráði fyrr en komið var fram á níunda áratuginn og átök þeirra umskipta standa enn.

Því er svo rétt að bæta við þessa frásögn að mikil breyting varð á samskiptum Mexíkó og Alþjóðabankans snemma á sjöunda áratugnum, nokkrum árum eftir að ég lét af störfum. Stöfuðu þau umskipti að nokkru af nýrri stefnu bankans og að nokkru af því að nýir menn tóku við taumunum í Vesturálfudeildinni og þá ekki síst hagfræðingurinn Gerald Alter, sem ég hafði kynnst vel og hafði mikið álit á, en hann varð nú yfirmaður deildarinnar. Jukust lánveitingar bankans til Mexíkó mjög á þessum árum, og þá ekki síst til vegamála sem ég hafði borið einna mest fyrir brjósti í skýrslugerðinni 1957.

## 8. Hugsað til heimferðar

Meðan stóð á undirbúningi sendifararinnar til Mexíkó velti ég framtíð minni æ meira fyrir mér. Ég hafði aldrei hugsað mér að dvölin vestan hafs og starfið í Alþjóðabankanum stæði til langframa. Ég hafði miklu fremur litið á þennan þátt í lífi mínu sem skeið menntunar og þroska er kæmi að notum við framtíðarstörf heima á Íslandi. Allt frá fyrstu námsárum mínum í Svíþjóð hafði ég litið á það sem framtíðar verkefni að ná yfirsýn yfir íslensk efnahagsmál og atvinnulíf og vinna á þeim grunni að róttækum umbótum á stjórn þeirra mála. Mér hafði runnið til rifja að Íslendingum hafði tekist mun verr til í þessum efnunum en nágrannaþjóðum bæði á kreppuárunum og í verðbólgu styrjaldaráranna. Ekki hafði tekið betra við að styrjöldinni lokinni. Ég hafði á þeim árum fengið af því reynslu við hversu ramman reip var að draga. Ég hafði þá einnig fylgst með þeirri tilraun til umbóta sem þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson stóðu fyrir, og að nokkru tekið þátt í henni. Mér hafði þó frá upphafi verið ljóst að hún myndi ekki takast. Um hitt var ég eigi að síður sannfærður að við svo búið yrði ekki staðar numið, þróunin í umheiminum og vaxandi samskipti við aðrar þjóðir myndu knýja fram nýjar atrennur til umbóta sem ég væri færari um að taka þátt í en áður vegna reynslu minnar í Alþjóðabankanum. Nú voru menn sem höfðu svipaðar skoðanir og ég komnir til áhrifa í landinu, og þá fyrst og fremst Gylfi Þ. Gíslason. Hjá því gat ekki farið að ný og alvarleg tilraun til umbóta yrði gerð á næstu árum, enda þótt fyrstu spor nýrrar ríkisstjórnar hefðu ekki verið gæfusamleg. Allt þetta benti mér í þá átt að réttur tími gæti verið kominn til umskipta.

Að því er stöðu mína og starf í Alþjóðabankanum snerti var einnig ýmislegt sem knúði til sömu áttar og að framan er lýst. Ég hafði lært mikið og tekið út góðan þroska á sjö ára starfsferli í bankanum. Í því tilliti myndu næstu ár ekki gefa eins mikið í aðra hönd. Þar við bættist að ég fann æ meira til þess að bankinn væri íhaldssamur og staðnaður, og taldi að breytingar í því efni væru ekki á næsta leiti. Þetta hafði einkum snert mig vegna kynna minna af afstöðu ráðamanna bankans til Mexíkó og reynslu minnar við undirbúning sendifararinnar þangað. Auk þess gerði ég mér ljóst að starfstími minn að málefnum þess lands væri brátt kominn að lokum, og vissi ég þá ekki hvað við tæki. Ég sá ekki fyrir þær miklu umbreytingar sem urðu í Alþjóðabankanum nokkrum árum síðar vegna veðrabrigða í bandarískum stjórnámálum, tilkomu Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) og umskipta í yfirstjórn bankans.

Niðurstaðan varð sú að ég afréð að segja starfi mínu lausu og hverfa aftur til Íslands seinni hluta árs 1957 þegar lokið væri að ganga frá skýrslu sendinefndarinnar til Mexíkó og ég hefði búið málefni Mið-Ameríkulandanna í hendur eftirmanna minna í þeim löndum. Þótt ég hefði þannig gert upp hug minn, var Guðrún kona mín á öðru máli. Hún hafði unað sér vel í Bandaríkjunum, og raunar einnig í Mexíkó og Hondúras, tekið ástfóstri við borgina Washington og nágrenni hennar og fannst að litlu að hverfa á Íslandi, og engu er fastmælum væri bundið. Henni var þvert um geð að fallast á þessar ráðagerðir. Skyndileg veikindi hennar um haustið leiddu svo til þess að brottför okkar dróst um allmargar vikur. Til Íslands komum við ekki fyrr en seint í október þegar skammdegismyrkrið var sem óðast að færast yfir landið.

## 9. Verkefni í Perú, Venesúela og Gana

Enda þótt ég væri kominn aftur heim til Íslands í árslok 1957, hafði ég ekki slitið tengsl mín við Alþjóðabankann. Ég átti þar góða vini, sem sumir voru í áhrifamiklum stöðum. Mest



samband hafði ég við Orvis Schmidt, sem nú var forstjóri Vesturálfudeildarinnar, og mér stóð opið að snúa aftur til bankans nánast hvenær sem væri. Þetta skipti mig miklu fyrstu árin hér heima, en á þeim árum var aðstaða mín til starfa hér á landi í mikilli óvissu. Upphaflega hafði verið um það rætt að ég tæki við föstu starfi sem ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og veitti forstöðu nýju ráðuneyti eða stofnun sem um þau mál fjallaði. Þessu reyndu ráðherrar Alþýðuflokksins, þeir Gylfi Þ. Gíslason og Guðmundur Í. Guðmundsson, að fylgja fram. Afstaða Eysteins Jónssonar, fjármálaráðherra, var hins vegar sú að ekki skyldi festa hagfræðinga í sessi í nálægð ríkisstjórnar. Þá mætti kalla til ráðagerðar eftir því sem ástæður reyndust til, en fasta aðstöðu með tilheyrandi starfslíði mættu þeir ekki hafa. Þessa niðurstöðu kynnti Guðmundur Í. Guðmundsson mér rétt í þann mund að ég var að leggja til heimferðar en hann staddur í Washington. Þá var hinsvegar svo komið að ekki varð aftur snúið. Fyrsta árið hér heima var því allt í lausu lofti, ráðning mín eingöngu til bráðabirgða, starfslíð ekkert og samastaður í húsakynnum Útflutningssjóds á Klapparstíg. Á útmánuðum 1958 hringdi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, Birgir Thorlacius, til mín og flutti þau skilaboð frá Hermanni Jónassyni, forsætisráðherra, að nú væru veður öll válynd og verið gæti að lífdagar stjórnarinnar væru taldir, sem mér var raunar manna kunnugast, og vildi Hermann því veita mér skipan í stöðu. Ég spurði í hvaða stöðu það ætti að vera, og lengra varð samtalið ekki. Breyting varð ekki á þessari aðstöðu minni fyrr en haustið 1958 þegar ég, fyrir áeggjan Þórhalls Ásgeirssonar og tilstuðlan ráherrans, Lúðvíks Jósepssonar, tók við störfum ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu þau ár sem Þórhallur starfaði sem fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjódsins í Washington. Enn frekari breyting varð svo þegar Efnahagsráðuneyti var stofnað seint á árinu 1959, er síðar breyttist í Efnahagsstofnun árið 1962.

Það kom öðru hverju til tals á þessum árum að ég tæki að mér verkefni til skamms tíma á vegum Alþjóðabankans, en úr því gat ekki orðið vegna mikilla anna minna hér heima. Það var ekki fyrr en sumarið 1963, að loknum Alþingiskosningum þess árs, að um hægðist í þeim mæli að ég teldi slík störf koma til greina. Tók ég þá boði frá Vesturálfudeild bankans um að fara til Perú til að kynna mér stefnu nýkjörins forseta landsins, Belaunde Terry, í efnahagsmálum og gera bankanum grein fyrir henni. Fór ég til Perú í ágústmánuði og tók ferðin um þrjár vikur með viðkomu í Washington.

Tæpu ári eftir að þetta var, eða vorið 1964, urðu mikil umskipti í Vesturálfudeild Alþjóðabankans, eins og raunar stóðu yfir í bankanum öllum þar sem nýr forseti, George Woods, valinn af John Kennedy, hafði árið 1961 tekið við af Eugene Black. Nýr yfirmaður deildarinnar var enginn annar en Gerald Alter, sem ég hafði kynnst snemma á ferli mínum í bankanum og talið fremstan meðal hagfræðinga hans. Bauð hann mér nú að taka við stöðu hagfræðilegs ráðunautar deildarinnar sem umsjón hafði með öllum hagfræðistörfum innan hennar. Þetta tilboð freistaði mín mjög, og ræddi ég málið við Bjarna Benediktsson, forsætisráðherra, þegar sá fyrir um hagstæð málalok þeirra samninga á vinnumarkaði sem lauk með hinu svokallaða júní-samkomulagi 5. júní 1964. Var niðurstaða þeirra viðræðna sú að Bjarni féllst á að veita mér leyfi frá störfum forstjóra Efnahagsstofnunar um tveggja ára skeið. Þessi lausn, sem Gerald Alter vildi fallast á fyrir sitt leyti, gat þó ekki náð fram að ganga vegna þess að reglur bankans leyfðu ekki svo tímabundna ráðningu. Taldi ég málinu þar með lokið. Daginn sem júní-samkomulagið var undirritað hringdi Alter hins vegar til mín enn á ný þegar honum hafði tekist að fá reglum bankans breytt. Þá hafði ég hins vegar

tjáð Bjarna Benediktssyni að ekkert yrði úr þessum fyrirætlunum, og hann látið í ljós ánægju sína með þá niðurstöðu. Treysti ég mér þá ekki til að taka málið upp að nýju.

Þrátt fyrir þessi málalok var ég ekki afhuga því að taka að mér sérstök verkefni á vegum Alþjóðabankans til þess í senn að fylgjast betur með því sem var að gerast í umheiminum og treysta samband mitt við bankann vestra. Slíkt tækifæri bauðst síðla vetrar á næsta ári, 1965. Varð það þá úr að ég veitti forstöðu sendinefnd frá bankanum til Venesúela sem átti að kynna sér framkvæmdaáætlun sem stjórn landsins hafði í smíðum til næstu fimm ára. Var þetta allumfangsmikið verkefni, sendinefndin fjölmenn, um fimmtán manns, og átti verkið að taka um fjóra mánuði. Þann tíma myndi Bjarni Bragi Jónsson gegna störfum mínum sem forstjóri Efnahagsstofnunar. Um þetta leyti var lýðræðisstjórn við völd í Venesúela. Hafði hún komið á fót allöflugri stofnun sem undirbúið hafði framkvæmdaáætlunina. Alþjóðabankinn var á hinn bóginn reiðubúinn til að styðja þær framkvæmdir sem hagkvæmar væru og vel undirbúnar. Í sendinefndinni voru sérfræðingar í mörgum greinum, þar á meðal landbúnaði, iðnaði, heilbrigðis- og menntamálum, enda þótt athygli bankans beindist sem fyrr einna helst að samgöngu- og orkumálum, auk þess sem almenn stjórn efnahagsmála skipti miklu eins og verið hafði. Áður en verkefninu lauk áttum við Enrique Lerdau, sem var aðalhaf fræðingur nefndarinnar, viðtal við forseta landsins, Raul Leoni. Var ég þá enn nægilega fær í spænsku til þess að geta leitt viðræðurnar.

Um þær mundir sem síðasta hönd hafði verið lögð á skýrsluna um Venesúela í byrjun júlímánaðar komu málefni Afríkuríkisins Gana óvænt til kasta Alþjóðabankans. Gana hafði árið 1957 hlotið sjálfstæði, fyrst nýlendna Breta í Afríku. Rétt þar á eftir hafði bankinn tekið þátt í miklum lánveitingum vegna Akosombo-stíflunnar og Volta-virkjunarinnar sem sjá átti landinu fyrir raforku að öllu leyti, þar með talið til álvers í erlendri eigu við hafnarborgina Tema. Þeim framkvæmdum var nú lokið og hafði þá ekki orðið framhald á samskiptum bankans og Gana. Sjö ára framkvæmdaáætlun hafði verið samin af stjórn landsins og framkvæmdir samkvæmt henni staðið yfir undanfarin ár með fjárhagslegum stuðningi ýmissa Evrópuríkja, ekki síst Bretlands, aðallega í mynd ábyrgða opinberra útflutningslána sjóða til verktaka sem tekið höfðu að sér margvísleg verkefni sem stofnanir og fyrirtæki landsins sjálfs réðu ekki við. Alþjóðabankinn hafði hvergi komið nærri, enda vinnubrögðin ekki í samræmi við þá stefnu sem hann taldi rétt að fylgja. Nú hafði Gana hins vegar lent í efnahagsörðugleikum, miklum halla á viðskiptajöfnuði, þverrandi gjaldeyrisforða og þungbærum erlendum skuldum, og af þeim sökum leitað ásjár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Að athuguðu máli taldi sjóðurinn þó að orsaka erfiðleikanna væri fyrst og fremst að leita í sjö ára áætluninni sjálfri og misheppnaðri framkvæmd hennar. Um þau efni væri Alþjóðabankinn færari að dæma en sjóðurinn, og ráðlagði hann því ríkisstjórninni að leita til bankans. Hóf bankinn þegar undirbúning að för sendinefndar til landsins, sem að miklu leyti yrði skipuð sérfræðingum utan bankans. Leitun hafði hins vegar orðið að manni er tekið gæti að sér forustu nefndarinnar. Kom þá upp sú hugmynd, í þann mund sem ég lauk störfum við skýrsluna um Venesúela, að ég fengi framlengt leyfi mínu frá störfum á Íslandi um aðra fjóra mánuði og tæki að mér þetta verkefni. Ég hafði á ferli mínum í bankanum engin kynni haft af Afríku, en áhugi fyrir þeirri heimsálfu hafði um þetta leyti færst mjög í vöxt, ekki síst vegna þess hversu margar hinna gömlu nýlendna voru að öðlast sjálfstæði. Gana var það land sem einna áhugaverðast var í þessu tilliti þar sem það var fremst í röð sjálfstæðra ríkja og hafði búið við hvað traustasta efnahaginn. Öflug og róttæk stjórnmalahreyfing undir forustu leiðtogans Kwame Nkrumah, er nafnfrægur var

orðinn á alþjóðavettvangi, hafði tekið við völdum í landinu. Ég hafði af þessum sökum öllum mikinn áhuga fyrir að taka að mér verkefnið þegar það allt í einu stóð til boða.

Að loknu sumarfríi í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu minni og stuttri viðdvöl á Íslandi var ég kominn til Akkra, höfuðborgar Gana, í byrjun ágústmánaðar 1965, en sendinefndin var þá þegar á vettvangi. Nánasti samstarfsmaður minn í nefndinni var bandarískur hagfræðingur af dönskum og sænskum ættum, Lyle Hansen að nafni. Var hann starfandi í Afríkudeild bankans og vel kunnugur í Austur-Afríku, en ekki í Gana eða öðrum löndum Vestur-Afríku. Sá sem umsjá hafði með störfum okkar af bankans hálfu var hins vegar varaforstjóri Afríkudeildar bankans, Breti að nafni John Williams, og kom hann í heimsókn til okkar í Akkra þegar tók að sjá fyrir endann á starfinu. Hagfræðingur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Íri að nafni Joseph Keyes, var okkur einnig til halds og trausts. Að öðru leyti var nefndin skipuð sérfræðingum af ýmsum toga sem ekki voru fastir starfsmenn bankans eða sjóðsins. Sérstök áhersla hafði verið lögð á val manna sem þekktu til landbúnaðar í hitabeltislöndum. Voru þeir hvorki fleiri né færri en fimm talsins, flestir Bretar, menntaðir í breskum landbúnaðarháskóla í Trínidad, en forustumaðurinn var frá Kanada. Iðnaðarsérfræðingurinn var Bandaríkjamaður sem stundaði framhaldsnám í rekstrarhagfræði við MIT. Reyndist hann hinn nýtasti maður þrátt fyrir ungan aldur. Að öðru leyti var að finna innan nefndarinnar sérfræðinga í þeim greinum opinberra framkvæmda sem mestu skiptu, svo sem samgöngu- og orkumálum auk heilbrigðis- og menntamála. Ætlunin var að gaumgæfa sjö ára áætlunina og framkvæmd hennar í öllum greinum.

Eins og fyrr segir hafði Gana á þessum árum dregið að sér athygli umheimsins í ríkum mæli. Þetta stafaði ekki aðeins af því að á ferðinni var fyrsta sjálfstæða ríkið sem sprottið var af nýlendum álfunnar, heldur ekki síður af því að þetta nýja ríki ætlaði sér ekki að fylgja fordæmi Vesturlanda í stjórnámum og efnahagsmálum heldur koma á fót sósíalísku hagkerfi undir leiðsögn og forustu einnar samhentrar stjórnmaláhreyfingar og velviljaðs allsráðandi leiðtoga sem gefið hafði sér nafnið *Ossagewo*, á ensku *Redeemer*, eða frelsari. Skoðanabræður Nkrumah hvaðanæva af Vesturlöndum þyrptust í kringum hann, auk þess sem Austur-Evrópuríki sýndu honum mikinn velvilja. Þá höfðu fyrirtæki ýmissa landa Vestur-Evrópu, og þá ekki síst Bretlands, fljótlega komist á snoðir um að auðvelt væri að mata krókinn með því að taka að sér framkvæmdir af margvíslegu tagi með ábyrgð útflutningslána sjóða heimalandanna að bakhjarli. Var þá ekki að því spurt hvort framkvæmdirnar gætu komið að gagni og þær sjálfar, ellegar ríkissjóður Gana, staðið undir vöxtum og afborgunum af lánunum sem ekki voru nema til fárra ára. Loks komu svo til sögunnar hreinir svikahrappar sem buðu fram fáránlegar hugmyndir eða ónýtan útbúnað. Sjálfur sat svo Nkrumah á leiksviðinu miðju, niðursokkinn í stórfenglega drauma um forustu sína og ríkis síns í sköpun sósíalískrar Afríku. Meginhugmynd hans var sú að fyrst bæri að leita hins pólitíska ríkis og réttlætis þess, og þá mundi allt annað veitast að auki.

Þrátt fyrir það einræði eins stjórnmalaflokks og þá leiðtogadýrkun sem ríkti í landinu, var andrúmsloftið ekki þrúgandi. Þeir vel menntuðu og hæfu embættismenn sem við hittum fyrir í ráðuneytum, hagstofu og seðlabanka virtust ekki hika við að láta skoðanir sínar í ljós við okkur. Fólk var almennt frjálstlegt, alúðlegt og glaðvært. Mér fannst áberandi munur á að umgangast Ganamenn og bandaríska blökkumenn. Við þá síðarnefndu fannst mér umgengnin ætíð þvingandi og óeðlileg, en við Ganamenn lék samveran alltaf í lyndi og engin tilfinning af mismun kynþátta komst að. Velmegun Gana á nýlendutímanum hafði

fyrst og fremst byggst á ræktun kakóbauna sem bændur landsins höfðu tekið að sinna á síðustu áratugum níjtjándu aldar. Framtakssamir menn höfðu aflað sér bauna frá Brasilíu og hafið ræktun, fyrst á eyjunni Sao Tome í Gíneufloá, og síðar meir á meginlandinu. Bretar, eða bresk fyrirtæki, stóðu ekki að þessu framtaki, heldur voru það landsmenn sjálfir. Hins vegar stuðlaði vel skipulagt og óspillt stjórnarfar Breta að framförum að sínu leyti, auk þess sem bændur notuðu arðinn af kakóræktinni til þess að kosta syni sína til náms í bestu skólum Bretlands. Embættislið var því að mestu leyti skipað innlendum mönnum þegar áður en landið varð sjálfstætt. Nkrumah og samherjar hans fyrirlitu hins vegar þessa menntuðu samlanda sína sem þeir töldu þjóna nýlenduherrunum og gáfu þeim nafnið *veranda boys*.

Fyrsta verk Nkrumah eftir að hann náði völdum var að treysta tangarhald á útflutningi kakós, höfuðafurð landsins, sem um þær mundir svaraði til um sextíu hundraðshluta allrar slíkrar framleiðslu í heiminum. Með því að einoka útflutninginn hjá ríkisfyrirtæki gátu stjórnvöld hirt arðinn af framleiðslunni og skammtað bændum tekjur eftir sínu höfði. En Nkrumah hugsaði sér að ná enn lengra og beita tangarhaldi á framleiðslu og birgðum vörunnar til að stjórna verði hennar á heimsmarkaði. Í þessum tilgangi var verið að reisa eina sex geysimikla geysluturna við höfnina í Tema sem áttu að geta rúmað mikinn hluta árlegrar framleiðslu landsins á kakóbaunum. Sérfræðingar okkar í sendinefndinni töldu hins vegar að þessir turnar gætu aldrei komið að notum, baunirnar myndu springa við fallið niður í þá og þar að auki mygla við geymslu í röku hitabeltisloftinu. Enn meiri áhyggjur höfðu þeir þó af því að kakóræktunin sjálf væri komin í niðurníðslu vegna slæmrar afkomu bænda, sem sitja urðu að því verði sem einkasalan skammtaði. Nægilegir fjármunir væru ekki til kaupa á áburði og skordýraeitri, né til annarrar umhirðu sem þörf væri á.

Jafnframt því sem hert var að kakóbændum vildu stjórnvöld efla framleiðslu búvöru til neyslu innanlands, og þá fyrst og fremst ræktun maískorns. Þetta skyldi fara fram á samyrkjubúum þar sem bændum og fjölskyldum þeirra væru greidd daglaun. Mér var boðið að heimsækja eitt slíkt samyrkjubú í nágrenni borgarinnar Kumasi í regnskógabeltinu miðju. Í fylgd háttsetts herforingja kom ég þar út á akur þar sem verið var að skera korn. Fannst mér lítið til um vinnubrögðin, en það lá vel á fólkinu, einkum þegar það flykktist aftur á pall vörubifreiðar að loknu dagsverki. Þóttist ég þá skynja að það væri á leið heim til að rækta sinn eigin garð. Herforinginn fór hjá sér. Litlu síðar hitti ég sovéska sendiherrann í boði í danska sendiráðinu. Hafði hann þá nýlega einnig heimsótt eitt samyrkjubúið og ekki litist öllu betur á en mér. Raunar var hann mjög gagnrýninn á ástand mála í landinu yfirleitt og kvað stjórn sína lítt fúsa til að styðja þá stefnu sem fylgt var.

Niðurstöður sérfræðinga sendinefndarinnar í hinum ýmsu greinum voru allar svipaðar því sem var að finna í landbúnaðinum. Iðnfyrirtæki af ýmsu tagi höfðu verið þjóðnýtt eða reist af ríkinu. Rekstur þeirra var hins vegar í lamasessi. Á þessum tíma var einkavæðing ekki komin í tísku. Lögðum við því ekki til að inn á þá braut væri horfið, enda hefði ekki verið á slíkar tillögur hlustað. Hins vegar lögðum við okkur fram um að móta skynsamlegar tillögur um bættan rekstur sumra fyrirtækjanna en lokun annarra, sem engin von virtist um að fengju staðist. Kom iðnrekstrarfræðingurinn með okkur Lyle Hansen aftur til Gana í nóvember, þegar við skiluðum endanlegu álitni, til þess að fylgja þeim tillögum eftir. Einn búfræðinganna var einnig með í þeirri ferð. Svipuðu máli og þessu gegndi einnig í öðrum greinum. Framkvæmdir voru flestar misráðnar og illa að þeim staðið. Sem dæmi má nefna lagningu vegar á milli höfuðborgarinnar Akkra og hafnarborgarinnar Tema, sem var í

nokkurri fjarlægð. Þar var eitt helsta verktakafyrirtæki Bretlands að leggja átta akreina malbikaðan eða steyptan veg, fjórar akreinar í hvora átt. Vegurinn var fjármagnaður með bankaláni til fárra ára með ábyrgð breska útflutningslánaþjófins, sem var opinber stofnun. Umferð á þessari leið var hins vegar nauðalítill enn sem komið var og ekki útlit fyrir að hún gæti aukist öðru vísi en hægt og hægt. Ég átti orðaskipti um þetta við breska sendiherrann, eða *High Commissioner* eins og hann nefndist í samveldislöndum, sem ekki reyndi að bera í bætiflaka fyrir bresk stjórnvöld. Önnur veigamikil opinber framkvæmd var bygging ráðstefnuhúss í turns líki en þar átti bráðlega að halda fund samtaka Afríkuríkja sem Nkrumah barðist fyrir að koma á fót undir sinni forustu.

Sendinefndin dvaldi í Akkra um fimm eða sex vikna skeið. Þegar dró að lokum þess tíma töldum við þörf á því að gera stjórnvöldum grein fyrir helstu niðurstöðum okkar, enda þótt ekki yrði gengið frá skýrslunni og henni skilað fyrr en nokkru síðar. Fulltrúi Afríkudeildar bankans, John Williams, var þá kominn í hópinn okkur til halds og trausts. Við vildum fá að gera grein fyrir viðhorfum okkar í samtali við forsetann Nkrumah sjálfan. Þetta vildi fjármálaráðherrann, Amaoko Atta, sem var tengiliður okkar við stjórnvöld, ekki fallast á. Félagar mínir vildu þá semja skriflega greinargerð til forsetans. Þetta taldi ég hins vegar óráðlegt vegna þess að við værum enn ekki undir það búinir að skila skriflegri skýrslu og svo gæti virst að við værum að reyna að ganga fram hjá ráðherranum. Fóru leikar þannig um kvöldið þegar þetta hafði verið rætt að þeir Hansen og Williams settust niður til þess að skrifa uppkast að greinargerð, en ég fór í kvöldverðarboð til fjármálaráðherrans. Var sá kvöldverður haldinn undir berum himni í þægilegum svala niðimms hitabeltiskvöldsins. Við sátum hvor sín megin við gestgjafann, ég og breski sendiherrann, og ræddum saman að baki honum á meðan hann fékk sér væran blund að loknu erfiðu dagsverki. Mér tókst svo að ræða einslega við ráðherrann að kvöldverðinum loknum og telja hann á að við fulltrúar bankans skyldum hitta forsetann sjálfan tveimur dögum síðar.

Mér var mikið í mun að flytja mál okkar við Nkrumah með þeim hætti að athygli hans beindist að alvöru efnahagsvandans enda þótt stórfelld áform um samvinnu Afríkuríkja og áhrif álfunnar í heiminum væru honum efst í huga. Ég ákvað því að hefja mál mitt þegar við hittum hann í hinni fornu Kristjánsborgarhöll, arfleifð frá veldi Dana, með því að greina frá samtali sem sænski hagfræðingurinn Per Jacobsson, þá forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefði átt við Charles de Gaulle skömmu eftir að hann tók við völdum í Frakklandi árið 1958. Per Jacobsson hefði þá, að sögn, hafið mál sitt með því að segja : „Hershöfðingi góður, Frakkland hefur verið sterkt þegar frankinn er sterkur“. Með þessu flutti hann þau skilaboð að leiðin til styrks og veldis Frakka fælist í traustum efnahag. Þann boðskap skildi de Gaulle og mótaði stefnu sína samkvæmt því. Hliðstæðan við stöðu Nkrumah sjálfs var augljós. Forustan fyrir Afríkuríkjum og fyrir eflingu álfunnar og áhrifum hennar í heiminum varð að byggjast á efnahagsstyrk hans eigin lands. Að þessum inngangi loknum beindist samtalið að heimsókn sendinefndarinnar og þeim niðurstöðum sem hún hefði komist að. Fóru viðræðurnar vel fram, og var Nkrumah alúðlegur, og jafnvel gamansamur. Fátt var þó um viðbrögð af hans hálfu við boðskap okkar. Daginn áður en samtalið fór fram hafði ég hitt einn þeirra ungu hagfræðinga landsins sem höfðu lagt sendinefndinni lið, og þá látið orð falla um að við myndum hitta forsetann daginn eftir og kynna honum niðurstöður okkar. „Já, Ossagewo [frelsarinn] er sá eini sem ekki veit hvernig komið er,“ varð honum þá að orði. Innan sendinefndarinnar höfðum við einnig haft það í flimtingum að frelsarinn væri handan frelsunar.

Skömmu eftir viðtalið hélt sendinefndin til baka til Washington, og þar gengum við frá skýrslunni á nokkrum vikum, miklu verki í mörgum bindum. Við Lyle Hansen og Joseph Keyes, ásamt einum þremur sérfræðinga okkar, höldum svo að nýju til Gana í nóvember. Í þeirri ferð vildi svo til að við lentum í hinna frægu myrkvun New York borgar. Urðum við að sveima allengi yfir dimmri borginni í glaða tunglskini, en gátum að lokum lent á flugvöllinum í Newark, þar sem ljós höfðu ekki slokknað. Tókst okkur um síðir að handsama leigubíl sem ók okkur í myrkrinu þvert yfir Manhattan-eyjuna miðja til Kennedy-flugvallar þar sem ekkert ljós lifði og öllum ferðum hafði verið aflýst. Það minnisstæðasta frá þessari næturferð er hversu hjálpfúsir, vingjarnlegir og glaðlyndir allir voru, sjálfboðaliðar stýrðu umferðinni, rán og gripdeildir voru engar, en fæðingardeildir stórborgarinnar fengu nóg að sýsla níu mánuðum síðar. Við komumst til Gana daginn eftir og áttum þar ítarlegar viðræður við embættismenn og ráðherra. Greinargerð um þau viðtöl skrifaði ég svo í flugvélinni á leiðinni til baka til Washington, en þá var mér í meira lagi farið að liggja á að komast aftur til Íslands.

Um örlög skýrslunnar okkar vissi ég lítið. Ég tel þó að hún hljóti að hafa komið þeirri nýju ríkisstjórn að notum er brátt tók við í landinu. Í febrúar 1966, aðeins rúmum tveimur mánuðum eftir að við skiluðum skýrslunni, vék herinn í Gana Nkrumah frá völdum á meðan hann var staddur í Peking, í boðsferð til Víetnam og Kína. Á meðan á dvöl okkar stóð í Gana hafði það oftast en einu sinni borið á góma í viðræðum við innlenda samverkamenn okkar hvort hugsast gæti að herinn rændi völdum, líkt og tíðkaðist í Rómönsku Ameríku. Okkur hafði þá verið sagt að herforingjar í Gana hefðu gengið í breska herskólann í Sandhurst, og þeir sem þar hefðu alið manninn gripu ekki til slíkra óyndisúrræða. Samt fór sem fór. Nkrumah átti ekki afturkvæmt til heimalandsins og lést í útlegð fáum árum síðar.

## 10. Í stjórn Alþjóðabankans

Eins og kunnugt er stóð yfir hér á landi tími mikilla efnahagsþrenginga á árunum 1967 til 1969 vegna hruns síldarstofnsins og verðlækkunar á frystum fiski á Bandaríkjamarkaði. Af þessum sökum kom ekki til greina að ég tæki að mér verkefni erlendis á þessum árum. Þar að auki hafði ég fyrir tilmæli Gylfa Þ. Gíslasonar tekið að mér formennsku í nefnd er fjallaði um framtíð Háskóla Íslands og ekki skilaði álitinu sínu fyrr en á árinu 1969. Þegar kom fram á það ár varð ég hins vegar að hugsa ráð mitt vandlega. Ég hafði þá frá því seint á árinu 1968 gegnt störfum sem framkvæmdastjóri þeirra atvinnunefnda er settar höfðu verið á fót vegna efnahagsþrenginganna. Nú sá fyrir endann á þeim störfum og lá þá beinast við að hverfa aftur til Efnahagsstofnunar. Ég hafði hins vegar þegar hér var komið gegnt störfum sem ráðunautur ríkisstjórna í tólf ár, fyrst vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar, þá minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins, og loks viðreisnarstjórnarinnar frá lokum árs 1959. Virtist mér tími vera til þess kominn, hvort sem var starfsins eða sjálfs míns vegna, að ég sneri mér að öðrum verkefnum. Aðstaða til að sinna nýjum verkefnum virtist þó lítt vera fyrir hendi hér á landi, og kom þá Alþjóðabankinn til skjalanna líkt og fyrri daginn. Þar stóðu nú yfir miklar hræringar vegna komu nýs forseta, Roberts McNamara, að bankanum. Vinur minn Gerald Alter var þó enn yfirmaður Vesturálfudeildarinnar. Tjáði hann mér að starf sem fulltrúi bankans í Venesúela stæði mér opið. Áður en til þess kæmi að ég tæki því boði, bauð Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, mér hins vegar að taka við stöðu bankastjóra Landsbankans eftir óvænt fráfall bróður hans Péturs Benediktssonar. Varð þetta úr, og batt það enda á allar fyrirætlanir um verkefni hjá Alþjóðabankanum, hvort sem var til

lengri eða skemmri tíma. Tengsl mín við bankann og starfsmenn hans urðu einnig mun veikari en áður hafði verið, ekki síst þar sem athygli mín út á við hlaut nú fyrst og fremst að beinast að þeim erlendu viðskiptabönkum sem Landsbankann vörðuðu.

Um þetta leyti urðu miklar breytingar í Alþjóðabankanum, sem ég gat ekki fylgst með nema sem áhorfandi úr fjarlægð. Bankinn jók starfsemi sína afar mikið á stjórnarárum McNamara, 1968 til 1981, og beindi henni jafnframt á nýjar brautir. Þar á eftir fylgdi stefnubreyting vegna kreppunnar um og upp úr 1980, þegar bankinn tók að sér að hjálpa þróunarlöndum að laga sig að nýjum aðstæðum og glíma við þungbæra skuldabagga. Ýmsir af vinum mínum í bankanum tóku nú að hverfa af sjónarsviðinu, en ég gerði mér eigi að síður far um að halda tengslum við bankann, ekki síst með því að sækja ársfundi hans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem að jafnaði voru haldnir í Washington, en þriðja hvert ár í öðrum höfuðborgum aðildarríkjanna. Þegar tók að líða að því að ég hætti störfum í Landsbankanum, fékk ég áhuga fyrir því að taka sæti í stjórn Alþjóðabankans sem aðalfulltrúi Norðurlanda, en sú staða átti að standa Íslandi til boða árið 1988. Jók það áhuga minn fyrir þessu enn frekar, að ég hafði eftir lát konu minnar Guðrúnar Þorgeirsdóttur kvænst bandarískri konu, Sylvíu Matthews, haustið 1984. Var ósk minni um að taka við þessu starfi vel tekið af íslenskum ráðamönnum, sem og af hlutaðeigandi yfirvöldum á öðrum Norðurlöndum, og var tilnefning mín bundin fastmælum þegar á miðju ári 1987. Tók ég það haust þátt í fundi sem Norðurlöndin áttu í Stokkhólmi með forseta bankans, Barber Conable, og sat enn fremur sameiginlega fundi Norðurlanda um málefni bankans þann vetur sem í hönd fór. Þá tók ég einnig þátt í fundi svokallaðrar þróunarnefndar bankans í Washington vorið 1988. Hafði ég því að nokkru getað kynnt mér þau málefni sem efst voru á baugi í bankanum og afstöðu Norðurlanda til þeirra þegar ég tók við starfi aðalfulltrúa í stjórn bankans 1. ágúst 1988.

∞ ∞ ∞

Á þessum tíma var skrifstofa Norðurlandanna í Alþjóðabankanum skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju landi. Varamaður minn sem *Alternate Executive Director* var Finni að nafni Veikko Kantola sem kom frá finnska fjármálaráðuneytinu og hafði þegar gegnt starfinu vestra um nokkurt skeið. Kom reynsla hans mér að góðum notum. Líku máli gegndi um hagfræðilegan ráðunaut skrifstofunnar, Norðmanninn Svein Aass, sem átti nokkurra ára starf að baki í skrifstofunni, en áður hafði dvalist í Indónesíu á vegum norskrar þróunaraðstoðar. Fulltrúar Dana og Svía voru hins vegar nýir í starfi líkt og ég, ungir menn úr utanríkisþjónustu landa sinna, að nafni Ib Petersen og Anders Henriksson. Báðir voru þeir á skrifstofunni í þrjú ár, eða jafnlengi og ég, og reyndust framúrskarandi starfsmenn. Að ári liðnu, sumarið 1989, hurfu þeir Kantola og Aass til heimalanda sinna. Það átti fyrir hinum síðarnefnda að liggja að taka við starfi aðalfulltrúa Norðurlanda átján árum síðar, og gegnir hann því starfi þegar þetta er ritað. Í stöðu varafulltrúans kom norsk kona að nafni Jorunn Maehlum, en hún hafði starfað í norska þróunarráðuneytinu sem um þetta leyti hafði verið sameinað utanríkisráðuneytinu. Var hún vel undir starfið búin og reyndist samvinna okkar með ágætum. Tók hún síðar við starfi aðalfulltrúa, ári eftir að ég lét af því starfi, en um leið tók Helga Jónsdóttir við stöðu varafulltrúa og gegndi henni við góðan orðstír næstu þrjú árin. Þá skipti það ekki minnstu máli fyrir góðan rekstur Norðurlandaskrifstofunnar, að um þann rekstur sá finnsk kona, Gun-Maj Ramberg, sem um þetta leyti hafði starfað þar í tuttugu ár, og er enn við störf þegar þetta er ritað. Hún var ómetanleg hjálparhella, öllum hnútum kunnug innan bankans, óþreytandi til allra verka, jafnlynd og glaðvær.

Fyrsta verk mitt í hinu nýja starfi var að leitast við að berja saman uppkast að ræðu sem fulltrúi Norðurlanda á ársfundi bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skyldi halda í lok september. Átti sá fundur að vera í Berlín, sem þá var enn skipt í tvo hluta. Ræðumaðurinn átti í þetta skipti að vera fulltrúi Íslands á fundinum, Jón Sigurðsson, viðskiptaráðherra. Kom undirbúningur ræðunnar því í minn hlut, en náð samráð þurfti að hafa við önnur Norðurlönd og, að sjálfsögðu, við ræðumanninn sjálfan. Jafnframt þessum undirbúningi heimsótti ég allar höfuðborgir Norðurlanda til þess að kynna betur þeim samverkamönnum mínum sem þar fjölluðu um málefni bankans, og sat einnig norraenan samráðsfund sem haldinn var í Uppsöllum. Undirbúningur ræðunnar var ekki þrautalaus, eins og gefur að skilja, þar sem tillit þurfti að taka til margra mismunandi sjónarmiða og koma þeim heim og saman á skiljanlegu máli. Um það leyti sem því verki var lokið bárust fregnir um að Jón Sigurðsson gæti ekki komið til fundarins vegna stjórnarskipta hér á landi. Varð finnskur ráðherra að hlaupa í skarðið, taka við uppkastinu að ræðunni og með aðstoð ráðunauta sinna ganga endanlega frá því. Breytingar urðu þó ekki miklar. Fundurinn sjálfur fór hið besta fram, og var fróðlegt fyrir mig að koma í fyrsta skipti til Berlínar og komast meira að segja sem snöggvást austur fyrir múrinn einu ári áður en hann féll. Þangað fór ég með vini mínum Þórhalli Ásgeirssyni ráðuneytisstjóra einn þeirra daga sem fundurinn stóð yfir.

∞ ∞ ∞

Þegar hér var komið sögu, rúmunum þrjátíu árum eftir að ég hafði verið fastur starfsmaður bankans, var staða stjórnarinnar, *The Board*, orðin önnur en hún þá hafði verið. Í frásögn af árum mínum í bankanum hér að framan lýsti ég þeim átökum sem í upphafi stóðu um völd og áhrif innan bankans og hvernig þeirri baráttu lauk forseta bankans og nánustu samstarfsmönnum hans í vil. Þetta varð svo aftur á móti til þess að draga úr áhuga iðnríkjanna fyrir starfsemi bankans og stjórn hans. Eftir sem áður voru þó bein áhrif Bandaríkjasjórnar sterk. Var það fjármálaráðuneytið, *Treasury*, sem þeim málum sinnti, auk þess sem óbeinna áhrifa Bandaríkjaþings og fjármagnsmarkaðarins í New York gætti í ríkum mæli. Hins vegar má segja að áhugi annarra iðnríkja, þar á meðal Norðurlanda, hafi á þessum tíma fyrst og fremst verið viðskiptalegs eðlis, það er snúist um að fyrirtæki í löndum þeirra hefðu sem greiddastan aðgang að því að bjóða fram þau tæki, búnað og margvíslega ráðgjöf sem lán bankans til þróunarlanda fjármögnuðu. Tvíhliða þróunaraðstoð var þá enn lítt komin til sögunnar, og var þar að auki að miklu leyti bundin útflutningshagsmunum þeirra landa sem aðstoðina veittu.

Nú horfði þetta allt öðruvísi við. Þróunaraðstoð var orðin mikið áhugamál í öllum iðnríkjum, og þá ekki síst á Norðurlöndum, og stefna og starf Alþjóðabankans tengdist þessari aðstoð með margvíslegum hætti. Af þessu leiddi að þau yfirvöld landanna sem ábyrgð báru á þróunaraðstoð vildu fylgjast náð með því sem í bankanum gerðist og beita áhrifum sínum á vettvangi hans. Norðurlöndin höfðu í þessu skyni komið á fót samráði sín á milli sem fór fram á fundum er haldnir voru í löndunum á víxl og einnig í Washington nokkrum sinnum á ári. Auk þess voru haldnir reglulegir símafundir meðal embættismanna til þess að taka jafnóðum afstöðu til einstakra mála og gefa fyrirmæli til Norðurlandaskrifstofunnar í bankanum.

Þessar miklu breytingar má umfram allt rekja til tilkomu Alþjóðafarastofnunarinnar, IDA, árið 1960. Eins og áður hefur verið lýst var starfsemi Alþjóðabankans í upphafi fólgin í því að selja skuldabréf á markaðnum í New York og nota andvirðið til útlána til langs tíma



vegna arðbærra framkvæmda í þeim þróunarlöndum sem talin voru fær um að standa undir greiðslu afborgana og vaxta. Þegar leið á sjötta áratuginn komu fram æ eindregnari skoðanir um að með þessu væri ekki nóg að gert til eflingar efnahagsþróunar, ekki síst í þeim löndum sem skemmst voru á veg komin og þar sem fátæktin var mest. Komu þessar skoðanir sterklega fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Nauðsyn var talin bera til þess að fátækustu löndunum stæðu til boða hreinir styrkir eða lán til mjög langs tíma með lágum eða engum vöxtum. Fé til slíkra þarfa gat hins vegar ekki fengist nema sem framlög frá þeim þjóðum sem betur voru í sveit settar. Fyrst í stað var forusta Alþjóðabankans, Eugene Black og samstarfsmenn hans, andvíg því að Alþjóðabankinn tæki að sér slíka starfsemi. Hún myndi illa samræmast þeim viðhorfum sem ríkjandi hefðu verið í starfsemi bankans. Hann myndi ekki lengur verða eiginlegur banki, heldur breytast í eins konar þróunarstofnun. Á hinn bóginn var þekkingu og reynslu í þróunarmálum hvergi að finna í sama mæli og í bankanum, og fyrirsjáanlegt var að áreksstrar hlytu að verða á milli bankans og nýrrar stofnunar sem sett yrði á fót á vegum Sameinuðu þjóðanna. Varð það því úr að Alþjóðabankinn tæki að sér verkefnið, og var Alþjóðaframfarastofnunin, *International Development Association*, skammstafað IDA, sett á fót sem fjárhagslega aðskilin og sjálfstæð stofnun undir sömu stjórn og með sama starfslíði og Alþjóðabankinn sjálfur. Átti hún að veita vaxtalaus lán til fjórutíu ára, með tíu ára greiðslufresti. Jafngilti þetta því að bankinn veitti tvenns konar lán, önnur með eðlilegum vöxtum og lánstíma, en hin vaxtalaus til mjög langs tíma. Þeim þróunarlöndum sem lengst voru á veg komin stóðu aðeins fyrrnefndu lánin til boða en þeim fátækustu aðeins hin síðarnefndu. Þá voru nokkur lönd sem gátu notið beggja tegunda lána á þeim grundvelli að þau væru í góðri framþróun en ættu jafnframt við mikla fátækt að stríða. Í þeim hópi var Indland frá upphafi, og sömuleiðis Kína eftir að það land gerðist aðili að bankanum. Það lá í hlutarins eðli að áhugi iðnríkjanna á starfsemi bankans yrði mun meiri en áður eftir að þau lönd höfðu tekist á herðar að leggja árleg framlög til starfseminnar. Þau framlög voru ákveðin með samkomulagi þessara ríkja til þriggja ára í senn. Þeim samningum, sem oftast voru hinir erfiðustu, stjórnðu starfsmenn Alþjóðabankans, og varð undirbúningur og umsjá þeirra fljótlega meðal veigamestu hlutverka bankans.

Ekki voru gerðar neinar formlegar breytingar á stjórnarháttum Alþjóðabankans vegna þess nýja hlutverks sem hann hafði tekið að sér. Forsetinn var sem fyrr í reynd valinn af Bandaríkjunum, og hann einn gat lagt fram tillögur um lán, hvort sem heldur var á vegum bankans sjálfs eða á vegum IDA. Sömuleiðis var vald forsetans yfir fjárhagsáætlun bankans hið sama og áður, þar sem aðeins heildarupphæð hennar kom til atkvæða í bankastjórninni. Í reynd voru þó afskipti og áhrif stjórnarinnar meiri en áður, og fóru vaxandi með tíð og tíma. Eigi að síður var staða forsetans enn hin sterkasta, og þá ekki síst þeirra forseta sem mikla forustuhæfileika höfðu til að bera og voru ósparir að beita þeim hæfileikum, en það átti umfram allt við um Robert McNamara sem gegndi störfum frá 1968 til 1981, það er í þrettán ár, eða jafn lengi og forveri hans Eugene Black hafði áður gert.

∞ ∞ ∞

Eins og fyrr segir hafði ég góðan tíma til þess að íhuga hið nýja starf mitt í stjórn bankans og búa mig undir að gegna því. Þegar Norðurlönd upphaflega sömdu um samstarf sitt í stjórn bankans upp úr 1950 hafði Ísland verið í hópi lántakenda bankans, líkt og Finnar voru einnig á þessum tíma. Áhugi Íslands á bankanum var því mikill, og ekki óeðlilegt að landið tæki þátt í stjórninni í sama mæli og önnur Norðurlönd. Nú voru viðhorfin hins vegar orðin

öll önnur. Ísland hafði náð aðgangi að alþjóðlegum fjármálamörkuðum á árunum 1960 til 1970 og hætt að taka lán hjá bankanum upp úr 1970, „útskrifast“ eins og það var kallað. Síðasta lánið frá bankanum hafði raunar verið veitt vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og það gengið til hafnargerða á suðurströnd landsins, Hornafirði, Þorlákshöfn og Grindavík. Tvíhliða þróunaraðstoð hafði um þetta leyti varla hafist hér á landi, og áhugi fyrir þróunarmálum var af skornum skammti. Viðskiptaráðuneytið, sem um málefni Alþjóðabankans fjallaði, taldi fárra hagsmuna Íslands vera þar að gæta eftir að lántökum lauk. Hafði ráðuneytið því ekki tekið þátt í norrænu samstarfi um málefni bankans enda þótt Ísland teldi sig sem fyrr eiga rétt til að skipa fulltrúa í stjórn bankans til jafns við hin löndin. Mig skorti því með öllu bakhjarl í heimalandi mínu, en venjan var að landið sem aðalfulltrúinn kom frá bæri ábyrgð á samráði landanna um málefni bankans. Þessi ábyrgð hafði undanfarin þrjú ár verið á hendi Dana, en þeir buðust nú til þess að halda henni um skeið, eða þar til Norðmenn tækju við henni á miðju kjörtímabili. Það sem ég taldi mig hins vegar hafa til brunns að bera var löng reynsla mín af Alþjóðabankanum og mikil samskipti mín við Norðurlönd, allt frá námsárum mínum í Svíþjóð. Þetta taldi ég að myndi gera mér kleift að túlka sjónarmið Norðurlanda fyrir Alþjóðabankanum, og sjónarmið bankans fyrir Norðurlöndum. Eigi að síður var mér ljóst að sú túlkun gæti orðið torveld, einmitt um þessar mundir, vegna misræmis á milli sjónarmiða sem hafði farið vaxandi árin á undan.

Ég hefi fyrr í þessari frásögn lýst því hversu sterktlega viðhorf Alþjóðabankans voru mótuð af ríkjandi pólitískum skoðunum í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum. Þegar þróun stjórn mála þar í landi snerist til annarrar áttar upp úr 1960 og aukin þróunaraðstoð kom til sögunnar, þar á meðal vegna starfsemi Alþjóðaframfarastofnunarinnar, fylgdu breytingar í bankanum í kjölfarið, í fyrstu hægt og sígandi, en af miklum þunga eftir að Robert McNamara varð forseti bankans árið 1968. Stefna bankans hafði áður miðast við hægfarena þróun á grundvelli styrkrar hagstjórnar og einkareksturs, samfara stuðningi ríkisvaldsins við framkvæmdir sem einkageirinn gat ekki ráðið við. Nú átti hins vegar að ráðast beint að vandanum og stefna að útrýmingu fátæktar með miklum fjárútlátum eftir hverjum þeim leiðum sem tiltækar væru, en það fól óhjákvæmilega í sér mikil og vaxandi umsvif ríkisvalds í flestum greinum. Segja má að í stjórnartíð McNamara hafi Alþjóðabankinn leitað eftir hverjum töfralyklinum á fætur öðrum til þess að ná skjótum árangri í baráttu við fátæktina. Áhersla var ýmist eða samtímis lögð á þróun búskapar smábænda, umbætur í fátækrahverfum stórborganna, takmörkun barneigna, fæðuöflun, heilbrigðismál og menntun, samhliða því sem að nokkru var dregið úr fyrri áherslu á orkumál og samgöngur. Umsvif bankans jukust stórlega og starfslið hans margfaldaðist. Þessi stefnubreyting bankans vakti miklar vonir og naut mikils stuðnings flestra aðildarríkja hans, ekki síst Norðurlandanna. Glæsileg framkoma og ræðumennska Roberts McNamara átti sinn þátt í þessu, og voru ræður hans í Kaupmannahöfn árið 1970 og í Naíróbí 1973 einkum eftirminnilegar.

Margar ástæður urðu til þess að minna varð úr þessari atrennu bankans að fátæktinni en vonir höfðu staðið til. Reynsla af beinum aðgerðum líkum þeim sem beita átti var ekki fyrir hendi og þekking af skornum skammti. Þar við bættist að almennri hagstjórn var minna sinnt en áður og hún fór víðast hvar í handaskolum, ekki síst þegar olíuverð hækkaði sem mest, olíuríki auðguðust en önnur lönd gátu fengið lítt skilyrðisbundið lánsfé í hendur. Þegar kom að lokum áttunda áratugarins var það orðið ljóst, ekki síst á grundvelli athugana Alþjóðabankans sjálfs, að áhlaup hans hafði mistekist. Lítil árangur hafði orðið af beinum aðgerðum, samfara því að erlendar skuldir þróunarlandanna höfðu stórlega aukist og

margvíslegar tálmanir á viðskiptum innan landa jafnt sem á milli þeirra hindruðu eðlilega framþróun. Um sama leyti höfðu orðið pólitísk veðrabrigði á Vesturlöndum þegar ríkisstjórnir Margrétar Thatcher og Ronalds Reagan komu til sögunnar. Það var því tími til kominn að skipta á ný um stefnu í Alþjóðabankanum. Þau umskipti hófust áður en McNamara lét af embætti, þegar svokölluð umbótalán, *structural adjustment credits*, litu dagsins ljós árið 1979, en þau urðu eitt helsta viðfangsefni bankans á árunum upp úr 1980 þegar A.W. Clausen, sem verið hafði aðalbankastjóri Bank of America, tók við stöðu forseta. Baráttan við fátæktina með beinum aðgerðum vék úr sessi fyrir ráðstöfunum til að breyta og bæta almenna umgerð og stjórn efnahagsmála, en því fylgdi jafnframt aukin áhersla á mikilvægi frjáls framtaks og einkarekstrar.

Norðurlönd höfðu átt erfitt með að sætta sig við þessi umskipti. Þau töldu sig hafa átt umtalsverðan þátt í mótun stefnu bankans til baráttu við fátækt, meðal annars með bréfaskiptum á milli Olofs Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, og McNamara. Þar að auki höfðu þau beitt sér fyrir því að bankinn léti sig umhverfismál og stöðu kvenna miklu varða og óttuðust nú að einnig sú áhersla myndi dofna. Forveri minn sem aðalfulltrúi Norðurlanda, Daninn Ulrik Haxthausen, sem raunar var barón að nafnbót og skyldur dönsku konungsfjölskyldunni, hafði undanfarin ár haldið þessum sjónarmiðum á lofti innan stjórnarinnar. Það var því ekki að ástæðulausu sem ég óttaðist að erfitt gæti orðið að sætta hin nýju sjónarmið bankans, sem ég sjálfur aðhylltist, við þau viðhorf sem enn virtust ríkjandi á Norðurlöndum. Þetta reyndist þó ekki eins örðugt og ég hafði búist við sökum þess að málamiðlun var á ferðinni af hálfu beggja aðila sem ég gat af fullri einlægni leitast við að styðja.

Eins og að framan greinir höfðu umskipti í stefnu bankans orðið mjög snögg upp úr 1980. Þetta varð ekki síst áberandi þegar Anne Kreuger tók við störfum sem aðalhafgæðingur bankans af Hollis Chenery sem það sæti hafði skipað um allmörg ár, en hún var kunnur málsvari frjálsra viðskipta og einkarekstrar. Um sama leyti hurfu af vettvangi, eða fluttust til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum, aðrir áhrifamiklir talsmenn baráttunnar gegn fátækt á grundvelli umfangsmikilla ríkisafskipta, en hinn þekktasti í þeirra hópi var Mahhub Ul Haq. Það má jafnvel telja að orðið *fátækt* hafi um skeið nánast horfið úr orðaforða bankans. Þessi afstaða mildaðist þó eftir því sem fram á níunda áratuginn leið, einkum eftir að nýr forseti bankans tók við stjórnartaumum árið 1986, útnefndur af Ronald Reagan. Nafn hans var Barber Conable, og hafði hann áður verið þingmaður í fulltrúadeild Bandaríkjaþings í tuttugu ár. Kom hann frá norðurhluta New York ríkis og heyrði hinum frjálslynda og upplýsta armi flokks Repúblíkana til. Hann var maður sátta og samkomulags sem bar hagsmunum fátæku landanna einlæglega fyrir brjósti, þrautreyndur samningamaður úr stjórnmalum, réttisýnn og velviljaður. Hafði hann setið í forsetastól í tvö ár þegar ég kom til bankans og var í starfi allan minn tíma, en hafnaði útnefningu til annars kjörtímabils árið 1991.

Conable hafði í upphafi átt í erfiðleikum sem tengdust bæði stjórn bankans og starfsliði hans. Svo stóð á að stjórnin hafði í fyrsta sinn beitt neitunarvaldi sínu gegn samþykkt fjárhagsáætlunar bankans um það leyti sem fyrirrennari hans lét af störfum. Var þetta liður í viðleitni Bandaríkjanna og annarra iðnríkja til þess að hafa hemil á útgjöldum bankans. Sættir tókust þó um að sérstök nefnd skipuð af stjórninni skyldi í samráði við fjármálastjóra bankans gera tillögur um undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana. Þá höfðu Bandaríkin knúð á um takmarkanir á fjölda starfsmanna bankans. Leiddi sú krafa til úttektar

ráðgjafafyrirtækis á skipulagi bankans og starfsmannahaldi og til samþykktar allmikilla breytinga í þeim efnum sem ekki voru vinsælar meðal starfsmanna, en kom í hlut Conables að framkvæma. Var þessu lokið þegar ég tók sæti í stjórninni, en verulegrar óánægju gætti þó enn meðal starfsmanna. Mikilvægur liður þessara breytinga hafði verið að flytja tæknimenntaða starfsmenn úr tæknideildinni til almennra landadeilda bankans, líkt og hagfræðingar höfðu verið fluttir á sínum tíma, en margir töldu að þetta veikti tæknilegan styrk bankans þegar til lengri tíma væri litið.

Að þessum viðfangsefnum loknum hafði Conable snúið sér að almennri stefnumótun bankans, og voru veigamiklar frumskýrslur um þau mál einmitt að koma til umfjöllunar í stjórninni um það leyti sem ég tók þar sæti. Þessar skýrslur lýstu ástandinu í þróunarlöndunum og breytingum þess á undanförunum áratug. Þær röktu hvernig áherslur í þróunarmálum hefðu sveiflast fram og aftur og leituðust við að finna samnefnara sem gæti orðið leiðarvísir að árangursríkri stefnu á næsta áratug. Niðurstaða þessarar stefnumörkunar birtist í hinni árlegu þróunarskýrslu bankans fyrir árið 1990, þar sem baráttan við fátæktina var meginefni í *World Development Report 1990. Poverty*. Sú stefna sem þessi skýrsla mælti með fól í sér áherslu á tvö meginatriði, annars vegar á hagvöxt, og þá einkum hagvöxt er fæli í sér aukna atvinnu, og hins vegar á menntun og heilbrigðisþjónustu sem næði til alls almennings. Þriðja atriðið, sem minni áhersla var lögð á, var svo aukið öryggi þeirra sem yrðu fyrir sérstökum áföllum. Þessi stefna fól í sér samræmingu þeirra sjónarmiða sem bankinn hafði lagt mesta áherslu á fyrstu tvo áratugi starfsemi sinnar og þeirra sjónarmiða er höfðu orðið mikils ráðandi í lok sjöunda áratugarins og staðið til loka þess áttunda. Stefnan réttlætti þá miklu áherslu sem bankinn hafði á níunda áratugnum lagt á endurbætur í stjórn efnahagsmála sem forsendu hagvaxtar, það er að segja leiðréttingu gengis, jafnvægi í opinberum fjármálum, afnám viðskiptahafta og minnkun ríkisrekstrar, en þá áherslu hafði bankinn leitast við að styðja með hinum svokölluðu umbótalánum. Almennri stefnu til viðreisnar efnahagsmála þyrfti hins vegar að fylgja eftir með því að tryggja fátækum þegnum þjóðfélagsins aukna menntun og betri heilbrigðisþjónustu ásamt meira öryggi gegn áföllum. Sú áhersla myndi svo að sínu leyti með tíð og tíma stuðla að enn frekari hagvexti. Um þessa stefnu, sem mótuð var í tíð Conables og fylgt eftir undir stjórn eftirmanns hans, Lewis Preston, fram til 1995, náðist breið samstaða meðal aðildarríkja bankans, bæði iðnríkja og þróunarlanda, og voru Norðurlönd þar síður en svo undan skilin. Auk þess var samstaða um að gefa umhverfismálum og stöðu kvenna í þróunarlöndum fullan gaum, en það var ekki síst áhugamál Norðurlanda.

∞ ∞ ∞

Samræming sjónarmiða á breiðum grundvelli, ásamt fjölda þeirra atriða sem taka átti tillit til, hlaut að gera miklar kröfur til skipulags bankans og starfshátta. Sá vandi minnkaði ekki við það að Bandaríkjastjórn vildi um þetta sama leyti beina sérstakri athygli að eflingu einkaframtafs í þróunarlöndum, *Private Sector Development*. Vöxtur og viðgangur einkageirans hafði að sjálfsögðu frá öndverðu verið áhugamál bankans, sem hann fylgdi eftir með áherslu sinni á heilbrigða hagstjórn og stuðning við opinberar framkvæmdir sem þróun einkageirans þurfti á að halda, ekki síst í samgöngu- og orkumálum. Þegar árangur í einkarekstri reyndist standa á sér, hafði bankinn þegar á miðjum sjötta áratugnum hlutast til um að koma á fót Alþjóðalánastofnuninni, *International Finance Corporation, IFC*, sem gat veitt einkafyrirtækjum beina aðstoð með lánum eða hlutafjáreign. Nú vildi Bandaríkjastjórn bæta um betur með því að gera eflingu einkarekstrar að meginatriði í stefnu bankans sjálfs

og miða skipulag hans og starfshætti í ríkara mæli en áður við þetta markmið. Fyrsta skýrslan innan bankans um þetta efni kom einmitt fram í lok árs 1988, skömmu eftir að ég tók sæti í stjórninni, en sú skýrsla hafði verið unnin af nefnd sem J. Burke Knapp, áður varaforseti bankans og yfirmaður Vesturálfudeildar hans á mínu starfsskeiði, hafði veitt forustu.

Um tillögur Bandaríkjastjórnar í þessum málum náðist ekki sú samstaða sem tekist hafði um fátæktarmálin. Iðnríki Vestur-Evrópu, þeirra á meðal Norðurlöndin, litu svo á að enda þótt efling einkageirans væri góðra gjalda verð, og ætti að njóta stuðnings bankans, mætti hún ekki ryðja öðrum markmiðum úr vegi. Jafnvægi og samræming ætti að vera leiðarljósið, og ekki væri rétt að raska skipulagi bankans í mikilvægum atriðum. Bandaríkin nutu hins vegar stuðnings Kanada, en þróunarlöndin, ásamt Japan, vildu ógjarnan taka afstöðu í málinu. Svo stóð á um þetta leyti að IFC þurfti á auknum framlögum að halda frá aðildarríkjum sínum vegna ört vaxandi starfsemi sinnar á undan. Tengdu Bandaríkin nú þessa aukningu framlaga við tillögur sínar um eflingu einkageirans og vildu ekki fallast á aukninguna nema þær tillögur næðu fram að ganga. Var þessi afstaða raunar ærið mótsagnakennd, þar sem IFC starfaði beinlínis að framgangi einkarekstrar, en henni var eigi að síður haldið til streitu.

Viðureignin um þetta mál reyndist helsta viðfangsefni stjórnar bankans fyrstu mánuði ársins 1991. Við fulltrúar Evrópuríkjanna áttum náði samráð okkar á milli og ræddum einnig við Barber Conable, sem við töldum hafa svipuð sjónarmið og við höfðum. Þar sem Bretar færðust undan að taka beina forustu í umræðu innan stjórnarinnar, varð það úr að ég skyldi á þeim fundi þar sem málið kom til úrslita tala næst á eftir fulltrúa Bandaríkjanna, Patrick Coady, og lýsa þeirri afstöðu sem Norðurlöndin og önnur Evrópuríki vildu taka. Í lok fundarins lýsti Coady því svo yfir að þar sem sjónarmið Bandaríkjanna nytu ekki nægilegs skilnings innan stjórnarinnar myndu þau ekki taka þátt í fjármagnsaukningu IFC. Var málið nú komið í erfiðan hnút. Greip Conable þá í taumana og á grundvelli góðra tengsla sinna í bandaríska stjórnkerfinu og lipurðar í samningum tókst honum að ná samkomulagi við bandaríska fjármálaráðuneytið um fyrirkomulag eflingar einkaframtaks á vegum bankans sem við fulltrúar Evrópuríkjanna töldum fullnægja skilyrðum okkar um jafnvægi í áherslum og gátum vel sætt okkur við. Kom þetta fyrirkomulag, ásamt aukningu fjármagns IFC, til framkvæmda á næstu árum. Meðal Norðurlandanna var ánægja með þessa niðurstöðu og vottuðu heimalöndin skrifstofunni í Washington sérstakar þakkir fyrir frammistöðu sína. Afskipti mín af þessu máli, og sú þekking sem ég hafði aflað mér við meðferð þess, varð svo til þess að norska utanríkisráðuneytið fól mér að skrifa sérstaka skýrslu um eflingu einkaframtaks eftir að ég lét af störfum í stjórn bankans.<sup>5</sup> Þessi skýrsla hlaut góðar viðtökur í Alþjóðabankanum, ekki síst af hálfu aðalhafgæðings bankans, Lawrence Summers, síðar fjármálaráðherra Bandaríkjanna í tíð Clintons forseta, og ýmissa stjórnarmanna, þeirra á meðal fulltrúa Bandaríkjanna og Kanada, þeirra Patrick Coady og Frank Potter.

∞ ∞ ∞

Innan stjórnar Alþjóðabankans störfuðu nokkrar nefndir sem sumar hverjar skiptu miklu máli. Sú mikilvægasta þeirra bar hið skammstafaða heiti JAC (Joint Administration Committee). Undir hana heyrði bókhaldsleg endurskoðun bankans og sömuleiðis, sem skipti enn meira máli, mat á árangri þeirra einstöku verkefna sem bankinn hafði verið

---

<sup>5</sup> Sjá Jónas H. Haralz (1992).

viðriðinn. Sérstök deild hafði verið stofnuð til að annast þetta mat. Gekk hún undir nafninu *Operations Evaluation Department, OED*, og heyrði beint undir sjálfa stjórn bankans, *Board*, en ekki undir framkvæmdastjórnina, *Management*. Þá fylgdist önnur nefnd, sem kallaðist *CODAM*, með rekstri á skrifstofum aðildarríkjanna og gætti þess að haldið væri hófi og reglu í þeim rekstri. Í þeirri nefnd hafði forveri minn gegnt formennsku, og bauðst mér að taka þar sæti við komu mína til bankans. Við Veikko Kantola komumst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Norðurlönd ættu að stefna að aðild að mikilvægustu nefndinni, *JAC*, og skynsamlegt væri að láta þátttöku í öðrum fastanefndum eiga sig í bili. Reyndist þetta rétt metið því að innan árs bauðst mér sæti í *JAC*, þar sem ég átti fljótlega þátt í veigamikilli breytingu á endurskoðunarmálum bankans.

Önnur nefnd sem forveri minn hafði átt sæti í fjallaði um fyrirkomulag fjárhagsáætlana bankans, *Budget Procedures Committee*. Hún var ekki fastanefnd, og fjallaði ekki um fjárhagsáætlanirnar sjálfar, sem voru á vegum framkvæmdastjórnar. Þessi nefnd hafði hins vegar komið til sögunnar í því skyni að halda opnum viðræðum um stjórn fjármála bankans eftir þann árekstur sem orðið hafði um miðbik níunda áratugarins og áður hefur verið greint frá. Var þessi nefnd frá upphafi undir forustu kanadíska fulltrúans Frank Potter og átti að leita nýrra leiða við undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana bankans. Reyndist þátttaka mín í nefndinni heillaspor að því leyti að ég fékk innsýn í allflókinn en mikilvægan málaflokk, en þó enn frekar vegna þess að ég stofnaði til ágættra kynna við Frank Potter sem á þessum tíma var reyndasti fulltrúinn í stjórn bankans og gegndi þar enn störfum þegar ég hvarf á braut. Beinn árangur af störfum nefndarinnar var hins vegar ekki mikill vegna þess að forseti bankans, Conable, reyndist ekki fús til að deila undirbúningi fjárhagsáætlana með stjórninni. Það hafðist þó fram að sérstakir, óformlegir fundir skyldu haldnir daglangt einu sinni eða tvisvar á ári, svokölluð *colloquium*, með þátttöku aðalfulltrúa í stjórninni og forseta bankans ásamt allra nánustu ráðgjöfum hans. Tveir slíkir fundir voru haldnir á meðan ég gegndi störfum, eins og nánar verður vikið að síðar. Þá tók ég við formennsku þeirrar nefndar sem fjallaði um starfsmannamál síðasta ár mitt í bankanum. Var það áhugavert verkefni og lærdómsríkt, enda þótt mér tækist ekki að komast að nákvæmri niðurstöðu um fjölda starfslíðsins sem, ásamt ráðunautum í nánast föstu starfi, lék á bilinu 11 til 13 þúsund manns.

Mikilvægasta nefndarstarf mitt í stjórn bankans var þó ekki í þeim nefndum sem nú hefur verið getið heldur í nefnd sem sett var á laggirnar til þess að gera tillögu um bætt vinnubrögð stjórnarinnar sjálfar, en sú nefnd bar heitið *Board Procedures Committee, BPC*. Það gat ekki farið fram hjá neinum sem sat fundi stjórnar Alþjóðabankans að vinnubrögðum stjórnarinnar var stórlega ábótavant. Fundir stóðu flesta daga frá klukkan tíu að morgni fram að matmálstíma klukkan eitt, og héldu suma daga áfram síðari hluta dags. Á þessum fundum sátu aðalfulltrúarnir eða varamenn þeirra, 22 að tölu, við stjórnarborðið, en fleiri eða færri aðstoðarmenn úr skrifstofum þeirra að baki. Forseti bankans sat við annan borðsendann og stýrði fundum, en með honum sátu fundina ritari stjórnarinnar, aðalögfræðingur bankans, helstu samstarfsmenn forsetans og sömuleiðis fulltrúar þeirra landadeilda eða sérdeilda sem umræðurnar beinlínis snertu. Meginefni fundanna var tvenns konar, annars vegar afgreiðsla einstakra lána, en hins vegar umræður um stefnumarkandi skýrslur varðandi tiltekin málefni eða einstök lönd. Hér var miklu til tjaldað, en umræðurnar voru ekki að sama skapi hnitmiðaðar og gagnlegar. Mikill tími fór í fyrirspurnir eða athugasemdir um einstök atriði, oft smávægileg, sem auðvelt hefði verið að upplýsa með beinum samskiptum utan fundar. Allar lánveitingar voru teknar til umræðu,

enda þótt ekkert sérstakt væri við margar þeirra að athuga. Aftur á móti reyndust umræður um stefnu bankans í einstökum málaflokkum eða gagnvart einstökum löndum oft á tíðum ekki eins vel undirbúnar og skipulegar og æskilegt hefði verið.

Að sjálfsögðu var engin ánægja með þessi vinnubrögð og tilraunir höfðu verið gerðar til endurbóta, meðal annars fyrir tilstuðlan sérstakrar nefndar sem starfað hafði fyrir nokkrum árum og kennd hafði verið við þáverandi breska aðalfulltrúann Lancaster. Einn morguninn þraut mér þolinmæðin. Var þá komið nokkuð fram yfir hádegi og ekkert gekk eða rak fyrir athugasemdum og fyrirsprunum sem að mestu snerust um smámuni. Kvaddi ég mér þá hljóðs, og þegar að mér kom leit ég á klukku sem blasti við á einum veggjanna og sagði að hér hefðum við nú setið hátt í þrjá klukkutíma við fyrirsprunir og umræður sem að miklu leyti ættu ekki heima á stjórnarfundum og væri mál til þess komið að leita endurbóta á slíkum starfsháttum. Nokkuð hljóð varð í salnum að þessum orðum sögðum, en forsetinn, Conable, sendi mér bréfmíða yfir borðið þar sem stóð: "Thank you, Sir".

Helsta ástæða þess hversu illa hafði gengið að fá vinnubrögðum stjórnarinnar breytt var sú tortryggni sem fulltrúar þróunarlandanna báru til fulltrúa iðnríkanna. Þeim fannst að iðnríkin væru í samráði við starfslid bankans sí og æ að segja þróunarlöndunum fyrir verkum án þess að vilja taka til hendinni um leiðréttingu á viðskiptahömlum og öðrum órétti gagnvart þessum sömu löndum. Fulltrúar þeirra í stjórn bankans töldu sig þurfa að standa á verði gegn slíkri viðleitni og vildu ekki láta úr höndum sér nákvæma athugun á lánveitingum bankans og á stefnu hans, jafnvel í smávægilegum atriðum. Um þetta leyti héldu fulltrúar iðnríkanna óformlega samráðsfundi sín á milli undir forustu kanadíska fulltrúans Franks Potters sem fyrr er getið. Voru það einir 11 fulltrúar sem sóttu þessa fundi, og var ég í þeim hópi, raunar í hálfgerðri óþökk heimalanda minna sem vildu forðast að á Norðurlönd væri litið sömu augum og á iðnríkin yfirleitt. Innan þessa umræðuhóps kom nú fram sú hugmynd að reyna að fá þróunarlöndin til samstarfs um endurskoðun á vinnubrögðum stjórnarinnar undir forustu Norðurlanda. Fólst í þessu viðurkenning stóru iðnríkanna á því að Norðurlönd nytu trausts þróunarlandanna í öðrum og ríkari mæli en þau sjálf. Eftir viðræður við fulltrúa þróunarlandanna varð það úr að stjórnin skipaði sérstaka nefnd, svo kallaða *ad hoc* nefnd, til athugunar á vinnubrögðum sínum. Í nefndinni skyldu eiga sæti tveir talsmenn þróunarlandanna, Moises Naim, fulltrúi Venesúela og ýmissa annarra ríkja Rómönsku Ameríku, og Jean-Pierre Le Bauder frá Mið-Afríku Lýðveldinu sem var fulltrúi frönskumælandi Afríkuþjóða. Af hálfu iðnríkanna sátu fulltrúar Breta og Þjóðverja í nefndinni, en ég veitti henni forstöðu.

Síðasta hálf árið sem ég átti sæti í stjórn bankans var það formennskan í þessari nefnd sem ég sinni af mestri kostgæfni. Um það bil sem ég hvarf úr stjórninni lá fyrir uppkast að nefndarálitum sem gengið var endanlega frá um það bil einu ári síðar undir forustu Moises Naim sem tekið hafði við formennsku af mér.<sup>6</sup> Tillögur nefndarinnar, sem í öllum meginatriðum voru hinar sömu og legið höfðu fyrir þegar ég lét af störfum, voru samþykktar af stjórn bankans og komu þegar til framkvæmda. Umræður um einstakar lánveitingar áttu nú að falla niður nema sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Á hinn bóginn skyldu umræður um stöðu einstakra landa fara fram með hæfilegu millibili, og í þeim umræðum og við undirbúning þeirra skyldi taka sérstakt tillit til áhrifa alþjóðlegra markaðsaðstæðna og viðskiptahamla á efnahag landanna. Stefna bankans í þeim

<sup>6</sup> Eftir að hann lét af störfum í stjórn bankans, tengdist Moises Naim Friðarstofnun Carnegies í Washington, og gerðist jafnframt ritstjóri nýs tímarits um alþjóðamál, sem nefndist Foreign Policy.

málaflokkum sem snertu starfsemi hans skyldi koma til reglubundinnar umræðu á grundvelli skýrslna sem lagðar væru fyrir stjórnina. Í framhaldi af störfum þessarar nefndar kom svo til sögunnar önnur nefnd undir forustu Norðurlandafulltrúans, sem þá var Jorunn Maehlum. Sú nefnd gerði tillögur um breytingar á skipan fastanefnda og afgreiðslu fjárhagsáætlana. Varð upp úr því til raunveruleg fjárhagsnefnd sem fjallaði um efnisatriði fjárhagsáætlana. Enn fremur var JAC-nefndinni skipt í tvennt svo að önnur gæti einbeitt sér að fjárhagslegri endurskoðun bankans en hin að mati á árangri verkefna hans. Að því leyti sem ég gat fylgst með þróun mála á þessum árum, virtist mér að góður árangur hefði hlotist af störfum þeirrar nefndar sem ég hafði upphaflega veitt forustu og vinnubrögð stjórnarinnar hefðu í verulegum mæli farið batnandi. Hins vegar er að sjálfsgöðu ætíð hætt við því að áhrif slíkra endurbóta fjari út smátt og smátt og aftur sæki í fyrra horf.

∞ ∞ ∞

Það var venja að aðalfulltrúar í stjórn bankans færu að minnsta kosti einu sinni á starfsferli sínum í ferð til einhverra þeirra landa sem bankinn þjónaði. Fór ég í slíka ferð tæpu ári eftir að ég tók sæti í stjórninni, eða um vorið 1989. Var sú ferð farin til Asíuríkjanna Indónesíu og Taílands. Þessi lönd voru þá bæði á miklu framfaraskiði, hagvöxtur mikill og fátækt fór öðum minnkandi. Í Taílandi var lýðræði undir konungsstjórn, en í Indónesíu hafði einræðisstjórn Suhartos forseta lengi setið að völdum. Spilling var vaxandi þar í landi og virtist augljóst að pólitísk umskipti gætu ekki verið langt undan. Komu þau til sögunnar nokkrum árum síðar þegar efnahagskreppa reið yfir lönd Suðaustur-Asíu. Varð Taíland einnig fyrir áfalli af þeim sökum. Við hittum Suharto sjálfan, sem lét sér annt um góð samskipti við Alþjóðabankann, og ræddum við hann. Forustumaðurinn í hópnum, sem orð hafði fyrir okkur, var Mario Draghi, aðalfulltrúi Ítalíu, síðar seðlabankastjóri þar í landi.

Tæpu ári eftir þetta, eða snemma árs 1990, tók ég þátt í annarri ferð, í þetta sinn til Afríkuríkjanna Lesótó, Malavíu og Úganda. Hafði ég forustu fyrir sendinefndinni í þeirri ferð og leiddi viðræður við stjórnendur landanna, konunginn í Lesótó og forsetana í hinum löndunum tveimur. Lesótó er allmikið fjalllendi í Suður-Afríku sem rís eins og eyja upp af sléttunni, en áin Orange, sem er mikið vatnsfall, á þar upptök sín. Miklar framkvæmdir sem Alþjóðabankinn studdi stóðu yfir um þessar mundir til virkjunar árinna, jafnframt því sem vatn var leitt til Jóhannesarborgar til nýtingar sem drykkjarvatn. Í Malavíu, þar sem bankinn hafði allmikil umsvif, ekki síst til að efla landbúnað í þessu þéttbýla og fátæka landi, fór sjálfstæðishetjan Hastings Banda, þá kominn yfir níraett, enn með stjórnartaumana, eða svo átti að minnsta kosti að heita. Hann ræddi við okkur um gamla tíma, ekki síst styrjaldir og landflutninga Zulu-manna á nítjándu öld, en vissi fátt um málefni líðandi stundar og afleitt efnahagsástand landsins. Í Úganda, sem að náttúru og veðursæld hefur verið líkt við aldingarðinn Eden, var flest enn í niðurníðslu eftir óstjórn og hermdarverk Idi Amin. Þjóðvegir voru nánast ófarir og aðeins einn rafall virkur í hinu mikla orkuveri við Nílarfossa. Sykurekrur höfðu verið þjóðnýttar og eigendur þeirra af indverskum ættum reknir úr landi. Endurreisn undir forustu forsetans Museweni var þó hafin og lofaði góðu. Við hann áttum við ágætari samræður, en stjórn hans var á þessum tíma í miklu álitu. Urðu góðar framfarir í landinu á tíunda áratugnum og standa enn, enda þótt eiginlegt lýðræði hafi ekki komist á.

Með þessari heimsókn til Afríku átti ferðum mínum á vegum Alþjóðabankans að vera lokið. Það atvikaðist hins vegar svo að tveimur mánuðum áður en ég hætti störfum forfallaðist bandaríski aðalfulltrúinn, Patrick Coady, sem átti að fara fyrir sendinefnd til Nígeríu. Fóru



Þá fulltrúar Afríkúríkja þess á leit að ég tæki sæti hans og varð það úr. Með mér í ferðinni voru fulltrúar Bretlands, Hollands og Filippseyja, auk fulltrúa Afríkúríkja. Ferðuðumst við nokkuð um þetta víðáttumikla og fjölmenna land og ræddum við ráðamenn. Um þessar mundir gerðu menn sér vonir um að lýðræði væri að leysa herforingjastjórnir af hólmi og stjórnarfar og efnahagur færu batnandi. Þær vonir brugðust þó hrapplega áður en langt um leið.

∞ ∞ ∞

Það var mér umhugsunarefni þegar ég tók sæti í stjórn Alþjóðabankans hvernig væri best að haga framkomu minni á stjórnarfundum. Fulltrúarnir, 22 að tölu á þessum tíma sem fyrr segir, sátu í kringum langt sporöskjulagað borð þar sem þeim var ráðað eftir stafrófi nafna sinna. Forseti bankans sat við annan enda borðsins ásamt ritara stjórnarinnar og aðallögfræðingi bankans, auk annarra helstu embættismanna, eftir ástæðum. Umræður voru allfrjálslegar, en snerust iðulega um minniháttar atriði, eins og áður er nefnt. Ég komst fljótt að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að taka þátt í umræðum nema eftir því væri tekið og skýrum skilaboðum komið á framfæri. Þess vegna ætti að taka sjaldan til máls og hafa töluna stutta. Ekki væri heldur ráðlegt að flytja orðrétt, eða svo til orðrétt, þau fyrirmæli sem komu frá heimalöndunum, en þau voru oft á tíðum niðurstaða nokkuð ólíkra sjónarmiða og hvorki skýr né vel orðuð. Yfirleitt bárust slík fyrirmæli í lok vinnudags og áttu að flytjast næsta morgun. Ég lagði það því í vana minn að vakna mjög snemma morguns og leggja vinnu í að færa fyrirmælin í skýrari búning með mínum eigin orðum. Í þessu efni var þó vandratað þar sem fylgja þurfti fyrirmælunum efnislega þótt búningurinn væri annar og persónulegur. Ég taldi mig fljótlega finna að á mig væri hlustað af athygli á fundunum og tillit tekið til þeirra sjónarmiða er ég hafði fram að færa. Er ég var kvaddur af heimalöndunum að loknu starfi, kom einnig í ljós að þar höfðu menn haft skilning á viðleitni minni. Einn helsti forvígismaður Norðmanna í þróunarmálum, Torild Skard, þakkaði mér þá sérstaklega fyrir það sambland af sjálfstæði og hollustu sem ég hefði auðsýnt í starfinu.

Eins og fyrr segir lagði ég það í vana minn að flytja aldrei langt mál. Ritari stjórnarinnar, Lesótó-maðurinn Timothy Thahane, sagði mér þegar ég kvaddi hann að ég hefði aldrei talað lengur en fimm mínútur í einu. Undantekning frá þessu varð þó á síðasta fundinum sem ég sat, en þá hélt ég alllanga kveðjuræðu. Svo vildi til að á þessum fundi höfðu málefni Perú verið til umræðu. Ég lagði því út af því að í fyrsta sinn sem ég hefði setið fund í stjórninni, tæpum fjórutíu árum áður, hefði erindi mitt á fundinn einmitt verið að kynna málefni þess lands. Þá hefðu menn gert sér vonir um miklar framfarir ásamt minnkun fátæktar, sem því miður hefðu ekki ræst nema að litlu leyti. Nú væri enn hugsað til mikilla umbreytinga í landinu og eindregnar vonir bundnar við góðan árangur. Svo gæti virst af reynslunni að þær vonir stæðu ekki á traustum grunni. Ég taldi þó að þróunin frá einræði til lýðræðis sem orðið hefðu í landinu gæfi tilefni til nokkurrar bjartsýni. Því miður reyndist þetta þó ekki á rökum reist, að minnsta kosti ekki í bili, þar sem hinn nýkjörni forseti, Fujimori, vék frá réttum lýðræðisreglum þegar frá leið.

∞ ∞ ∞

Hér að framan var á það minnst að sú nefnd sem fjallaði um fyrirkomulag fjárhagsáætlana bankans hefði komið því til leiðar að sérstakir umræðufundir skyldu haldnir með forseta bankans og aðalfulltrúum í stjórninni til að ræða megin stefnumál bankans. Forsenda þeirrar ákvörðunar var meðal annars sú ríkjandi skoðun meðal fulltrúanna að forseti bankans og

helstu embættismenn hans héldu stjórninni vísvitandi utan við umfjöllun sína um meginstefnu bankans, *strategy*. Ég býst við að þetta séu nokkuð almenn viðhorf hjá stjórnarmönnum fyrirtækja og stofnana, að minnsta kosti kannast ég við slíkt frá því að ég átti sæti í bankaráði Landsbankans forðum daga. Einn af helstu embættismönnum Alþjóðabankans, Þjóðverji að nafni Wilfrid Thalwitch, lýsti þessum viðhorfum eitt sinn fyrir mér sem ímyndun einni. Sagði hann eitthvað á þá leið að stjórnarmenn héldu að til væri einhvers konar svartur kassi þar sem forsetinn og menn hans geymdu þann leiðarvísi sem þeir stýrðu eftir. Að þessum kassa vildu stjórnarmenn komast, en það væri bara enginn svartur kassi til. Ég held að heilmikið sé til í þessu, vel afmörkuð og yfirveguð stefna sé hreint og beint ekki fyrir hendi í fyrirtækjum og stofnunum. En hvernig svo sem því kann að vera háttáð var það vissulega eftirsóknarvert að stjórnarmenn Alþjóðabankans gætu öðru hverju rætt í einrúmi við forsetann og nánustu samverkamenn hans um helstu málefni bankans. Þetta var tilgangur þeirra funda sem samkomulag varð um að halda öðru hverju og nefndir voru *colloquium* og voru haldnir tvisvar sinnum í minni tíð, haustið 1990 og vorið 1991. Stóðu þessir fundir daglangt og fóru fram í góðu næði utan hinnar eiginlegu Washingtonborgar. Það sem mér er minnisstæðast frá þessum fundum eru umræður um tvennt, annars vegar hinn umfangsmikla verkahring bankans, en hins vegar sveiflurnar í sjónarmiðum hans og áhugamálum.

Eins og áður hefur verið lýst hélt bankinn sig í upphafi við tiltölulega þröngan verkahring. Hann lét sig samræmda stjórn efnahagsmála miklu skipta og veitti lán til vel undirbúinna og arðbærra opinberra framkvæmda, fyrst og fremst í samgöngu- og orkumálum. Þessi atriði voru talin skipta mestu fyrir hagvöxt og þar með fyrir almenna velmegun. Einbeiting að þeim greinum sem bankinn þekkti best til væri einnig vænlegust til árangurs, enda gætu löndin sjálf þá betur gefið sig að öðrum málaflokkum sem þau vildu leggja áherslu á, svo sem heilbrigðis- og menntamálum. Á þessu varð breyting á sjöunda áratugnum þegar IDA kom til sögunnar og George Woods tók við embætti forseta. Bankinn tók þá að efla þekkingu sína á heilbrigðis- og menntamálum og gerast að nokkru virkur í þeim greinum. Þá hafði Woods mikinn áhuga fyrir aðstoð við iðnvæðingu, fyrst og fremst með stuðningi við framkvæmdabanka og eflingu systurstofnunar bankans, IFC. Á dögum McNamara varð það viðhorf svo ráðandi að ekkert væri bankanum óviðkomandi sem snerti afkomu og vellíðan fátæks fólks, og enda þótt áherslur færðust frá einu sviði til annars voru afskipti hvergi felld niður þar sem þau eitt sinn höfðu hafist. Á níunda áratugnum beinist athyglin að nýju að stjórn efnahagsmála og umbótalánin verða fyrirferðamikil. Sáttaleið Conables byggist þar næst á því að fjölda verkefna sé sinnt, þar á meðal nýjungum, svo sem umhverfismálum og stöðu kvenna.

Í umræðum um verkahringinn á fundunum tveimur var lögð fram sú spurning hvort bankinn ætti beinlínis að vísa frá sér tilteknum verkefnum sem aðrar stofnanir eða einkaaðilar gætu þá tekið að sér. Var til dæmis rætt um hvort húsnæðismál í fátækrahverfum stórborga og þróun útlánastarfsemi fyrir fátækt fólk ættu að vera í þeim hópi. Meðal fulltrúanna á fundinum virtist einhugur um að viðfangsefnum bæri að fækka, en hins vegar var enginn vilji til að velja einstök verkefni í því skyni. Conable spurði hvort rétt væri að leggja áherslu á að öllum eða flestum viðfangsefnum bankans væri sinnt í hverju landi um sig. Man ég eftir því að þýski fulltrúinn taldi, ásamt mér, að áhersluatriðin hlytu að verða mismunandi eftir aðstæðum og væri það hlutverk þeirra starfsmanna bankans sem ábyrgð bæru á samskiptum við löndin, *country directors*, að gera um þetta tillögur. Að því er sveiflurnar í viðhorfum bankans snerti lagði ég áherslu á stöðugleika í þeim efnum sem

mestu máli skiptu. Vitnaði ég í því sambandi til ummæla biskupsins yfir Íslandi, séra Sigurbjörns Einarssonar, sem hefði látið þau orð falla þegar allmargir klerkar tóku að aðhyllast svokallaða frelsunarguðfræði á áttunda áratugnum, að ef kirkjan giftist tíðarandanum myndi hún fljótlega verða ekkja. Ég tók fram að ég vildi hvorki líkja bankanum við kirkjuna né sjónarmiðum hans við kristilegan rétttrúnað. Engu að síður gætu þessi ummæli verið bankanum holl viðvörðun.

Á síðustu mánuðunum sem ég gegndi störfum í stjórn bankans var ég nátengdur öllum helstu verkefnum sem þar voru á döfinni. Um þetta leyti kom Conable í heimsókn til Norðurlanda og sat sameiginlegan fund landanna í Kaupmannahöfn. Að loknum þeim fundi fylgdi forustumaður Dana, Ole Lönsman Poulsen, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, honum til viðtals við danska forsætisráðherrann, Schlüter, og tók mig með í þá heimsókn. Lýsti Conable því í þessu viðtali meðal annars hversu áhrifamikil Norðurlönd væru í stjórn bankans. Man ég að Lönsman Poulsen, sem hafði nokkru fyrr verið varafulltrúi í stjórninni og áður en langt um leið varð sendiherra Dana í London, lét að viðtalinu loknu orð um það falla hversu sterka stöðu Norðurlönd gætu búið sér í bankanum svo framarlega sem þau sinntu málefnum hans vel og vönduðu val fulltrúa sinna. Að mínum dómi hefði það getað styrkt stöðu Norðurlanda enn meir ef starfstími aðalfulltrúa hefði verið ári lengri en hann var, það er fjögur ár í stað þriggja. Því var þó ekki að heilsa vegna samkomulags um skiptingu á milli landanna, en á grundvelli þriggja ára tímabils varð fulltrúinn einmitt að láta af störfum skömmu eftir að hann hafði náð styrkri stöðu innan stjórnarinnar.

∞ ∞ ∞

Í lok júlí árið 1991 lauk ég störfum sem fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans. Ég hafði þó ekki að fullu sagt skilið við bankann, því næstu fimm árin fékkst ég að mestu við störf sem honum tengdust og var búsettur í Washington allan þann tíma. Fyrsta verkefnið var að semja á vegum norska utanríkisráðuneytisins þá skýrslu um eflingu einkageirans sem fyrr er greint frá. Tók það verk um það bil eitt ár og var hið ánægjulegasta. Heimsótti ég Ósló nokkrum sinnum á þessu ári og sótti fundi með starfsmönnum ráðuneytisins. Að því loknu, haustið 1992, gerðist ég gistifélagi, *Visiting Fellow*, hjá bandarískri stofnun í Washington sem fjallaði um þróunarmál og nefndist *Overseas Development Council*. Starfaði ég þar með Richard Richardson, fyrrum aðalhafgræðingi Alþjóðalánastofnunarinnar, IFC, að samningi rits um Alþjóðabankann og svæðisbundna þróunarbanka sem kom út á vegum stofnunarinnar undir nafninu *Moving to the Market, The World Bank in transition*. Var sú samvinna ekki þrautalaus, þar sem sjónarmið okkar Richardsons reyndust ganga nokkuð á misvíxl. Á hinn bóginn hafði ég þau tvö ár sem ég var við stofnunina riðinn ágæta aðstöðu til að fylgjast með því sem gerðist í Alþjóðabankanum og í þróunarmálum yfirleitt. Kynnti ég mér meðal annars starfsemi svæðisbundinna þróunarbanka, *Inter-American Development Bank, Asian Development Bank, African Development Bank*, sem ég heimsótti í Abidjan á Fílabeinsströndinni, og *European Bank for Reconstruction and Development (EBRD)*, sem ég dvaldist hjá í London um vikutíma. Einnig kynnti ég mér starfsemi þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, *UNDP*, og heimsótti þá stofnun í New York. Þá tóku allmargir málsmetandi menn, sem fróðlegt var að hitta, þátt í málstofum *Overseas Development Council* á þessum árum, eða voru gestir þar um hríð. Meðal þeirra má nefna Manmohan Singh, þáverandi fjármálaráðherra og nú forsætisráðherra Indlands, Balcerowitz, síðar fjármálaráðherra og aðalhöfund viðreisnar efnahags Póllands, og ungan japanskan

hagfræðiprófessor, sem ég man ekki lengur hvað hét, sem dró upp fyrir mér allt aðra mynd af efnahagsþróun heimalands síns en þá sem almennt tíðkaðist. Þá sat Joseph Stieglitz, síðar aðalhogfræðingur Alþjóðabankans um skeið og Nóbelsverðlaunahafi, í stjórn stofnunarinnar og kom þangað nokkrum sinnum í heimsókn. Á þessum árum var hið svokallaða *efnahagsundur* Austur-Asíu mjög til umræðu og umhugsunar, þar á meðal á vegum Alþjóðabankans sem sendi frá sér ítarlega skýrslu um það mál.

Á meðan ég enn sat í stjórn Alþjóðabankans kom það til umræðu að rituð skyldi fimmtíu ára saga bankans, er koma skyldi út árið 1995, það ár þegar fimmtíu ár voru liðin frá því að bankinn hóf starfsemi sína. Einn helsti hvatamaður þessa verks var gamall vinur minn, William Diamond, sem starfað hafði í bankanum nær því frá byrjun og allt til eftirlaunaaldurs. Hafði hann verið helsti kunnáttumaður Alþjóðabankans um tilkomu og þróun framkvæmdabanka og verið í forsvari fyrir eflingu þeirra, bæði í bankanum og í IFC. Upphaflega sagnfræðingur að menntun, hafði hann mikinn áhuga á sögu stofnunarinnar og trú á því að af henni mætti draga gagnlega lærdóma. Málið kom til afskipta stjórnar bankans meðan ég átti þar sæti og veitti bankinn tiltekna upphæð til verksins, sem þó að mestu leyti var kostað með framlögum frá sjóðum, stofnunum og fyrirtækjum víða um heim, ekki síst frá Bandaríkjunum og Japan. Framlög komu einnig frá Norðurlöndum, þar á meðal frá Landsvirkjun og Hitaveitu Reykjavíkur, sem á sínum tíma höfðu notið góðs af lánnum bankans. Umsjá með verkinu var falin hinni kunnu stofnun *Brookings Institution* í Washington. Sem aðalhöfundar verksins völdust þeir John P. Lewis, prófessor við háskólann í Princeton, og Richard Webb, sem sömuleiðis hafði kennt við Princeton, en einnig hafði starfað við Alþjóðabankann og um skeið verið seðlabankastjóri í Perú. Þriðji maðurinn í hópnun var Devesh Kapur, indverskur hagfræðingur sem um þetta leyti stundaði doktorsnám í Princeton. Hófu þeir störf árið 1989, en verkið sóttist seint af ýmsum ástæðum. Var þá sett nefnd fjögurra manna til að aðstoða við lok verksins, og tók ég sæti í þeirri nefnd ásamt William Diamond og tveimur mönnum öðrum. Varð það þá meðal annars að ráði að ég tæki að mér að skrifa sögu Alþjóðalánastofnunarinnar, IFC, sem aðalhöfundar sögunnar höfðu enn ekki færst í fang. Starfaði ég við þetta í tvö ár, frá 1994 til 1996, en sagan öll kom út í tveimur stórum bindum árið 1997, einum tveimur árum síðar en upphaflega hafði verið ætlað. Reyndist mér þetta áhugavert og skemmtilegt verkefni, þrátt fyrir það að þrýst væri á um að ljúka því sem fyrst.

Meðan á þessari sagnaritun stóð urðu mikil tíðindi í Alþjóðabankanum. Eftirmaður Barber Conables, bankamaður frá Wall Street að nafni Lewis Preston, sem Conable hafði átt hlut í að velja og fetað hafði í fótspor fyrirrennara síns, lést skyndilega snemma árs 1995, tæpum fjórum árum eftir að hann hafði tekið við störfum. Við embættinu tók þá á miðju ári 1995, samkvæmt útnefningu Clintons forseta, annar fjármálamaður frá Wall Street, James Wolfensohn, Ástralíumaður að uppruna, sem menntast hafði og starfað í Bandaríkjunum, og nú var amerískur þegn. Hafði hann orð á sér sem hugsjóna- og mælskumaður sem að ýmsu leyti svipaði til Roberts McNamara. Fögnuðu flestir velunnarar bankans, þar á meðal Norðurlöndin, kjöri hans og vonuðu að það myndi geta hjálpað til að snúa almenningsláti bankanum í vil, en bankinn átti þá við óvenju mikla gagnrýni að etja.

Öfgamenn á vinstra væng stjórnmalanna höfðu löngum haft ímugust á Alþjóðabankanum og litið á hann sem fulltrúa auðvalds og heimsvaldastefnu. En annarrar og málefnalegri gagnrýni hafði einnig gætt af hálfu þeirra sem töldu bankann leggja of einhliða áherslu á fjárhagslegan stöðugleika og þann hagnöxt sem af honum sprýtti, en sinna ekki sem skyldi

beinum aðgerðum gegn fátæktinni. Eins og fyrr segir hafði McNamara á stjórnarárum sínum gengið langt til móts við þessi sjónarmið, án þess að sá árangur næðist sem vonir höfðu staðið til. Á krepputímanum upp úr 1980 varð svo stuðningur við fjárhagslega endurreisn og frjáls viðskipti aðalverkefni bankans, í náninni samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eins og áður hefur verið lýst. Næsta skref að því búnu var sú jafnvægisstefna sem Conable beitir sér fyrir, þar sem reynt var að taka hæfilegt tillit til beggja sjónarmiða. Sú leið var vandrötuð og miklu skipti að á henni væri góður skilningur, ekki aðeins meðal eigenda bankans heldur einnig meðal almennings. Þetta tókst miður en skyldi. Bankinn var í vaxandi mæli á árunum eftir 1990 ásakaður um að fórna tilliti til velferðar fyrir fjárhagslegan stöðugleika og taka ekki nægilegt tillit til umhverfissjónarmiða í stuðningi sínum við stórframkvæmdir í orku- og samgöngumálum.

Það hefði átt að vera helsta hlutverk nýs forseta sem tók við stjórn um miðjan tíunda áratuginn að leitast við að auka skilning á því við hvaða aðstæður bankinn starfaði og hvað það var sem fyrir honum vektí. En James Wolfensohn tók allt aðra stefnu. Hann tók undir með þeim sem mest gagnrýndu bankann, ýtti flestum helstu embættismönnum hans til hliðar og valdi sér aðra utan frá. Hann virti jákvæða reynslu bankans lítills, en tók að nýju til við ýmislegt sem áður hafði verið reynt og litlum árangri skilað. Það var eins og allt ætti að gerast að nýju. Einn morguninn vorið 1996, um það leyti sem verið var að leggja síðustu hönd á söguritun bankans, rakst ég á Richard Webb rétt fyrir utan aðalbygginguna, þaðan sem hann var að koma. Hann var sá í hópi söguritara sem fjallað hafði um baráttu McNamara gegn fátæktinni. Honum var bersýnilega brugðið þegar hann lýsti álitinu sínu á stefnu Wolfensohns: „Þetta er allt saman McNamara að nýju, aðeins verra“.

Þetta ár, 1996, fluttist ég til Íslands, en dvaldi þó drjúgan tíma í Washington á hverju ári, auk þess sem ég sinnti þróunarmálum á vegum utanríkisráðuneytisins hér heima og Norræna þróunarsjóðsins í Helsinki. Gerði ég mér eftir mætti far um að fylgjast með því sem gerðist í Alþjóðabankanum með heimsóknum til Norðurlandaskrifstofunnar, sem nú var orðin Norræn-Baltnesk skrifstofa, viðtölum við gamla vini og samstarfsmenn og lestur helstu skýrslna sem frá bankanum komu. Brá mér oft í brún hversu lítills reynsla fyrri áratuga var virt, hvernig gamalreynd hugtök hurfu af velli og í þeirra stað komu önnur sem erfitt var að átta sig á hvað í sér fælu. Út yfir tók þó þegar Joseph Stiglitz, síðar Nóbelsverðlaunahafi, sem um skeið gegndi störfum aðalhafgræðings bankans, notaði sér þá aðstöðu til ómaklegra árása á systurstofnun bankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og einn helsta embættismann hans Stanley Fischer, sem verið hafði aðalhafgræðingur Alþjóðabankans á þeim tíma sem ég átti sæti í stjórninni.

Þegar fram liðu stundir tók mér þó að virðast að umbylting Wolfensohns stæði ekki eins djúpum rötum og ytri ummerki gáfu til kynna. Einn reyndasti og traustasti starfsmaður bankans, Svíinn Sven Sandström, sat enn í lykilstöðu, og góður liðsauki kom til þegar breski hafgræðingurinn Nicholas Stern, þrautreyndur í þróunarmálum, tók við starfi aðalhafgræðings. Þegar kom fram á síðara kjörtímabil Wolfensohns, frá og með árinu 2000, fóru fyrri hugtök og hugmyndir æ meir að skjóta upp kollinum á nýjan leik í skýrslum bankans. Hann tók aftur að líkjast þeirri stofnun sem ég þekkti frá dögum Conables, og jafnvel frá fyrstu kynnum mínum fimmtíu árum fyrr. Varð mér þá hugsað til síðustu ára

McNamara í bankanum, í kringum árið 1980, þegar svipað fráhvarf frá róttækri stefnu hafði orðið og snúið hafði verið að nýju inn á fyrri brautir.<sup>7</sup>

## 11. Ýmis störf að þróunarmálum

Árið 1996, að lokinni viðureign við sagnaritun Alþjóðabankans, fluttist ég aftur til Íslands eftir átta ára útivist. Tengslum mínum við þróunarmál var þó ekki að fullu lokið þar sem ég starfaði allmikið að þeim málum næstu árin, annars vegar fyrir Norræna þróunarsjóðinn í Helsinki, en hins vegar fyrir íslenska utanríkisráðuneytið.

Samskipti mín við Norræna þróunarsjóðinn höfðu hafist þegar á þeim tíma sem ég sat í stjórn Alþjóðabankans og sjóðurinn var nýlega tekinn til starfa. Hafði hann þá leitað áhlits míns um suma þætti starfsemi sinnar. Nokkru síðar samdi ég stutta greinargerð um fjármögnun marghliða þróunaraðstoðar sem birtist í ársskýrslu sjóðsins árið 1994. Þá var þess farið á leit árið 1995 að ég tæki sæti í matsnefnd sem það ár gaf álit sitt á starfsemi sjóðsins, en það gat ég ekki gert vegna söguritunar Alþjóðabankans. Á hinn bóginn tók ég sæti í nefnd sem gerði úttekt á lánum sjóðsins til einkafyrirtækja árið 1997. Fór ég á vegum þeirrar nefndar í stutta heimsókn til Afríkuríkisins Simbabve. Í kjölfar þessa starfs varð það svo úr að ég semdi yfirlit um tíu ára feril sjóðsins frá 1989 til 1998. Næstu ár þar á eftir fylgdist ég allmikið með störfum sjóðsins og samdi árið 2003 yfirlit um þau störf, árin 1999 til 2003.<sup>8</sup>

Hugmyndir um stofnun Norræna þróunarsjóðsins kviknuðu upphaflega í framhaldi af starfsemi Norræna fjárfestingarbankans, *NIB*. Stjórnendur þess banka töldu innan tíðar mikilvægt að starfsemi bankans næði til þróunarlanda, en til þess að svo mætti verða þyrfti hann samhliða venjulegum lánnum að geta boðið fram vaxtalaus lán til mjög langs tíma, líkt og Alþjóðabankinn gat gert með aðstoð dótturstofnunar sinnar, *IDA*, og sömuleiðis Evrópski fjárfestingarbankinn, *EIB*. Um þetta stóðu umræður á milli Norðurlandanna í tíu ár, frá 1979 til 1988. Voru þær umræður erfiðar og langdregnar vegna ágreinings um það hvort leggja skyldi höfuðáherslu á stuðning við útflutning Norðurlanda til þróunarlanda ellegar á þróunaraðstöðina sem slíka. Um þetta voru skiptar skoðanir innan hvers og eins Norðurlandanna og einnig á milli landanna sjálfra. Voru það einkum Danir sem vildu leggja áherslu á þróunaraðstöðina sjálfa frekar en á útflutningshagsmuni landanna. Voru þeir af þeim sökum mótfallnir nánú sambandi við Norræna fjárfestingarbankann. Niðurstaðan varð bræðingur á milli sjónarmiðanna beggja, en í reynd þróaðist sjóðurinn þegar snemma á ferli sínum í átt til höfuðáherslu á þróunarsjónarmiðið. Sambandið við *NIB* varð lítið annað en hagnýting tæknilegrar þjónustu í tilteknum greinum, og áherslan á norræna hagsmuni var takmörkuð við almennt útboð vöru og þjónustu innan Norðurlanda. Á þessum grundvelli beindi sjóðurinn athygli sinni fyrst og fremst að fátækustu þróunarlöndunum í náninni samvinnu við alþjóðlegar þróunarstofnanir, og þá einkum Alþjóðabankann og svæðisbanka í Asíu og Rómönsku Ameríku, *Asian Development Bank* og *Inter-American Development Bank*. Á árunum 1999 til 2003 námu útlán sjóðsins á ári hverju rúmum 70 milljónum evra, til um það bil tíu verkefna, en það var svipað umfang og verið hafði árin á undan, allt frá 1993.

Sá ágreiningur um stefnu sjóðsins sem staðið hafði frá upphafi varð sjóðnum að fjórtjóni árið 2005 þegar ekki tókst samkomulag á milli Norðurlanda um þá aukningu eigin fjár sjóðsins

<sup>7</sup> Góða lýsingu á James Wolfensohn og forsetatið hans er að finna í bók Sebastian Mallaby (2004).

<sup>8</sup> Sjá Nordic Development Fund (1999) og Nordic Development Fund (2004).

er á þurfti að halda um það bil fimmta hvert ár. Lögðu Danir sem fyrr áherslu á þróunaraðstoðina og töldu að tengslin við vörur eða þjónustu af norrænum uppruna ættu með öllu að hverfa úr sögunni þar sem alþjóðlegt samkomulag hefði orðið um að fella niður slíka tengingu. Væri þá ekki lengur grundvöllur fyrir starfsemi sameiginlegs norræns sjóðs þar sem þróunarstofnanir landanna sjálfra gætu að fullu annast verkefnin. Varð niðurstaðan sú að nýjum lánveitingum sjóðsins skyldi hætt en hann fást enn um sinn við framkvæmd þeirra lánveitinga sem áður voru til komnar. Með þessari ákvörðun fór forgörðum sú reynsla sem sjóðurinn hafði aflað sér af þróunarstarfsemi og þau tengsl sem hann hafði náð við einstök þróunarlönd og alþjóðlegar stofnanir. Að því er Ísland snerti var þetta einkum bagalegt með tilliti til þeirrar nánú samvinnu sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafði átt við sjóðinn á árum áður, og hefði getað komið til sögunnar á nýjan leik með aukinni þróunaraðstoð landsins.

Skömmu eftir heimkomu mína árið 1996 fór Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra þess á leit að ég semdi álitserð um þróunarsamvinnu Íslands. Sú samvinna hafði hafist í litlum mæli upp úr 1970 og Ísland þá fallist á það alþjóðlega markmið að þróunaraðstoð skyldi innan tíðar ná 0,7% af þjóðarframleiðslu. Í upphafi fór þróunaraðstoðin fram í samvinnu við Dani, en árið 1980 var tekið til við sjálfstætt verkefni á Grænhófdæeyjum og lög sett um Þróunarsamvinnustofnun Íslands árið 1981. Varð eftir þetta nokkur aukning á framlögum til þróunaraðstoðar, og náðu þau 0,1% af landsframleiðslu upp úr 1990, en þar af voru tveir þriðju hlutar marghliða aðstoð sem gekk til ýmissa alþjóðlegra stofnana, ekki síst Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, en einn þriðji hluti fór til tvíhliða aðstoðar á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ÞSSÍ. Frekari aukning varð svo ekki á tíunda áratugnum. Voru framlögin því langt undir því alþjóðlega markmiði sem sett hafði verið. Var þetta einkum áberandi í samanburði við önnur Norðurlönd, þar sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð höfðu farið fram úr settu marki og nálgast 1% framlag.

Þær spurningar sem álitserðin átti að reifa voru hversu ört væri rétt að auka aðstoðina og hvernig ætti að koma þeirri aukningu til leiðar, auk þess sem meta skyldi þá reynslu er fengist hafði af starfsemi ÞSSÍ.<sup>9</sup> Í álitserðinni var vakin athygli á því hversu óskipulega hefði verið að þróunaraðstoðinni staðið. Málafni Alþjóðabankans og stofnana hans hefðu verið á vegum viðskiptaráðuneytisins allt fram til ársins 1996 er þau voru flutt til utanríkisráðuneytisins, og samskipti við aðrar alþjóðlegar þróunarstofnanir í reynd verið á vegum einstakra fagráðuneyta. ÞSSÍ hefði frá upphafi heyrt undir utanríkisráðherra, sem skipaði formann stjórnar, en í raun haft mjög sjálfstæða stöðu undir þingkjörinni stjórn. Utanríkisráðuneytið sjálft hefði ekki átt að skipa neinni sérþekkingu á þróunarmálum né ætlað neinum starfsmanna sinna að fjalla um þau mál sérstaklega. Lagði skýrslan á það áherslu að utanríkisráðuneytið þyrfti að taka á sig ábyrgð á öllum marghliða þróunarmálum, sem snertu margvíslegar alþjóðastofnanir, og jafnframt hafa umsjá með þeirri tvíhliða þróunarsamvinnu sem fram færi á vegum ÞSSÍ. Til þess að geta sinnt þessum verkefnum og veitt ráðherra stuðning, er hann kæmi fram fyrir hönd Íslands eða Norðurlandanna allra, þyrfti ráðuneytið á sérhæfðu starfslíði að halda. Lægi þá beinast við að nota sér þá aðstöðu er landið ætti hjá Norðurlandaskrifstofu Alþjóðabankans til þess að þjálfa slíkt starfslíð. Samræmingu við tvíhliða þróunaraðstoð mætti aftur á móti tryggja með því að áheyrnarfulltrúi frá þeirri deild ráðuneytisins sem um þróunarmál fjallaði sæti stjórnarfundum ÞSSÍ, án þess að lagabreyting þyrfti að koma til. Fór ráðuneytið eftir þessum

<sup>9</sup> Sjá Jónas H. Haralz (1997).

áþendingum að því er þjálfunina snerti, en ekki varð úr áheyrnarþátttöku í stjórn ÞSSÍ að sinni.

Um aukningu framlaga til þróunarmála fór skýrslan varlega í sakirnar, ekki síst þar sem ljóst var að ÞSSÍ þyrfti verulegan tíma til undirbúnings nýrra verkefna. Var það mark sett að framlög til þróunaraðstoðar skyldu hækka úr 0,10% af landsframléiðslu í 0,15% árið 2003, og skyldi hækkinin öll ganga til ÞSSÍ, en marghliða þróunaraðstoð haldast hlutfallslega óbreytt. Í reynd gekk þessi hækkin eftir að því leyti að framlög til þróunarmála náðu 0,16% af landsframléiðslu árið 2003. Aukningin stafaði þó að verulegu leyti af tilkomu endurbyggingar í þróunarlöndum, hinni svokölluðu friðargæslu, en framlög til ÞSSÍ jukust minna en ætlað hafði verið vegna gengislækkunar íslensku krónunnar árið 2001.

Árið 2003 átti starf aðalfulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn Alþjóðabankans að falla Íslandi í skaut, tólf árum eftir að ég hafði látið af því starfi. Var það ljóst að fullur verklegur stuðningur þyrfti nú að koma til sögunnar af Íslands hálfu, ólíkt því sem verið hafði í minni tíð. Tók utanríkisráðuneytið að búa sig undir þetta verkefni árið 2002, en jafnframt var talið nauðsynlegt að líta að nýju á almenna stöðu þróunaraðstoðar landsins. Fól utanríkisráðherra okkur Hermanní Erni Ingólfssyni þetta verk, en Hermann hafði unnið að þróunarmálum á vegum ráðuneytisins frá 1997, lengst af sem ráðunautur á Norðurlandaskrifstofu Alþjóðabankans. Tókum við Hermann til starfa í maí árið 2002, en gengum endanlega frá verkinu í júlí 2003. Skyldi skýrslan gera grein fyrir framgangi þróunarsamvinnu á árunum 1997 til 2002, í ljósi fyrri álitssgerðar, og gera tillögu um umfang og áherslu marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu landsins til næstu fimm ára.<sup>10</sup> Skýrslan var mun ítarlegri en fyrri álitssgerð hafði verið, ekki síst að því er snerti marghliða þróunaraðstoð. Jafnframt fjallaði hún nánar um skipulag þróunaraðstoðar en áður hafði verið gert.

Á það var bent í skýrslunni að hér á landi hefðu hærri upphæðir gengið til marghliða aðstoðar sem tengd væru alþjóðlegum samþykktum en til tvíhliða aðstoðar á vegum ÞSSÍ. Ekki væri sennilegt að á þessu gæti orðið mikil breyting á næstu árum þar sem Ísland hefði í þessu efni alþjóðlegum samningsbundnum skyldum að gegna, þar á meðal borgaralegri friðargæslu. Jafnframt væri ástæða til að leggja sérstaka áherslu á þátttöku í nokkrum þessara stofnana og leita virkrar aðildar að stjórn þeirra og starfi ásamt tengslum til að greiða fyrir tvíhliða aðstoð Íslands. Var af þessum sökum gert ráð fyrir að marghliða aðstoð ykist um nær því helming á milli árunum 2003 og 2006, eða úr 0,10% af landsframléiðslu í 0,19%. Að því er tvíhliða aðstoðina snerti var einnig gert ráð fyrir nálægt tvöföldun eða frá 0,06% í 0,11% af landsframléiðslu. Samanlagt hefði því aðstoðin aukist úr 0,16% í 0,30% af landsframléiðslu á milli árunum 2003 og 2006, sem hefði fært framlag Íslands nálægt meðaltali Vestur-Evrópu. Samfara þessari aukningu, sem væri mikið átak, þyrfti að taka skipulag þróunaraðstoðar til athugunar í ljósi þeirra breytinga sem orðið hefðu í þeim efnum í öðrum löndum, en þær hefðu falið í sér meiri og beinni þátttöku utanríkisráðuneytanna en áður hefði verið. Var það lagt til í skýrslunni að sú eining innan alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins sem á þessum tíma var að myndast til stuðnings við fulltrúa Íslands og annarra Norðurlanda ásamt Eystrasaltsríkjum í stjórn Alþjóðabankans tæki að sér umsjá allrar marghliða þróunaraðstoðar og stuðlaði að samræmingu hennar og tvíhliða aðstoðar með því að eiga áheyrnarfulltrúa í stjórn ÞSSÍ. Jafnframt skyldi tekið til athugunar

<sup>10</sup> Sjá Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz (2003).



með hvaða hætti umdæmisskrifstofur ÞSSÍ gætu fengið viðurkenningu sem sendiskrifstofur Íslands og hvernig sendiráð Íslands í Mósambík skyldi nýtast í þágu þróunarsamvinnu. Komu þessar tillögur fljótt til framkvæmda, og var til þess tekið af hálfu annarra Norðurlanda með hve miklum myndarskap var staðið að samræmingu norrænna sjónarmiða í tíð íslenska aðalfulltrúans í Alþjóðabankanum. Árið 2004 samþykkti svo ríkisstjórnin að framlög Íslands til þróunaraðstoðar skyldu ná 0,35% af landsframleiðslu árið 2009. Síðan þetta var hefur skipulag þróunarsamvinnu verið til frekari ítarlegrar athugunar í utanríkisráðuneytinu án þess að endanleg niðurstaða liggi fyrir þegar þetta er ritað.

## 12. Eftirmáli um Alþjóðabankann

Ég hefi í þessum skrifum lýst þeirri varfærni sem einkenndi Alþjóðabankann á fyrstu áratugum hans og mér fannst jaðra við þröngsýni og íhaldssemi um það leyti sem ég lét af störfum árið 1957. Eigi að síður voru sjónarmið bankans á þessum tíma í grundvallaratriðum heilbrigð og árangur af starfi hans umtalsverður. Áhersla var annars vegar lögð á góða stjórn efnahagsmála, en hins vegar á uppbyggingu grunnþátta efnahagslífsins, einkum að því er varðaði samgöngur og raforku. Bankinn veitti lántökulöndum sínum holla ráðgjöf um stjórn efnahagsmála og undirbúning framkvæmda og beindi til þeirra fjármagni sem þau gátu ekki náð til á eigin spýtur. Starfsemi bankans hér á landi er glögg dæmi um það hvernig að þessu var staðið og hver árangur náðist á þessum tíma.

Íslensk stjórnvöld leituðu fyrst til Alþjóðabankans árið 1950 þegar lok Marshall-aðstoðarinnar voru fram undan en fjármagnsmarkaðir stóðu landinu ekki opnir. Bankinn brást vel við, gerði athugun á aðstæðum hér á landi, lagði fram drög að framkvæmdaáætlun og veitti ráðgjöf um stofnun framkvæmdabanka. Þá stóð hann að lánveitingum til virkjunar Sogs og Laxár sem komu til viðbótar lánsfé frá Marshall-aðstoðinni. Sömuleiðis veitti hann lán til áburðarverksmiðju og til eflingar landbúnaði. Hins vegar tókst bankanum ekki á næstu árum að sannfæra íslensk stjórnvöld um nauðsyn hófsemi í framkvæmdum, auk þess sem eignaraðild ríkisins að sementsverksmiðjunni varð að ásteytingarsteini. Þetta varð til þess að samskipti landsins við bankann féllu niður um nokkurra ára skeið og íslensk stjórnvöld leituðu áframhaldandi lána frá ríkisstjórn Bandaríkjanna eftir að Marshall-aðstoðinni lauk, og raunar einnig lána austan tjalds. Það var ekki fyrr en viðreisnin hafði náð fram að ganga, einbeitt stjórn efnahagsmála komist á og skipuleg áætlunargerð um framkvæmdir hafist að lánveitingar frá bankanum komu til sögunnar á nýjan leik. Næstu tíu árin eða svo, frá 1962 fram yfir 1970, veitti bankinn lán til allra helstu þátta opinberra framkvæmda í landinu, rafvirkjana, hitaveitna, vegagerðar og hafnarbóta. Um leið gaf hann góð ráð um verklegan undirbúning framkvæmda, samninga við verktaka og verðlagningu þjónustu að framkvæmdum loknum. Á þessum sama tíma er landið smátt og smátt að ná fótfestu á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og öðlast þekkingu og reynslu á undirbúningi og skipulagningu hvers konar framkvæmda. Að lokum er svo komið að milligöngu Alþjóðabankans er ekki lengur þörf.<sup>11</sup>

Svipaða sögu og gerðist hér á landi má rekja í ýmsum löndum Evrópu og Asíu, þar sem bankinn var áður virkur en hefur síðar dregið úr starfsemi sinni eða hætt henni að fullu.

---

<sup>11</sup> Um samskipti Íslands og Alþjóðabankans er ítarlega fjallað í bókinni *Frá kreppu til viðreisnar* (Jónas H. Haralz, 2002).

Sum þessara landa, svo sem Suður-Kórea, hafa þó viljað halda sem lengst í samskipti við bankann vegna þess tæknilega stuðnings sem þau telja að hann veiti sér. Í Indlandi og Kína hefur bankinn átt farsælan feril, en í báðum þessum löndum hafa efnahagsframfarir orðið miklar á undanförunum áratugum, eins og kunnugt er, og fátækt farið minnkandi. Þessi lönd hafa nú náð aðgangi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og eru því ekki lengur háð lánveitingum frá bankanum, en vilja þó enn nýta sér þá tækniástoð sem þau lán veita. Hins vegar njóta þessi lönd enn ódýrra langtímalána frá Alþjóðaframfarastofnuninni, IDA, vegna þess mikla fjölda fátæks fólks sem þar er að finna. Í Indónesíu hafði náðst góður efnahagslegur árangur, þar á meðal veruleg minnkun fátæktar, um það leyti sem ég var þar í heimsókn árið 1989, en síðar meir hefur landið átt við mikla erfiðleika að etja sem tengjast Asíukreppunni í lok tíunda áratugarins og umskiptunum til lýðræðisstjórnar. Í Rómönsku Ameríku, þar sem ég áður fyrr þekkti best til, hefur gengið á ýmsu, ekki síst vegna mikilla umbrota í stjórnarferli, en í helstu löndum álfunnar virðist lýðræði nú orðið standa traustari fótum en áður var að heilsa. Efnahagsþróun hefur um nokkurt skeið verið hagstæð í þeim löndum sem mestu skipta, svo sem í Mexíkó, Brasilíu, Chile, Perú og Kólumbíu. Það er jafnframt athyglisvert að sú þróun hefur orðið á grundvelli þeirra frjálssu viðskipta og stöðugleika í efnahagsmálum sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa löngum lagt mesta áherslu á, jafnframt því sem nýjar leiðir hafa verið farnar til þess að glíma við fátæktina með beinum hætti, einkum í Mexíkó og Brasilíu. Það er hins vegar í Afríku sem við rammastan reip hefur verið að draga, en einnig þar hefur nokkur árangur náðst og horfur farið batnandi, einkum þar sem stjórnarfar hefur færst til betri vegar. Gana, landið sem ég heimsótti á dögum Nkruma, hefur gengið í gegnum mikil umskipti og miklar þrautir, en er nú samt sem áður á framfarabraut, en að því hefur Alþjóðabankinn að sínu leyti stuðlað með samningum um erlendar skuldir, lánveitingum og margs konar ráðgjöf.

Þegar allt kemur til alls virðist mér ekki unnt að komast að annarri niðurstöðu en að drjúgur árangur hafi orðið af starfi Alþjóðabankans og að hann hafi enn mikilsverðu hlutverki að gegna. Það hlutverk mun verða því betur af hendi leyst sem eigendum bankans tekst að forðast snögg umskipti og fylgja fram þeirri stefnu jafnvægis á milli sjónarmiða sem best hefur gefist á löngum ferli bankans. Hvernig horfir í þeim efnum á ég þó erfitt með að meta þar sem ég hefi nú fjarlægst bankann og á þar ekki lengur þá vini og kunningja sem ég áður átti. Þegar James Wolfensohn lét af störfum árið 2005 varð bankinn fyrir áfalli þegar Bandaríkjaforseti skipaði Paul Wolfovitz, fyrrum aðstoðarvarnarmálaráðherra, í hans stað. Þessi ákvörðun var ekki vel séð, hvorki af aðildarríkjum bankans né af starfslíði hans, en sætti þó ekki andmælum. Fór Wolfovitz hægt í sakirnar fyrst í stað og virtist ætla að vanda til verka. Frá upphafi dró hann þó með sér inn í bankann nokkra fyrri samstarfsmenn sína, sem gerðust brátt umsvifameiri en stjórn bankans og starfslíði líkaði. Áður en langt um leið tók Wolfovitz svo að setja baráttu gegn spillingu í opinberum rekstri lántökulandanna á oddinn í starfsemi bankans.

Þetta var ekki nýtt viðfangsefni. Í stofnskrá bankans frá Bretton Woods fundinum 1944 hafði það verið tekið fram að bankinn mætti ekki hafa afskipti af stjórn mállum lántökulandanna. Þetta var ekki auðvelt í framkvæmd, þar sem bankinn átti jafnframt að gera kröfu um heilbrigða stjórn efnahagsmála í sambandi við lánveitingar sínar. Fór þá leiðin að styttest til pólitískrar íhlutunar eins og til dæmis kom fram í afskiptum bankans af skipulagi raforkumála í Mexíkó og af eignarhaldi á sementsverksmiðju hér á landi. Að því er spillingu í opinberum rekstri snerti, forðaðist bankinn lengi vel beina íhlutun, enda þótt spilling á háu stigi hlyti að torvela starfsemi bankans í þeim löndum þar sem hennar gætti. Á þeim árum

sem ég átti sæti í stjórn bankans, 1988 til 1991, var þetta mál beinlínis tekið til umræðu í stjórninni að frumkvæði þýska aðalfulltrúans Gerhard Böhmer. Var spurningin sú að hvaða leyti bankinn gæti í tengslum við lánveitingar gert kröfu um heilbrigða stjórnarhætti, *good governance*, sem miðuðu að upprætingu spillingar. Kom þá í ljós að aðallögfræðingur bankans, Egyptinn I.F. Shihata, var með greinargerð um þetta efni í smíðum sem skömmu síðar var lögð fyrir stjórnina. Var niðurstaða þeirrar greinargerðar sú að bankinn gæti við lánveitingar sett skilyrði um aðgerðir gegn spillingu væri hún á því stigi að skaðleg áhrif á efnahag landsins hlytust af. Næstu ár á eftir voru aðgerðir gegn spillingu á málefnskrá bankans, einkum í tíð James Wolfensohn. Nú vildi nýi forsetinn, Paul Wolfowitz, gera þetta að meginmáli og gekk fram í því efni af meira kappi en forsjá. Vakti þetta illan bifur bæði meðal aðildarríkjanna og starfsmanna bankans. Þegar svo varð uppvíst að hann hefði ósæmilega dregið taum fylgikonu sinnar sem starfað hafði í bankanum, neyddist hann til að láta af störfum. Við embættinu tók á miðju ári 2007 fyrrum aðalfulltrúi Bandaríkjanna í alþjóðlegum viðskiptasamningum, Zoellich að nafni. Var skipan hans almennt fagnað af aðildarríkjum bankans, enda maðurinn í miklu álitu vegna fyrri starfa sinna. Þannig var málum háttað þegar þessum skrifum lauk snemma árs 2008.

**Heimildir**

Clark, E. H. (1951). *An Investment Program for Iceland*. Washington, DC: International Bank for Reconstruction and Development.

Combined Mexican Working Party (1953). *The Economic Development of Mexico: Report*. Baltimore: John Hopkins University Press.

Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz (2003). *Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.

Jónas H. Haralz (1992). *The Public Sector's Pursuit of Private Sector Development. A Study Carried Out on behalf of the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs*.

Jónas H. Haralz (1997). *Um þróunarsamvinnu Íslands*.

Jónas H. Haralz (Ritsstj.) (2002). *Frá kreppu til viðreisnar – Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930-1960*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kapur, D., Lewis, J. P. & Webb, R. (Eds.) (1997). *The World Bank. Its First Half Century* (Volume 2, Perspectives), p. 55. Washington, DC: Brookings Institution Press.

Mallaby, S. (2004). *The World's Banker: A Story of Failed States, Financial Crises, and the Wealth and Poverty of Nations*. New York: Penguin Press.

Nordic Development Fund (1999). *10 Years of History*. Helsinki.

Nordic Development Fund (2004). *5 Years of Action, 1999-2003*. Helsinki.